# FRÉTTABLAÐIÐ

199. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 27. ÁGÚST 2015




**Hús á ferð á hálendinu** Nýtt skálavarðarhús Ferðafélags Íslands var flutt yfir Mælifellssand á áfangastað sinn í Hvanngili í gær. Hér kallast það skemmtilega á við Mælifell og ber við Mýrdalsjökul. Mynd/Stefán Jökull Jakobsson




Ólína Helga Sverrisdóttir og Rakel Sölvadóttir, forritunarsnillingar.

## Byrjaði að kenna forritun ellefu ára

**FÓLK** „Mér finnst vanta fyrirmyndir fyrir stelpur í forritun, svo þær hafi sterkari sjálfsmynd og haldi þannig áfram í faginu,“ útskýrir Ólína Helga Sverrisdóttir, fimmtán ára gamall forritari, fyrirlesari og kennari í forritun, sem ryður brautina fyrir stelpur í forritun. Hún hefur meðal annars verið aðalfyrirlesari á tækniráðstefnum úti í heimi og tekið viðtöl við stórlaxa í tækniheimum sem hún birtir á bloggsíðunni sinni techolina.com, þar sem hún ræðir við stórlaxa í tækniheimum, svo sem Megan Smith sem hefur umsjón með tæknimálum Hvíta hússins í Bandaríkjunum. - ga / sjá síðu 50

# Vandi skólabarna er meiri en margur heldur

**Sjálfboðastarf og dulin vinna felur hversu margir foreldrar þurfa aðstoð við kaup á námsgögnum, mat, fötum og vegna tómstundastarfs. Hrói Höttur barnavinafélag veitti 90 peningastyrki í fyrra til barna í 16 af 182 grunnskólum landsins.**

**MENNTAMÁL** Fjöldi styrkja sem Hrói Höttur barnavinafélag (HHB) veitti til barna í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu árið 2014 bendir til að tilfallandi kostnaður fjölskyldna við grunnskólagöngu barna sinna sé mörgum erfiður – og vandinn sé útbreiddari en kemur fram í samfélagsumræðunni. Grunnskólarnir í landinu eru 182 talsins en á höfuðborgarsvæðinu eru þeir 43 alls.

HHB hefur samstarf við 16 skóla en veitti 90 styrki til barna þeirra skóla í fyrra – beiðnir um aðstoð til þessara skóla eru margfalt fleiri en fyrirtæki leysa oft úr þeim vanda án beinnar aðkomu félagsins.

HHB hefur verið starfrækt frá árinu 2011. Aðferðafræðin er í grófum dráttum sú að kennarar finni út, í kyrrþey, hvaða börn hafa t.d. ekki efni á mat í skólanum, helstu námsgögnum eða nauðsynlegum fatnaði. HHB reynir þá að hjálpa til í gegnum sína bakhjarla.

Sigríður Jónsdóttir, formaður HHB, segir að frá því að félagið var stofnað hafi styrkveitingum fjölgað jöfnum skrefum. Á síðasta starfsári hafi styrkirnir verið 90 talsins. Það segi hins vegar aðeins hálfa söguna.



Kostnaður við grunnskólagöngu er mörgum erfiður. Fréttablaðið/Vilhelm

„Við borgum helst skólamáltíðir og frístundaheimili, en við höfum sannarlega komið að því að greiða fyrir skólagögn. En við finnum fyrir því að skólar og kennarar eiga sjálfir sína bakhjarla og ná oft að leysa mál innan skóla án þess að sækjast eftir styrkjum. Við fengum strax mikinn meðbyr frá fyrirtækjum og fyrir hluti sem þessa höfum við oft ekki þurft að greiða. Samfélagið virðist mjög vakandi fyrir þessu,“ segir Sigríður.

Ísafjarðarbær með sína fjóra skóla er eina sveitarfélagið á landinu sem greiðir fyrir námsgögn sinna nemenda sem eru 410 talsins.

Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, skólastjóri Grunnskólans á Ísafirði, segir aðspurð að kaup á þessum námsgögnum séu einfaldlega ákvörðun bæjarstjórnar og annað árið sem þessi háttur er hafður á. „Rökstuðningurinn var að með þessu væri Ísafjarðarbær að forgangsraða og taka forystu í þjónustu við barnafjölskyldur í bæjarfélaginu og stuðla að jafnrétti til náms,“ segir Sveinfríður.

– shá / sjá síðu 12

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason fjallar um Þrælastríðið. 21

**SPORT** Ásdís mætti á sitt níunda stórmót á sjö árum. 30

**MENNING** Fegurð íslenskra jökla í nýrri heimildarmynd. 38

**LÍFIÐ** Blóðberg fer á kvikmyndahátíð í Chicago. 44

**PLÚS — 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK RÁÐSTEFNUR OG VEISLUÞJÓNUSTUR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






**Álverið á Grundartanga hefur áform um aukna framleiðslu með straumhækkun.** Fréttablaðið/GVA

# Þrengja að heimildum til losunar

**IÐNAÐUR** Tillaga Umhverfisstofnunar að nýju starfsleyfi álvers Norðuráls á Grundartanga þrengir losunarheimildir fyrirtækisins á flúor og gerir ráð fyrir auknum mælingum á mengun. Frestur til að skila athugasemdum við tillöguna er til 20. október. Álverið hefur áform um að auka framleiðslu sína með straumhækkun.

Fram kemur á vef Umhverfisstofnunar að núverandi starfsleyfi gildi til ársins 2020 og feli í sér heimild til framleiðslu allt að 300.000 tonna áls á ári. Tillaga að nýju starfsleyfi gerir ráð fyrir framleiðslu á allt að 350.000 tonnum af áli, eftir straumhækkun, auk tengds rekstrar.

„Núverandi deiliskipulag er hins vegar talið í ósamræmi við þessi áform fyrirtækisins. Nýtt deiliskipulag er nú í auglýsingu til 3. september,“ segir á vef stofnunarinnar.

Forsenda fyrir útgáfu starfsleyfis sé að fyrir liggi aðalskipulag sem geri ráð fyrir eða útiloki að minnsta kosti ekki starfsemina. Sé starfsleyfi gefið út án þess að fyrir liggi deiliskipulag má ekki gefa það út til lengri tíma en fjögurra ára. Því er gert ráð fyrir að nýtt deiliskipulag hafi tekið gildi fyrir útgáfu starfsleyfis.

Nýja starfsleyfið felur í sér auknar mælingar á losun þungmálma og PAH-efna. „Þá er ekki gert ráð fyrir auknum heimildum fyrirtækisins fyrir heildarlosun á flúor og eru framleiðslutengd losunarmörk því þrengd þannig að heimild fyrir heildarlosun flúors er ekki aukin.”

Í tillögu Umhverfisstofnunar að nýju starfsleyfi segir að losun lífrænna efna skuli vera í samræmi við reglugerðir um takmörkun á útstreymi rokgjarnra lífrænna efna vegna notkunar. „Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal halda í lágmarki,” segir í tillögunni. Draga skal úr losun þungmálma þar sem þess er kostur og afla upplýsinga um hver sé lösun þungmálma frá álverinu.

Þá er rekstraraðila, Norðuráli, gert að setja sér umhverfismarkmið fyrir 1. desember 2015 og endurskoða þau á fjögurra ára fresti. **– óká /kóp**

## Dansað til að gleyma




**Danshátíð í Reykjavík var sett í gær við mikla innlifun viðstaddra. Dansinn mun duna næstu daga.** Fréttablaðið/Vilhelm

# Guðlaug býður sig fram

**STJÓRNMÁL** Guðlaug Kristjánsdóttir, forseti bæjarstjórnar í Hafnarfirði, hefur ákveðið að gefa kost á sér sem formaður Bjartrar framtíðar á ársfundi flokksins sem haldinn verður þann 5. september næstkomandi. Guðmundur Steingrímsson, núverandi formaður, hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér áfram.

„Já, ég hef tekið þá ákvörðun að bjóða mig áfram til þeirra verka. Verkefnin eru ærin og Björt framtíð á brýnt erindi til fólksins í landinu,“ segir Guðlaug.

Heiða Kristín Helgadóttir hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér sem formaður en hún mun taka sæti Bjartar Ólafsdóttur á þingi næsta vetur. Hún hefur skorað á Brynhildi Pétursdóttur, þingmann flokksins í Norðausturkjördæmi, að gefa kost á sér sem formaður.

Guðlaug segir tímana fram undan fulla af tækifærum. „Ég er bjartsýn að eðlisfari og við þurfum að þétta raðirnar og hamra á okkar málum. Við þurfum að búa svo um hnútana að hér verði til aðlaðandi samfélag fyrir ungt fólk og að við styðjum framtíðina okkar í verki,“ segir Guðlaug. **– sa**

# Höfða mál til að fá að sækja muni Caruso

**Rekstrarfélag Caruso hefur höfðað dómsmál til að fá að sækja muni inn í fyrra húsnæði staðarins. Eigendur Caruso voru læstir úti í desember síðastliðnum. Munirnir eru nú í notkun á nýjum veitingastað sem rekinn er í húsnæðinu.**

**DÓMSMÁL** Marella ehf., rekstrarfélag sem sá um rekstur veitingastaðarins Caruso, höfðar nú dómsmál til að fá að sækja eigur sem voru inni á veitingastaðnum Caruso við Þingholtsstræti 1 þegar leigusamningur rann út í desember síðastliðnum.

Þá var fasteignin yfirtekin af eiganda húsnæðisins, skipt var um lása svo eigendur Caruso komust ekki inn til að sækja þá muni sem þar voru.

Unnur Vilhjálmsdóttir, lögmaður Marella, segir eigurnar milljónavirði. Um sé að ræða m.a. tvo stóra ofna, skrautmuni og ýmsar innréttingar. Allir munirnir séu nú í notkun í húsnæðinu á veitingastaðnum Primo sem eigandi húsnæðisins rekur.

„Það er skýrt ákvæði í 8. grein leigusamningsins sem segir að við lok leigusamnings þá beri að skila húsinu í umsömdu ástandi og með öllu því lausafé sem nauðsynlegt sé til að reka þar veitingahús,“ segir Sveinn Jónatansson, lögmaður Hótels Valhallar ehf. sem á húsnæðið og er í eigu Jóns Ragnarssonar sem áður rak Hótel Valhöll og Hótel Örk.

Deilan snýst helst um hvort Marella, sem er í eigu Þrúðar Sjafnar Sigurðardóttur, hafi verið aðili leigusamnings sem José Garcia, einn eigenda Caruso, hafi gert við húseigendur. Unnur segir það skilning hennar umbjóðanda að Marella hafi ekki verið aðili að leigusamningnum.

„Það vill minn umbjóðandi ekki samþykkja og að hinn raunverulegi leigutaki sé þessi aðili enda hafi enginn annar aðili haft rekstur í húsinu frá því að leigusamningur var gerður og þessi aðili hafi alltaf greitt leiguna til húseiganda og fengið reikninga fyrir henni, skilað virðisaukaskatti og verið með starfsfólk í vinnu,“ segir Sveinn.



**Starfsmenn og eigendur Caruso fengu að sækja persónulega muni, vín og mat eftir að lögregla var kölluð til í desember síðastliðnum.** Fréttablaðið/Vilhelm

Unnur segir José ekki hafa fengið tækifæri til að skila fasteigninni með umsömdum lausafjármunum áður en skellt var í lás. „José og hans fólk komst ekki inn í eignina, ekki einu sinni til að sækja sína allra persónulegustu muni eins og fartölvur og annað,“ segir Unnur. Nokkrum dögum síðar hafi lögregla hleypt starfsfólki inn á staðinn og leyft því að sækja sínar persónulegu eigur en ekkert af þeim munum sem um er deilt.

> **Húseigandi og lögmenn, sem unnu fyrir hann þá, fullyrða að þeir hafi ekki ætlað út nema með illu.**
>
> Sveinn Jónatansson, lögmaður húseigenda

Sveinn segir að hans umbjóðandi hafi talið nauðsynlegt að læsa eigendur Caruso úti til að koma í veg fyrir að húsnæðið yrði skemmt. „Húseigandi og lögmenn, sem unnu fyrir hann þá, fullyrða að þeir hafi ekki ætlað út nema með illu. Það myndi taka 12 til 18 mánuði að koma þeim út og á meðan gætu þeir þvælt málinu í dómskerfinu og þegar þeir yrðu að fara út þá myndu þeir strauja húsið,“ segir Sveinn. Aðalmeðferð málsins fór fram í gær og dómur verður kveðinn upp þann 6. september. **ingvar@frettabladid.is**

HEILLANDI RÚTUHEIMUR!
KOMDU MEÐ Í FERÐ Á BUSWORLD Í BELGÍU
15. - 18. OKTÓBER 2015
Bókanir & upplýsingar á trex.is
Nú er um að gera að bóka sig strax á einn af helstu viðburðum ársins í rútugeiranum, Busworld sýninguna í Kortrijk í Belgíu. Við bjóðum ferð á hagstæðu verði 97.900 kr. á mann í tvíbýli. Fararstjóri er Sigurður Reynisson. Nánari upplýsingar og ferðatilhögun má finna á www.trex.is/utanlandsferðir
TREX Travel Experiences
busworld
Hesthálsi 10 - 110 Reykjavík - Sími: 587 6000 - info@trex.is

LAND ROVER DISCOVERY 4

# FARÐU ALLA LEIÐ

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND

Land Rover Discovery 4 hefur slegið í gegn um allan heim. Hann er ekki einungis einstaklega fallegur jeppi heldur er hann tæknilega fullkominn og hannaður fyrir ferðalagið og fjölskylduna. Farangursrými er eitt það allra mesta sem um getur eða 1192 lítrar auk þess sem hann er fáanlegur 7 sæta. Discovery 4 sameinar betur en nokkur annar jeppi fullkomið notagildi og hæfni til að takast á við erfiðar akstursaðstæður. Þannig er dráttargeta 3500 kg og vaðdýpt 70 cm. Discovery 4 er með öfluga 210 hestafla vél, mjög sparneytinn eða frá 8,8 l/100 km í blönduðum akstri og búinn loftpúðafjöðrun á öllum hjólum ásamt hinu rómaða Terrain Response drifbúnaðarkerfi. Verið velkomin í reynsluakstur.

www.landrover.is






ENNEMM / SÍA / NM69739

Land Rover Discovery 4 S kostar frá 11.740.000 kr. með 210 hestafla dísilvél sem togar 520 Nm og eyðir einungis 8,8 l/100 km í blönduðum akstri miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Myrti fyrrverandi starfsfélaga

**BANDARÍKIN** Vester Lee Flanagan, fyrrverandi fréttamaður á sjónvarpsstöðinni WDBJ, skaut sjálfan sig eftir að hafa myrt sjónvarpsfréttakonu og myndatökumann í beinni útsendingu í gærmorgun.

Fréttakonan Alison Parker og myndatökumaðurinn Adam Ward, sem voru með útsendingu frá Bridgewater-torgi í bænum Moneta í Virginíuríki, voru myrt í beinni sjónvarpsútsendingu klukkan 6.45 að staðartíma.

Þau voru að ræða við Vicki Gardner, formann viðskiptaráðs Smith Mountain Lake-svæðisins, þegar Flanagan hóf skothríðina. Gardner særðist og var flutt á sjúkrahús.

Flanagan komst undan og setti myndbandsupptöku af árásinni á netið. Nokkru síðar skaut hann sjálfan sig í bifreið sinni á flótta undan lögreglu og var fluttur lífshættulega særður á sjúkrahús þar sem hann lést af sárum sínum.

Fréttastofan ABC sagðist hafa fengið sent 23 blaðsíðna yfirlýsingu frá Flanagan, sem nefnir sig einnig Bryce Williams.

Flanagan hafði starfað í tæpt ár á fréttastöðinni þegar hann var rekinn í febrúar árið 2013. Hann kærði stöðina í maí árið 2014 og krafðist þess að fá greitt fé, sem hann taldi sig eiga inni, ásamt skaðabótum. Dómari vísaði málinu frá stuttu síðar.

Af skrifum árásarmannsins á Twitter-aðgangi sínum að dæma var Flanagan illa við þau Parker og Ward. Í gær barmaði hann sér yfir því á síðunni að Ward hefði kvartað undan sér til mannauðsdeildar WDBJ og því að Parker hefði látið ummæli falla um hann sem lituðust af kynþáttafordómum.

Twitter-aðganginum, sem og Facebook-síðu Flanagangs sem hann hlóð myndbandi sínu af árásinni inn á, var lokað einungis augnabliki síðar. **gb/þea**



**Alison Parker ræðir við viðmælanda sinn andartökum áður en hún var skotin til bana í beinni útsendingu í gær.** Mynd/Skjáskot

# Prestur tók ólögmæt aukagjöld fyrir upptöku á minningarorðum í jarðarför

**Þjóðkirkjuprestur á höfuðborgarsvæðinu innheimti 10 þúsund krónur fyrir að taka upp minningarorð í jarðarför og setja á vefinn. Slíkt athæfi er ekki í samræmi við gjaldskrá um aukaverk presta. Tilkynna ber slík tilfelli til Biskupsstofu sem lítur þau alvarlegum augum.**

**TRÚMÁL** Prestur á höfuðborgarsvæðinu tók upp minningarorð í jarðarför og sendi ættingjum hins látna reikning vegna upptökunnar og fyrir að setja hana á netið.

Ættingi þess látna sem vill ekki láta nafns síns getið segir að umræddur prestur hafi sent reikning upp á rúmlega tíu þúsund krónur fyrir upptökunni og um fimm þúsund krónur fyrir að semja minningarorð við jarðarför föður hans. Slíkt er ekki í samræmi við gjaldskrá aukaverka presta. Presturinn hafði ekki greint ættingjum hins látna frá því að hann myndi innheimta gjöld vegna upptökunnar og þegar hafði útfararstofa innheimt gjald samkvæmt gjaldskrá um aukaverk presta.

Atvikið átti sér stað fyrir um tveimur árum.

Ættinginn segir að samband hafi verið haft við Biskupsstofu til að kanna hvort slík innheimta þyki eðlileg innan Þjóðkirkjunnar. Svör Biskupsstofu voru á þann veg að athæfið hefði verið óleyfilegt.

Fréttablaðið greindi frá því síðastliðinn föstudag að þekkt eru dæmi þess efnis að prestar Þjóðkirkjunnar hafi framkvæmt athafnir í aukaverkum og ekki gefið út reikning eða kvittanir. Kristján Björnsson, formaður Prestafélags Íslands, segir að fylgja þurfi gjaldskrá presta um aukaverk en dæmi væru um það að prestar taki gjöld aukalega.

„Við höfum lagt áherslu á það við presta að gjaldskráin er ekki viðmiðunarskrá heldur er þar fast gjald og við eigum að taka það gjald og ekkert annað. Við gefum félagsmönnum upplýsingar um það hvað er leyfilegt að taka,“ segir hann.

Kristján getur ekki greint frá málefnum einstakra félagsmanna en hann veit til þess að einn prestur hafi verið kallaður til biskups vegna máls af þessum toga.

Samkvæmt upplýsingum frá Biskupsstofu eru slík tilfelli litin alvarlegum augum og þau ber að tilkynna.

Gjaldskrá um aukaverk presta er ákvörðuð af kjararáði og staðfest af innanríkisráðherra. Í samþykktri gjaldskrá frá 31. júlí 2014 kemur fram að gjald fyrir útför er 18.599 krónur en auk þess geta prestar farið fram á greiðslu vegna aksturs. Greiðsla vegna aksturs miðast við akstursgjöld ríkisstarfsmanna.

„Gjaldskráin er sett af innanríkisráðherra til að tryggja réttarvernd þegnanna,“ segir Kristján. „Eitt af því sem stendur þarna skýrum stöfum er að prestur þarf að gera fólki grein fyrir því fyrir athöfnina. Honum ber að gera fólki grein fyrir kostnaðinum og það má ekki koma með reikning eftir á.“

Finnist fólki greiðslurnar undarlegar eða að þær hafi ekki verið tilgreindar fyrirfram megi það neita að greiða.

Kristján segir erfitt að vita hversu mikil aukaverk prestar taki að sér til að drýgja tekjur. Sumir prestar taki að sér mörg aukaverk á meðan aðrir sinna færri verkum.

„Við höfum verið að kryfja þetta mjög mikið, þessar aukagreiðslur, en þær upplýsingar sem við höfum eru mjög rokkandi.“


**Deildar meiningar eru innan kirkjunnar um hvort rukka eigi fyrir aukaverk presta.** Fréttablaðið/Pjetur

> **Gjaldskráin er sett af innanríkisráðherra til að tryggja réttarvernd þegnanna.**
>
> Séra Kristján Björnsson, formaður Prestafélags Íslands



Hann segir að sumir prestar fylgi þó þeirri sannfæringu sinni að taka aldrei neitt fyrir aukaverkin til að mynda fyrir skírnir eða útfarir.

„Það hafa verið skiptar skoðanir um aukaverkin og deildar meiningar innan kirkjunnar um þau nánast öll þau ár sem ég hef verið í prestskap. Það hefur verið mest samstaða um það að losna við aukaverkagreiðslur vegna skírna eða ferminga. Og þá er litið svo á að sóknarprestur eigi bara að veita þá þjónustu,“ segir Kristján.

Aukaþjónustan verið hluti af sóknarstörfum presta í nágrannalöndum okkar. Þeir sem þiggja þjónustuna í nágrannalöndunum greiða þó fyrir hana til skrifstofu sóknarinnar.

**stefanrafn@frettabladid.is**




# Ólík sýn Landspítala og sjúkrahótels

**HEILBRIGÐISMÁL** Embætti landlæknis hefur lokið úttekt sinni á sjúkrahóteli Heilsumiðstöðvarinnar.

Í úttektinni kemur fram að sýn Landspítala og sjúkrahótelsins á athafnir sjúklinga í daglegu lífi séu ólíkar. Sjúkrahótelið geri ráð fyrir að gestir sínir hafi góða færni í daglegu lífi sem mætir ekki þörfum Landspítala að fullu enda glíma sjúklingar spítalans oft við flókin vandamál.

Ósamræmi hefur verið á milli Sjúkratrygginga Íslands, Heilsumiðstöðvarinnar og Landspítala í þessum efnum og mælir landlæknir með að samningar á milli stofnananna verði endurskoðaðir í ljósi þess.

Þá kemur fram í úttektinni að gæða- og mannauðsmál séu í góðu lagi auk þess sem framkvæmdir við sjúkrahótelið muni koma til með að bæta aðstöðu hótelsins til muna.

**– srs**



**Landlæknisembættið segir að rekstur sjúkrahótelsins sé almennt góður.** Fréttablaðið/Anton Brink

# TILBOÐSDAGAR BÍLALANDS

**NÚ ERU TILBOÐSDAGAR HJÁ BÍLALANDI OG FJÖLDI BÍLA Á EINSTÖKUM KJÖRUM!**
**KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR EINTAK - OPIÐ FRÁ KL. 09-18.**




OPEL AMPERA DOCH
Árgerð 2012, ekinn 16 þús. km.
bensín/rafmagn, sjálfskiptur.
**Verð áður: 4.990 þús. kr.**
**TILBOÐ 4.280 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthálsi 11 - Rnr. 131695




FORD ESCAPE LIMITED 4X4
Árgerð 2007, ekinn 176 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður: 1.390 þús. kr.**
**TILBOÐ 690 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthálsi 11 - Rnr. 282866




KIA CEED ECO-DYNAMICS
Árgerð 2011, ekinn 65 þús. km.
bensín, beinskiptur.
**Verð áður: 2.290 þús. kr.**
**TILBOÐ 1.890 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthálsi 11 - Rnr. 320444




TOYOTA AVENSIS WAGON
Árgerð 2013, ekinn 45 þús. km.
dísil, beinskiptu.
**Verð áður: 3.990 þús. kr.**
**TILBOÐ 3.490 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthálsi 11 - Rnr. 131488




NISSAN PATHFINDER LE
Árgerð 2005, ekinn 195 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 2.250 þús. kr.**
**TILBOÐ 1.790 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthálsi 11 - Rnr. 131693




BMW 1 120I H/B E87
Árgerð 2005, ekinn 112 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður: 1.990 þús. kr.**
**TILBOÐ 1.590 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthálsi 11 - Rnr. 102442




BMW X1 XDRIVE25D
Árgerð 2013, ekinn 30 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 7.370 þús. kr.**
**TILBOÐ 6.790 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthálsi 11 - Rnr. 142774




HYUNDAI I40 WAGON COMFORT
Árgerð 2012, ekinn 133 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 3.850 þús. kr.**
**TILBOÐ 2.990 þús. kr.**
Staðsetning: Kauptúni 1 - Rnr. 120462




BMW X5 3.0D
Árgerð 2007, ekinn 155 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 5.590 þús. kr.**
**TILBOÐ 4.990 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthálsi 11 - Rnr. 142911




BMW X5 3.0I
Árgerð 2005, ekinn 180 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður: 2.590 þús. kr.**
**TILBOÐ 1.790 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthálsi 11 - Rnr. 120606




VOLVO S60
Árgerð 2004, ekinn 119 þús. mílur.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður: 1.390 þús. kr.**
**TILBOÐ 790 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthálsi 11 - Rnr. 340047




HONDA ACCORD SEDAN
Árgerð 2008, ekinn 97 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður: 1.990 þús. kr.**
**TILBOÐ 1.590 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthálsi 11 - Rnr. 191767




BMW X3 2.0D
Árgerð 2008, ekinn 189 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 3.290 þús. kr.**
**TILBOÐ 2.590 þús. kr.**
Staðsetning: Kauptúni 1 - Rnr. 142675




TOYOTA PRIUS HYBRID
Árgerð 2014, ekinn 4 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður: 4.670 þús. kr.**
**TILBOÐ 3.990 þús. kr.**
Staðsetning: Keflavík - Rnr. 142434




HONDA CR-V.
Árgerð 2011, ekinn 83 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður: 4.490 þús. kr.**
**TILBOÐ 3.590 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthálsi 11 - Rnr. 131670




AUDI A3 SPORTBACK
Árgerð 2006, ekinn 152 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 1.690 þús. kr.**
**TILBOÐ 1.090 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthálsi 11 - Rnr. 102542




M. BENZ M ML 300 CDI 4MATIC
Árgerð 2011, ekinn 124 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 7.890 þús. kr.**
**TILBOÐ 6.790 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthálsi 11 - Rnr. 142599




RANGE ROVER VOGUE
Árgerð 2007, ekinn 171 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 6.190 þús. kr.**
**TILBOÐ 5.390 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthálsi 11 - Rnr. 131521




BMW X5 XDRIVE30D
Árgerð 2013, ekinn 36 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
**Verð áður: 10.900 þús. kr.**
**TILBOÐ 9.980 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthálsi 11 - Rnr. 102371




BMW 5 550I
Árgerð 2005, ekinn 121 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
**Verð áður: 3.950 þús. kr.**
**TILBOÐ 3.190 þús. kr.**
Staðsetning: Kletthálsi 11 - Rnr. 131425

ENNEMM / SÍA / NM70486

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
**www.bilaland.is**
www.facebook.com/bilaland.is

**Opið frá kl. 09-18 og**
**á laugardögum frá kl. 12-16.**

bílaland



**Hæst hlutfall trúaðra er í Afríku og Mið-Austurlöndum en þar segjast um átta af tíu vera trúaðir.** NordicPhotos/Getty

# Tveir af þremur í heiminum segjast trúaðir

**KÖNNUN** Á heimsvísu segjast hátt í tveir af hverjum þremur vera trúaðir, eða sextíu og þrjú prósent, á meðan þriðjungur segist ekki trúaður. Þetta eru niðurstöður árlegrar könnunar Alþjóðlegu Gallupsamtakanna á viðhorfum og væntingum fólks í 65 löndum um allan heim. Nær 64.000 manns víðs vegar um heiminn voru spurð um trúarafstöðu sína. Fjögur prósent tóku ekki afstöðu.

Gallup á Íslandi er aðili að samtökunum og sá um framkvæmdina hér á landi. Hlutfall trúaðra á Íslandi er talsvert lægra en rúmlega helmingur segist trúaður hér á landi, eða fimmtíu og eitt prósent. Þá segjast fjörutíu og fjögur prósent ekki trúuð. Fimm prósent tóku ekki afstöðu.

Trú mældist útbreiddust á Taílandi en þar á eftir koma Armenía, Bangladess, Georgía og Marokkó. Flestir sannfærðir trúleysingjar eru í Kína af þeim þjóðum sem spurðar voru, eða nær helmingi fleiri en hjá nokkurri annarri þjóð. Þar á eftir koma Hong Kong, Japan, Tékkland og Spánn.

Þá er hæst hlutfall trúaðra í Afríku og Mið-Austurlöndum samkvæmt könnuninni en þar segjast um átta af tíu vera trúaðir, um sjö af tíu í Austur-Evrópu og Ameríku, og sex af tíu í Asíu.

Í Vestur-Evrópu og Eyjaálfu eru nær fimmtíu prósent sem segjast annaðhvort ekki vera trúuð eða segjast vera trúleysingjar. Skoðanir eru einnig skiptastar á þessum svæðum þar sem nálægt fjórir af tíu segjast trúaðir og álíka margir segjast ekki vera trúaðir. Á þessum tveimur svæðum ásamt Asíu er einnig að finna flesta þá sem segjast vera trúleysingjar eða rúmlega einn af hverjum tíu.

Samkvæmt könnuninni eru Svíar minnst trúaðir Vesturlandabúa en hátt í átta af hverjum tíu Svíum segjast annaðhvort ekki vera trúaðir eða vera trúleysingjar. **– ngy**

## Börnin vígvædd



**Þungvopnaður jemenskur drengur við mótmæli gegn hernaði Sádi-Araba í Sana'a í Jemen í gær.** Fréttablaðið/EPA

### Íslendingar hafa deilt barnaklámi á síðunni í nærri tvö ár

| Október 2013 | Apríl 2014 | Maí 2014 | September 2014 | Ágúst 2015 |
|---|---|---|---|---|
| Íslendingar byrja að deila og óska eftir myndum af íslenskum stelpum, mörgum hverjum undir lögaldri, á þræði á erlendu spjallborði sem hýst er í Panama. | Fjallað er um spjallsíðuna í Fréttablaðinu. Lögregla segir síðuna til rannsóknar í samstarfi við aðila í útlöndum. | Sérstök undirsíða er stofnuð fyrir Íslendinga á síðunni, áður höfðu Íslendingar deilt myndum undir flokknum „stelpur“. | Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn segir málið erfitt í samtali við Fréttablaðið og segir að ekki sé hægt að stjórna internetinu. Þá segir lögregla málið enn í rannsókn og að engin niðurstaða liggi fyrir. | Síðan er enn uppi og enn er myndum deilt. 22 mánuðir eru liðnir frá því Íslendingar byrjuðu að deila myndum. |



# Hafa deilt barnaklámi í 22 mánuði

**Lögregla hefur ekki lokað á erlenda síðu þar sem Íslendingar óska eftir og deila hefndarklámsmyndum, mörgum hverjum af einstaklingum undir lögaldri. Þá þrífst rafrænt einelti einnig á vefsíðunni. Lögregla segir erfitt að rekja hverjir skrifi inn á síðuna. Aðferðir til að berjast gegn netglæpum eru í stöðugri endurskoðun.**

**LÖGREGLUMÁL** Ekkert gengur hjá lögreglu að berjast við erlent spjallborð þar sem Íslendingar hafa deilt og óskað eftir hefndarklámsmyndum af samlöndum sínum, mörgum hverjum undir átján ára aldri, í 22 mánuði. Frá því lögreglu barst tilkynning um síðuna hefur ekki gengið að finna út úr því hvar síðan er hýst eða hverjir reka hana. Á síðunni er að finna barnaklám sem og neteinelti. Síðastliðna viku hafa tæplega þrjátíu ummæli verið rituð á síðuna.

„Síðan er vistuð erlendis og við höfum átt í miklum erfiðleikum með að finna út hverjir reka hana og hverjir eiga hana. Svo eru lög á milli landa mismunandi og erfið,“ segir Einar Guðberg Jónsson rannsóknarlögreglumaður. Einar segir þá aðgerð að loka fyrir aðgang að síðum eins og þessari vera marklausa þar sem stór hluti Íslendinga sé tengdur við netið í gegn um staðgengilsnetþjón erlendis, til dæmis til að horfa á efni í gegnum afþreyingarveituna Netflix, og geti því farið fram hjá lokunum. Einar segir áður hafa verið lokað fyrir sambærilegar síður.

„Ég held að það hafi ekki endilega verið skoðað neitt til hlítar,“ segir Einar, spurður um hvort hafi komið til greina að fara sömu leið og loka á síðuna sem um ræðir.

Sömuleiðis segir Einar síðuna virka þannig að IP-tölur þeirra sem á hana skrifa séu ekki vistaðar. Það þýðir að þótt eigendur síðunnar myndu sýna lögreglu samstarf, sem hefur ekki verið raunin því ekki hefur verið auðvelt að finna út hverjir þeir eru, væri ekki endilega hægt að sjá hverjir hafa skrifað á síðuna.



**Íslendingar deila hefndarklámsmyndum á erlendri síðu.** NordicPhotos/AFP

> Ég held að við náum loksins að stöðva svona birtingar þegar við náum að stoppa að svona myndir séu yfirhöfuð settar á internetið.

Einar Guðberg Jónsson, rannsóknarlögreglumaður



Þá segist Einar ekki vita til þess að fleiri síður en þessi séu virkar í dag. Hann segir sömuleiðis að stórt hlutfall mynda sem hafi verið deilt á síðunni hafi verið lengi í dreifingu á netinu og séu gamlar. Þó eru þær ekki allar gamlar og sá blaðamaður að hægt var að finna myndir á síðunni af stelpum sem nú eru á fermingaraldri.

„Ég held að við náum loksins að stöðva svona birtingar þegar við náum að stoppa að svona myndir séu yfirhöfuð settar á internetið, um leið og myndin birtist á netinu er hún komin í dreifingu,“ segir Einar og bætir við: „En við erum samt að reyna að stöðva þetta. Það er stöðugt verið að endurskoða hvernig við getum barist gegn glæpum á netinu.“

**thorgnyr@frettabladid.is**


GIRÐINGAR!



Vinnustaðagirðingar 330cm x 200cm.

Steyptar undirstöður og samtengingar.



Leitið tilboða!

Kletthálsi 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ

Meiri gæði / Lægra verð
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is




# BIOTHERM BOMBA

## Í HAGKAUP KRINGLUNNI, SMÁRALIND, HOLTAGÖRÐUM, SKEIFUNNI, SPÖNGINNI, GARÐABÆ, SELFOSSI OG AKUREYRI 27. ÁGÚST – 2. SEPT.

Dekraðu við líkamann með mýkjandi, nærandi og styrkjandi líkamsvörum frá Biotherm.

**20%** AFSLÁTTUR AF LÍKAMSVÖRUM FRÁ BIOTHERM




Glæsilegur kaupauki* þegar keypt er fyrir 6.900 kr. eða meira.

### SKIN BEST

20% afsláttur af öllum Skin Best andlitskremum og serumi.
Hreinsimjólk og andlitsvatn 400 ml á verði 200 ml.



Með Skin Best LIQUID GLOW þurru olíunni stjórnar þú ljómanum: berðu dropa á húðina þar sem óskað er, notaðu hana eins og maska eða næturkrem eða blandaðu henni einfaldlega við SKIN BEST kremið þitt fyrir aukinn ljóma. Bylting í olíum fyrir andlit með Astaxanthin, einu öflugasta andoxandi efni náttúrunnar. Húðin verður strax mýkri og ljómandi.
**HENTAR VIÐKVÆMRI HÚÐ – ÁN PARABENA.**

*Meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# Rekin vegna andstöðu við byrjendalæsi

**Cornelia Thorsteinsson vildi ekki kenna yngstu nemendunum að lesa eftir aðferðum byrjendalæsis þegar stefnan var tekin upp í Þingeyjarskóla. Hún vildi nota sínar aðferðir en hún er sérmenntuð í lestrarkennslu. Þá var gerður starfslokasamningur við hana.**

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is



**MENNTAMÁL** Cornelia er sérmenntuð í byrjendakennslu frá Þýskalandi og hefur kennt yngstu bekkjunum lestur í tíu ár. Þegar Þingeyjarskóli tók upp byrjendalæsi hafði hún efasemdir um aðferðina og vildi fara aðrar leiðir í kennslunni sem endaði með því að hún var tekin úr lestrarkennslu og að lokum sagt upp.

„Þegar byrjendalæsi var tekið upp í skólanum spurði ég af hverju aðferðin væri ekki kynnt fyrir foreldrum og kennurum. Ég fékk þau svör að stjórnendur ættu eftir að kynna sér þetta nánar. Það var bara stokkið um borð í lestina án þess að skoða málið frekar,“ segir Cornelia. Henni var tjáð að ef hún kenndi ekki eftir aðferðinni fengi hún ekki að kenna lestur lengur. Því fór hún á námskeið. Þar hélt hún áfram að spyrja óþægilegra spurninga.

„Að mínu mati er byrjendalæsi samansafn ágætra hugmynda en ekki aðferð. Þegar ég spurði út í framkvæmd var sagt að það væri ekki búið að pæla í því. Maður selur ekki námskeið án þess að vera búinn að pæla í öllum spurningum. Einnig spurði ég um árangur og mér var sagt að rannsókn væri væntanleg. En ég bíð enn eftir þessari rannsókn, fimm árum síðar.“

Eftir námskeiðið sá Cornelia að byrjendalæsi myndi henta þriðjungi hóps hennar illa og í framhaldinu stóð hún í stappi við skólastjórnendur því hún vildi nota þær aðferðir áfram sem höfðu gagnast henni og hennar nemendum best.

„Það er sagt að byrjendalæsi sé kennt í gegnum leik og starf en mér finnst læsið ganga mikið út á hugmyndafræði fullorðins manns. Þetta er eins og að kenna börnum tónmennt með því að láta þau hlusta á flókna óperu og læra síðan nóturnar seinna. Einnig finnst mér aðferðin henta stelpum sem finnst gaman að föndra og lita betur en strákum sem eiga erfitt með svo langa einbeitingu.“

**Börnin borga brúsann**

Cornelia segist kenna með hag barna fyrir brjósti og því hafi hún ekki viljað taka upp aðferðina, enda trúi hún ekki á hana. Að lokum var hún tekin úr lestrarkennslu, þar sem hún er sérmenntuð, og þegar skipulagsbreytingar voru gerðar á skólanum í vor var gerður starfslokasamningur við Corneliu.

„Ástæðan var að ég væri erfið í samskiptum og samstarfi. Ég andmælti því ekki og sagðist vera að verja hagsmuni barnanna og vildi þess vegna fara aðrar leiðir í lestrarkennslu. Ég hef á mínum kennsluárum aldrei haft barn í bekk sem getur ekki lesið. Öll börn eiga að geta lesið og við eigum ekki að sætta okkur við minna. Þannig að ég er ekki ósátt við að hafa verið látin fara í þessu kennsluumhverfi en börnin borga brúsann. Ég get fundið nýja vinnu en börnin fá þetta eina tækifæri til að læra að lesa.“



Cornelia segist hafa verið óþægilegi starfskrafturinn með spurningar um gagnsemi byrjendalæsis.

> **Mér finnst mikið óöryggi vera í íslenskum kennurum og þeir halla sér að kennsluaðferð sem þeir vita lítið um í stað þess að treysta á sjálfa sig, háskólanám sitt og innsæi.**
>
> Cornelia Thorsteinsson, fyrrverandi kennari í Þingeyjarskóla

Cornelia segist hræðast þessa þróun í lestrarkennslu og óttast að ný aðferð muni poppa upp eftir tvö ár sem eigi að laga allt. „Mér finnst mikið óöryggi vera í íslenskum kennurum og þeir halla sér að kennsluaðferð sem þeir vita lítið um í stað þess að treysta á sjálfa sig, háskólanám sitt og innsæi. Stjórnendur treysta greinilega ekki heldur á sérmenntun kennaranna og eins og í mínu tilfelli segja eingöngu eina leið vera í boði. Þess vegna set ég spurningarmerki við þegar skólar auglýsa eftir kennurum og setja byrjendalæsi sem skilyrði. Mér finnst að kennaramenntun ætti að duga.“

Eitt af fyrstu verkum skólastjóra Þingeyjarskóla, Jóhanns Rúnars Pálssonar, var að gera starfslokasamning við Corneliu í vor en hann vill lítið tjá sig um málið. „Ég ætla ekki að svara hvort starfslokin tengist beint byrjendalæsi,“ segir hann og beinir spurningum blaðamanns til fráfarandi skólastjóra, Hörpu Hólmgrímsdóttur, sem frábað sér viðtal vegna anna.







**Fylltu á rafbílinn með Orku náttúrunnar**

Nú liggur straumurinn í rafbílana og þess vegna hefur Orka náttúrunnar opnað **10 hraðhleðslustöðvar** fyrir rafbíla á rúmu ári. Þannig leggjum við hinni hljóðlátu samgöngubyltingu lið og stuðlum að vistvænum samgöngum.

Kynntu þér staðsetningu hraðhleðslustöðvanna og kosti rafbíla á heimasíðu okkar **on.is**

**ORKA NÁTTÚRUNNAR** · Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn um allt land og sér höfuðborgarbúum fyrir heitu vatni. Við nýtum auðlindir af ábyrgð til að bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

ON
ORKA NÁTTÚRUNNAR



© Inter IKEA Systems B.V. 2015

# Ungverska girðingin hefur dugað skammt

**Ungverjar og Slóvakar reisa gaddavírsgirðingar á landamærunum til að halda flóttafólki úti, en fólkið streymir áfram í gegn. Þjóðverjar og Frakkar vilja breyta reglum. Andstæðingar búða flóttamanna gerðu hróp að Þýskalandskanslara.**

**ÞÝSKALAND** Flóttafólk hélt áfram að streyma yfir landamærin til Ungverjalands frá Serbíu í gær þrátt fyrir rammgerða víggirðingu sem Ungverjar hafa reist á landamærunum.

Slóvakía hefur einnig byrjað að reisa slíka girðingu á sínum landamærum í þeim tilgangi að halda flóttafólki frá.

Breska þingið hefur nú til meðferðar frumvarp um hertar reglur gagnvart ólöglegum innflytjendum. Innanríkisráðherra Þýskalands hefur sömuleiðis lagt til hertar reglur um flóttafólk.

Þýsk og frönsk stjórnvöld vilja hins vegar að gerðar verði breytingar á reglum Evrópusambandsins um móttöku flóttamanna, þannig að flóttafólki verði deilt niður á aðildarlöndin í hlutfalli við mannfjölda og efnahag.

Angela Merkel Þýskalandskanslari skrapp í gær til bæjarins Heidenau, skammt frá Dresden, þar sem íbúar hafa undanfarið látið óspart í ljós andstöðu sína við búðir flóttamanna, stundum með ofbeldi, hótunum og ólátum af ýmsu tagi.

Merkel gagnrýndi harðlega ofbeldi og fordóma íbúanna gagnvart flóttafólkinu: „Við höfum ekkert umburðarlyndi gagnvart þeim, sem ekki vilja veita hjálp þegar það er bæði lagaleg og mannleg skylda okkar að koma til hjálpar,“ sagði hún. „Því fleiri, sem gera öðrum þetta ljóst, því sterkari verðum við.“



**Flóttamaður skríður undir girðingu á landamærum Ungverjalands og Serbíu.**
Nordicphotos/AFP

Mannfjöldi hafði safnast saman í bænum og gerði hróp að Merkel.

Francois Crépeau, mannréttindafulltrúi flóttamanna hjá Sameinuðu þjóðunum, segir að Evrópusambandið verði að fara nýjar leiðir gagnvart flóttafólki, sem leitar á náðir aðildarríkjanna. Líta þurfi á hreyfanleika fólks yfir landamæri sem eftirsóknarverðan, einungis þannig geti aðildarríkin náð að stjórna landamærum sínum í raun.

„Yfirráð yfir landsvæði snúast um að hafa eftirlit með landamærum, að vita hver kemur inn og hver fer í burtu. Það hefur aldrei snúist um að loka landamærunum fyrir fólksflutningum,“ sagði Crépeau í yfirlýsingu, sem hann sendi frá sér í gær.

„Við skulum ekki láta eins og það sem Evrópusambandið og aðildarríki þess eru að gera sé að virka,“ segir hann. „Eðli sínu samkvæmt eru landamæri götótt. Einungis er hægt að tryggja eftirlit með því að bjóða flóttafólki og hælisleitendum löglegar og öruggar leiðir til að fara ferða sinna.“

Í gær fundust um 50 lík í flóttamannabát út af ströndum Líbíu. Áður hafði meira en 400 manns verið bjargað úr bátnum.

**gudsteinn@frettabladid.is**

## Flóttaleiðir um Balkanskaga

**Meira en 110 þúsund manns hafa komið til Ungverjalands það sem af er árinu. Margir vilja halda áfram til landa á borð við Austurríki, Þýskaland eða Svíþjóð, þar sem velmegun er meiri.**




**Við höfum ekkert umburðarlyndi gagnvart þeim, sem ekki vilja veita hjálp þegar það er bæði lagaleg og mannleg skylda okkar að koma til hjálpar. [...] Því fleiri, sem gera öðrum þetta ljóst, því sterkari verðum við.**

Angela Merkel, kanslari Þýskalands








Eftir að hafa verið valinn **bíll ársins í Evrópu** og **heimsbíll ársins** hefur Volkswagen Golf nú verið valinn **bíll ársins 2015 í Norður Ameríku**. Með þessu hefur nýi Golfinn hlotið meira en 30 viðurkenningar og hönnunarverðlaun síðan hann var fyrst kynntur árið 2012. Skelltu þér með í sigurför Volkswagen Golf sem hefur verið nær óslitin síðan 1973.

**Volkswagen Golf kostar frá:**

**3.090.000 kr.***

*Golf Trendline, 1,4 TGI, beinskiptur, 110 hestöfl.

**Das Auto.**

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# DEBENHAMS



20%
AFSLÁTTUR

AF SNYRTIVÖRUM*

FULLT AF FLOTTUM MERKJUM

*Gildir ekki af snyrtivörum frá Mac

**AÐEINS Í DAG**

Made in Iceland
BIOEFFECT

BIOTHERM

Christian Dior

CLARINS

CLINIQUE

Elizabeth Arden
NEW YORK

ESTĒE LAUDER

HR
HELENA RUBINSTEIN

JOHN FRIEDA
COLLECTION
LONDON PARIS NEW YORK

LANCÔME
PARIS

nails inc.
LONDON

ST.TROPEZ

SENSAI

SHISEIDO

YVES SAINT LAURENT

**Opið 11 til 21 í dag**

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Finndu okkur á facebook




Skólataska og margt fleira til persónulegra nota er stór útgjaldaliður margra fjölskyldna – til viðbótar við kaup á námsgögnum. Fréttablaðið/Vilhelm

# Aðstoða verst settu börnin í kyrrþey

**Kostnaður foreldra við kaup á námsgögnum er mjög misjafn á milli sveitarfélaga. Ísfirðingar borga ekkert en barnmargar fjölskyldur úti um allt land borga tugi þúsunda. Sjálfboðaliðar og kennarar skólanna útvega skólagögn fyrir þau börn sem eru í allra mestri neyð.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Útgjöld foreldra vegna innkaupa á námsgögnum við upphaf skólaárs í grunnskóla er mjög mismunandi eftir skólum og sveitarfélögum. Foreldrar grunnskólabarna í fjórum byggðakjörnum Ísafjarðarbæjar borga ekkert – sem er einsdæmi á landinu. Innan Fjarðabyggðar getur munað miklu á þessum útgjöldum fyrir foreldra barna í 1. til 7. bekk á milli byggðakjarna sveitarfélagsins.

**Áskorun**

Eins og Fréttablaðið hefur fjallað um sendu Barnaheill – Save the Children á Íslandi þingmönnum og sveitarstjórnum um land allt áskorun fyrir helgi um að tryggja börnum rétt til að stunda grunnnám án endurgjalds, en lengi hefur það tíðkast að grunnskólar sendi út lista til foreldra yfir námsgögn sem þeir þurfa að útvega vegna skólagöngu barna sinna. Kostnaður vegna þessa er mjög mismunandi eftir skólum og aldri barna, en þeir sem gerst þekkja telja að sá kostnaður geti hlaupið á 2.500 til 7.500 króna fyrir hvert barn. Heimili og skóli – landssamtök foreldra taka undir áskorun Barnaheilla um gjaldfrjálsan grunnskóla á Íslandi. Hvor tveggja samtökin hvetja því til þess að grunnskólalögum verði breytt og tekið fyrir alla gjaldtöku í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem hefur verið lögfestur hér á landi.

**Borga fyrir 410 krakka**

Eftir því sem næst verður komist er aðeins eitt sveitarfélag sem greiðir þennan kostnað allan. Það er Ísafjarðarbær með sína fjóra skóla. Nemendur í Grunnskólanum á Ísafirði eru um 330, og í hinum skólunum þremur – Grunnskóla Önundarfjarðar á Flateyri og grunnskólunum á Suðureyri og Þingeyri eru á milli 70 og 80 nemendur samtals. Þar er reiknað með 5.000 krónum á hvern nemanda og því er heildarkostnaður sveitarfélagsins rétt á þriðju milljón.

Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, skólastjóri Grunnskólans á Ísafirði, segir aðspurð að kaup á þessum námsgögnum sé einfaldlega ákvörðun bæjarstjórnar og þetta sé annað árið sem þessi háttur er hafður á.

Eftir stutta eftirgrennslan liggur fyrir að mjög mismunandi er hvernig skólar og sveitarfélög kjósa að haga þessum málum. Annað dæmi er Fjarðabyggð – en þar kaupa foreldrar í Neskaupstað eftir innkaupalistum en foreldrar barna í 1. – 7. bekk á Reyðarfirði þurfa aðeins að greiða sínum skóla 2.500 til 3.000 krónur og skólinn annast öll innkaup. Um helmingi dýrara virðist því vera fyrir Norðfirðing að kaupa gögn fyrir sitt barn en Reyðfirðing.

Á heimasíðu Grunnskóla Reyðarfjarðar segir að þetta fyrirkomulag hafi fyrst verið reynt í fyrra og hafi reynst afar vel. Það hafi verið staðfest í könnun meðal foreldra. „Auk þess sem það hefur nú komið í ljós að með þessum sameiginlegu innkaupum lækkum við kostnað foreldra verulega,“ segir þar en ekki liggur fyrir hvernig það fellur foreldrum annarra skóla sveitarfélagsins að kostnaðurinn sé allt að helmingi meiri við upphaf skólaársins. Þetta fyrirkomulag mun vera í allmörgum skólum úti um land – að skólinn annist innkaupin en foreldrar greiði eitt fast gjald.

**220 milljónir**

Á Íslandi stunda um 44.000 börn grunnskólanám og ef 5.000 krónur eru notaðar sem viðmiðunartala þá myndi það kosta sveitarfélögin í landinu um 220 milljónir króna að axla þennan útgjaldalið foreldra á ári ef allir kaupa eftir innkaupalistum. Reykjavíkurborg starfrækir 43 grunnskóla, þar af þrjá sérskóla. Í þeim stunda tæplega 14.000 börn og unglingar nám. Sé þessi einfaldaða tölfræði heimfærð upp á höfuðborgina yrði kostnaðurinn vegna þessara innkaupa um 70 milljónir króna. Í ítarlegri könnun Fréttablaðsins á þessum kostnaði við upphaf síðasta skólaárs kom í ljós að innan grunnskólanna í Reykjavík var ríflega helmings munur á verði innkaupalistanna á milli einstakra skóla.

Hvort þessar upphæðir skekkja myndina verulega fyrir sveitarfélögin skal ósagt látið, en eins og Fréttablaðið greindi frá mun Samband íslenskra sveitarfélaga fjalla um þetta mál á næstunni vegna áskorana Barnaheilla og Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra.

**Hvað með matinn?**

Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, segir að sérfræðingar sambandsins séu þegar byrjaðir að skoða málið og minnisblað verði lagt fyrir næsta stjórnarfund sem er 11. september. „Við þurfum að skoða þetta út frá gildandi lögum. Þar virðist sveitarfélögum vera heimilt að gera þetta eins og víðast er gert. Barnasáttmálinn hefur verið lögfestur hér á landi og engar breytingar verið gerðar á grunnskólalögunum. Hér má líka spyrja hvað næst og eitt af því sem við munum skoða í samhengi eru skólamáltíðir. Væri það hugsanlega næsta krafa sem kemur af þessum toga. Það eru slík álitamál sem við munum skoða í þessu samhengi og ekki síður fjárhagslega hliðin á þessu máli,“ segir Guðjón og bætir við að eftir að sambandið hefur farið yfir málið gæti niðurstaðan orðið ábendingar til sveitarfélaganna um hvernig þessu væri haganlegast fyrirkomið.

**Falinn vandi?**

Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, treystir sér ekki til að meta hversu margir foreldrar lenda í alvarlegum vanda vegna þessa kostnaðar sem vissulega skekkir myndina í heimilisbókhaldi margra, eða helst þar sem vandi er fyrir. Engin tölfræði er til yfir slíkt. Það breytir því þó ekki að eftir að umfjöllun um áskorun þessara tvennra samtaka um gjaldfrjálsan skóla hófst hafa foreldrar sett sig í samband við Heimili og skóla vegna þess að þessi aukakostnaður skiptir máli – sérstaklega þar sem innkaup á námsgögnum eru hvergi nærri það eina sem þarf að leggja út fyrir þegar skólaárið hefst.

„Sem betur fer held ég nú að þetta sé ekki stór hluti foreldra sem á í miklum erfiðleikum. Engu að síður kvarta foreldrar almennt undan því að þetta skapi álag og kostnaðurinn er oft mikill fyrir barnmargar fjölskyldur,“ segir Hrefna en þá hleypur þessi kostnaður á tugum þúsunda. „Ég held að fólk almennt leiti sér ekki aðstoðar varðandi þessi innkaup fyrr en í fulla hnefana. Flestir vilja jú geta séð um að kaupa þessar nauðsynjar sjálfir og ósturdir.“

## Bregðast við þegar allt um þrýtur

Hrói Höttur barnavinafélag (HHB) hefur verið starfrækt frá árinu 2011. Markmið félagsins er, eins og segir í samþykktum þess, að veita íslenskum börnum í grunn- og leikskóla stuðning og að grunnþörfum þeirra til nauðsynja sé mætt. Í þessu augnamiði hefur HHB samstarf við 16 skóla á höfuðborgarsvæðinu, en styrkir eru veittir nafnlaust til barna sem kennarar viðkomandi skóla meta svo að þurfi á hjálp að halda. Aðferðafræðin er í grófum dráttum sú að kennarar finni út, í kyrrþey, hvaða börn hafa t.d. ekki efni á mat í skólanum, helstu ritföngum eða mögulega nauðsynlegum fatnaði. HHB reynir þá að útvega þessi aðföng án endurgjalds í gegnum sína bakhjarla.



Sigríður Jónsdóttir, formaður HHB, segir að frá því að félagið var stofnað hafi styrkveitingum fjölgað jöfnum skrefum. Á síðasta starfsári hafi þær verið 90 talsins. Það segi hins vegar aðeins hálfa söguna.

„Við borgum helst skólamáltíðir og frístundaheimili, en við höfum sannarlega komið að því að greiða fyrir skólagögn. En við finnum fyrir því að skólar og kennarar eiga sjálfir sína bakhjarla og ná oft að leysa mál innan skóla án þess að sækjast eftir styrkjum. Við fengum strax mikinn meðbyr frá fyrirtækjum og fyrir hluti sem þessa höfum við oft ekki þurft að greiða. Samfélagið virðist mjög vakandi fyrir þessu. Þessi kostnaður er óheyrilegur og við teljum sjálfsagt að bæði máltíðir barnanna og skólagögn standi þeim til boða án greiðslu. Sama á við um tómstundastarfið sem brúar bilið yfir vinnudaginn,“ segir Sigríður og bætir við að beiðnir um aðstoð frá foreldrum hafi borist beint til félagsins – en þær hafi oft snúist um aðra hluti en starfsemi félagsins hverfist um.

„Þannig störfum við ekki, en við viljum eindregið að skólarnir leiti meira til okkar. Við getum hjálpað,“ segir Sigríður.

> Rökstuðningurinn var að með þessu væri Ísafjarðarbær að forgangsraða og taka forystu í þjónustu við barnafjölskyldur í bæjarfélaginu og stuðla að jafnrétti til náms.
>
> Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, skólastjóri á Ísafirði






ÖNGLAR OG SPÚNAR 40% afsláttur

GIRNI OG TAUMAEFNI 50% afsláttur

ÖLL KASTHJÓL 25% afsláttur

**REDDINGTON** VÖÐLUJAKKI
TILBOÐSVERÐ
**29.645 KR.**
VERÐ 59.290 KR.

**ABU** REYKOFN SMALL
TILBOÐSVERÐ
**6.445 KR.**
VERÐ 12.890 KR.

**HARDY**
ULTRALITE 5000DD
TILBOÐSVERÐ
**34.495 KR.**
VERÐ: 68.990 KR.

**DEERHUNTER** CHEAHA JAKKI
TILBOÐSVERÐ
**24.213 KR.**
VERÐ 34.590 KR.

**LOOP**
SKOTHAUSAR & LÍNUR
TILBOÐSVERÐ FRÁ
**990 KR.**

**DEERHUNTER**
CHEAHA BUXUR
TILBOÐSVERÐ
**13.853 KR.**
VERÐ 19.790 KR.

**REMINGTON**
783 CAL 243 & 308
TILBOÐSVERÐ FRÁ
**53.394 KR.**
VERÐ: 88.990 KR

**RAPALA INTERFACE**
VÖÐLUJAKKI
TILBOÐSVERÐ
**23.443 KR.**
VERÐ 33.490 KR.

**PENN**
SJÓVEIÐISTANGIR
TILBOÐSVERÐ FRÁ
**9.395 KR.**
VERÐ: 18.790 KR.

PENN 50% afsláttur

**HARDY UNIQUA**
13 F. TVÍHENDA
TILBOÐSVERÐ
**55.640 KR.**
VERÐ: 111.640 KR.

HARDY 50% afsláttur

**REMINGTON 11-87**
SPORTSMAN FIELD
TILBOÐSVERÐ
**142.392 KR.**
VERÐ 177.990 KR.

**REM VERSA MAX**
SPORTSMAN
TILBOÐSVERÐ
**158.392 KR.**
VERÐ 197.990 KR

**SAKO A7**
TILBOÐSVERÐ FRÁ
**193.592 KR.**
VERÐ FRÁ 241.990 KR.

**BROWNING X-BOLT**
TILBOÐSVERÐ
**103.794 KR.**
VERÐ 172.990 KR.

**BROWNING** A5
TILBOÐSVERÐ
**213.592 KR.**
VERÐ 266.990 KR.

**MARLIN** XT22RO CAL 22LR
Með sjónauka
TILBOÐSVERÐ
**48.743 KR.**
VERÐ 64.990 KR.

**SAUER** CLASSIC 6,5X55
Með þýskum sjónaukafestingum
TILBOÐSVERÐ
**385.444 KR.**
VERÐ 592.990 KR.

**TIKKA RIFF**
VARMINT 6.5X55 ST
TILBOÐSVERÐ
**173.592 KR.**
VERÐ 216.990 KR.

**TIKKA RIFF** HUNTER
TILBOÐSVERÐ FRÁ
**158.392 KR.**
VERÐ FRÁ 197.990 KR.

PIPAR\TBWA • SÍA

**LEITAÐU RÁÐA HJÁ OKKUR**
Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | OPNUNARTÍMI |
|---|---|---|
| Fiskislóð 1<br>Sími 580 8500 | Tryggvabraut 1–3<br>Sími 460 3630 | Mán.–fös. 10–18<br>Lau. 10–16 |

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA



Framkvæmdir við fangelsið á Hólmsheiði eru langt á veg komnar. Búist er við að það verði tekið í notkun strax á nýju ári. Sérstök álma verður fyrir langtímavistun kvenna. Fréttablaðið/Ernir

# 470 fangar bíða afplánunar á Íslandi í dag

**Listi þeirra sem bíða afplánunar dóma sinna hefur lengst ár frá ári síðan árið 2008. Nýtt fangelsi á Hólmsheiði mun hefja rekstur á næsta ári og er þar pláss fyrir 56 fanga. Fangelsismálastjóri, afbrotafræðingur og sálfræðingur segja ástandið á málaflokknum slæmt.**

Sveinn Arnarson
sveinn@frettabladid.is

Nadine Guðrún Yaghi
nadine@frettabladid.is

Í dag bíða 470 fangar afplánunar dóma sinna á Íslandi og hefur biðlistinn lengst ár frá ári síðan árið 2008. Nýtt fangelsi á Hólmsheiði mun hefja rekstur í upphafi nýs árs og verður það fangelsi í fullum rekstri með pláss fyrir 56 fanga. Páll Winkel fangelsismálastjóri segir ástandið á málaflokknum ekki eins og best verður á kosið, biðlistinn of langur og stofnunin ekki með almennilegt úrræði sem stendur fyrir kvenfanga.

Af þeim 470 einstaklingum sem bíða þess að afplána dóma sína mun hluti þeirra afplána með samfélagsþjónustu. Því mun þessi hópur ekki allur afplána bak við lás og slá. Páll segir biðlistann of langan. „Þetta er ofboðslega mikið. Það þarf að velta fyrir sér lausnum á þessum vanda því það er ekki nóg að fjölga bara plássum eins og verið er að gera. Það þarf til dæmis breytingar á reglum um reynslulausn og samfélagsþjónustu,“ segir Páll. „Talan hefur vaxið með árunum. Við sáum töluna fara hækkandi árið 2008 og höfum gert allt mögulegt til að bregðast við henni. Við höfum kynnt stöðu mála fyrir Alþingi og hjá eftirlitsaðilum. Við fylgjumst vel með þessum svokallaða boðunarlista.“

**Enginn biðlisti fyrir átta árum**

Í dag eru rekin fimm fangelsi á landinu. Fangelsið á Sogni, Hegningarhúsið í Reykjavík, fangelsi á Akureyri og Litla-Hrauni auk Kvíabryggju. Í dag sitja 144 einstaklingar af sér dóma í þessum fimm fangelsum auk 32 fanga í öðrum úrræðum. 19 þeirra eru á áfangaheimilinu Vernd í Reykjavík, fjórir eru í meðferð, sjö aðrir búa við rafrænt eftirlit og tveir afplána dóma sína á öðrum stofnunum.

Í fyrra hófu 190 einstaklingar afplánun óskilorðsbundinna dóma og 39 til viðbótar afplánun vararefsingar. Það ár voru einnig 118 einstaklingar settir í gæsluvarðhald til skemmri tíma.

Páll segir enga biðlista eftir afplánun hafa verið árin 2007 og 2008. Biðlistar voru eftir afplánun á milli 1990 og 1995 en þegar ný álma var tekin í gagnið á Litla-Hrauni hafi biðlistinn styst og síðan orðið að engu. „Það var nánast enginn á þessum lista fyrir átta árum. Reglan var sú að menn komu inn í fangelsi eftir að það var búið að dæma þá, punktur. Nú eru hins vegar aðrir tímar sem er ekki gott,“ segir Páll.

**Fáir fangar á Íslandi**

Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði, hefur rannsakað málaflokkinn nokkuð ítarlega síðustu áratugi. Hann bendir á að fangar á Íslandi séu fáir í samanburði við nágrannaþjóðir okkar. „Við erum með um 50 fanga á hverja hundrað þúsund íbúa. Norðurlöndin eru ívið hærri með um 60 til 80 fanga og hundrað til tvö hundruð fanga á hverja hundrað þúsund íbúa sjáum við í Evrópu sums staðar. Svo auðvitað erum við með öfgadæmi eins og í Bandaríkjunum þar sem um 700 fangar sitja inni á hverja hundrað þúsund íbúa,“ segir Helgi.

Fangelsisdómum á Íslandi hefur fjölgað en á sama tíma hefur fangelsisrýmum ekki fjölgað nægilega til að halda í við dómafjöldann. „Á síðustu árum höfum við verið að sjá fjölgun dóma í fíkniefnabrotum, ofbeldisbrotum og þá sér í lagi kynferðisbrotamálum. Á hinn bóginn erum við að sjá fækkun hvað varðar ölvunarakstursbrot, nytjatöku og skjalafals og þess háttar brot.“ Hann bendir einnig á að erlendum föngum hafi fjölgað hér á landi á síðustu árum sem skýri að einhverjum hluta þessa fjölgun. Ekki sé um að ræða erlenda ríkisborgara sem búi hér á landi heldur færist það í vöxt að útlendingar komi hingað til lands gagngert í þeim tilgangi að brjóta lög. „Þeir einstaklingar skera sig ekki úr hvað varðar brotaflokka og virðast þeir falla inn í það sem hefur verið að gerast hér á landi,“ segir Helgi.

**Heildarendurskoðunar þörf**

„Það er algjörlega ólíðandi að fólk komist ekki í fangelsi þegar búið er að ákveða að þurfi að taka það út úr samfélagi manna,“ segir Páll.

Anna Kristín Newton, sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun, segir ótækt að menn bíði lengi eftir að hefja afplánun. „Til þess að refsing beri sem bestan árangur þá þarf hún að fylgja sem skjótast í kjölfar dóms, þannig er það bara. Ef það líður mjög langur tími þá er fólk líklega uppstökkt og gramt út í kerfið frekar en sjálft sig,“ segir Anna Kristín og bætir við að biðin eftir að hefja afplánun geti haft í för með sér slæmar afleiðingar. Þeir sem bíði upplifi að ýtt sé á pásutakka á lífi þeirra. „Það getur til dæmis verið erfitt að hefja nám ef þú sérð ekki fram á að þú getir klárað það og svo byrjar maður ekki í nýju starfi og segir við yfirmann sinn að maður sé á leið í fangelsi einhvern tíma á næstunni,“ segir hún.

Anna telur það haldast í hendur hve margir bíði eftir að hefja afplánun í dag og að dómstólar dæmi þyngri refsingar í ákveðnum brotaflokkum en áður. „Það varð til dæmis bylting í fíkniefnabrotunum og kynferðisbrotin hafa tekið miklum stakkaskiptum. Ég er ekki að segja að það sé rangt að dæmd sé þyngri refsing í þessum brotaflokkum en það hefur óhjákvæmilega þessi áhrif.“

**Stjórnvöld verða að taka á málum**

Helgi telur stjórnvöld þurfa að íhuga það vandlega að fella niður refsingar ef einstaklingar hafi þurft að bíða lengi eftir afplánun. „Það kannski sýnir viðhorf Íslendinga til málaflokksins að við höfum aldrei á lýðveldistímanum byggt okkur fangelsi sjálf. Hólmsheiðin er fyrsta fangelsið sem við byggjum upp sem fangelsi. Mér finnst í fullri alvöru að stjórnvöld ættu, þegar menn hafa beðið í eitt, tvö, þrjú og jafnvel fjögur ár eftir að afplána dóm, að íhuga að fella niður refsingu þeirra. Ástæða þess er að þetta er kerfisvandi og ekki á ábyrgð einstaklingsins. Stjórnvöld sjálf verða að taka á þessu vandamáli,“ segir Helgi.

**Stofnunin háð vilja þingsins**

Páll segir málaflokkinn algjörlega á höndum þingsins og það sé þingsins að veita fjármuni til stofnunarinnar ef á að gera betur í málefnum fanga á Íslandi. „Það hefur skipt grundvallarmáli að innanríkisráðuneytið hefur sýnt okkar stöðu skilning og við eigum sterka samherja þar í þessari baráttu. Baráttan hefur ekki verið eins einföld þegar kemur að alþingismönnum. Þetta hefur ekki þótt sérlega spennandi efni á þeim bæ. Það er ekki nóg að setja lög um það að fjölga til dæmis í rafrænu eftirliti ef það fylgir ekki fjármagn í það. Sama gildir með önnur úrræði,“ segir Páll. „Með niðurskurði eða óbreyttum fjárframlögum ríkisins verðum við einfaldlega að fækka plássum. Þegar dregið er úr rekstrarframlögum til þessa málaflokks þýðir það að plássum í fangelsi fækkar. Fyrsta skylda mín sem forstöðumaður er að reka batteríið innan fjárheimilda sem Alþingi ákveður og því er það fyrst og fremst pólitísk ákvörðun hvort og hvenær plássum verði fækkað.“

## 144 fangar sitja í fangelsum Íslands í dag

470 einstaklingar bíða eftir að hefja afplánun

### Fjöldi fanga, 24. ágúst

Flestir afplána 1 árs fangelsi eða lengra




**2** Fjöldi sálfræðinga við Fangelsismálastofnun

**2** Fjöldi félagsráðgjafa

**1.431.900.000**
Fjárheimild árið 2015 samkvæmt fjárlögum

### Meðaltalsfjöldi þeirra sem vistaðir eru utan fangelsa

24. ágúst 2015

**19** Vernd | **4** Meðferð | **7** Rafrænt eftirlit | **2** Sjúkrahús, Barnaverndarstofa og aðrar stofnanir

Fjórir vistast hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og eru að bíða eftir plássi í öðru fangelsi.

**ÁRIÐ 2014**

**190** hófu afplánun óskilorðsbundinna dóma | **39** hófu afplánun vararefsingar | **118** voru settir í gæsluvarðhald

> Það var nánast enginn á þessum lista fyrir átta árum. Reglan var sú að menn komu inn í fangelsi eftir að það var búið að dæma þá, punktur. Nú eru hins vegar aðrir tímar sem er ekki gott.

Páll Winkel fangelsismálastjóri

> Á síðustu árum höfum við verið að sjá fjölgun dóma í fíkniefnabrotum, ofbeldisbrotum og þá sér í lagi kynferðisbrotamálum.

Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði

> Það getur til dæmis verið erfitt að hefja nám ef þú sérð ekki fram á að þú getir klárað það og svo byrjar maður ekki í nýju starfi og segir við yfirmann sinn að maður sé á leið í fangelsi einhvern tíma á næstunni.

Anna Kristín Newton, sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun

# GÓLFEFNA-DAGAR!

## 10-50%
**afsláttur af flísum**

## 10-30%
**afsláttur af harðparketi**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Klettháísi 7. | Opið virka daga kl. 8 -18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8 -18 |

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

# VIÐSKIPTI

## Kínverskir fjárfestar standa ráðalausir frammi fyrir hruni á markaði



Útlitið svart Úrvalsvísitalan í Kína heldur áfram að lækka og fór niður um 1,3 prósent í gær. Markaðir í Evrópu lækkuðu en í Bandaríkjunum virðist bjartsýnin meiri. NordicPhotos/Getty

## Samanlagður hagnaður nemur 43 milljörðum

Samanlagður hagnaður stóru viðskiptabankanna þriggja eftir skatta á fyrri helmingi ársins nam 42,5 milljörðum íslenskra króna. Það er fjórum og hálfum milljarði minna en á sama tímabili í fyrra. Einn bankinn, Arion banki, sker sig úr hvað hagnað varðar en hagnaður bankans nam 19,3 milljörðum og jókst um 1,9 milljarða frá sama tíma í fyrra.

Hagnaður Landsbankans nam 12,4 milljörðum króna eftir skatta en var 14,9 milljarðar á sama tíma í fyrra og hagnaður Íslandsbanka var 10,8 milljarðar samanborið við 14,7 milljarða króna áður.



Höskuldur H. Ólafsson

Einskiptisliðir setja mikið mark á uppgjör Arion. Er það skráning og sala á hlutum í Reitum og drykkjarframleiðandanum Refresco Gerber. Aftur á móti dregur úr áhrifum einskiptisliða á rekstur Landsbankans og Íslandsbanka. - jhh

## Kickoff CM kemur út

Nýr tölvuleikur, Kickoff CM, kemur út í dag og er það íslenska hugbúnaðarfyrirtækið Digon Games sem gefur leikinn út.

„Það er virkilega ánægjulegt að geta komið leiknum á framfæri við Íslendinga. Þetta er fyrsta skrefið í markaðssetningu leiksins af okkar hálfu og hlökkum við til að sjá viðbrögðin við leiknum á næstu vikum og mánuðum,“ segir Jón Thoroddsen, framkvæmdastjóri Digon Games.

„Leikurinn er eins og stendur á ensku og ég myndi segja að þeir markaðir sem við erum að horfa á væru England og Bandaríkin, en sá síðarnefndi er mjög spennandi fyrir okkur. Þar eru fáir svona leikir en áhuginn á knattspyrnu er að vaxa alveg gríðarlega mikið. Meira mætt á leikina og betri knattspyrnumenn að spila þar.“

Digon Games er stofnað um þennan umrædda leik og Jón segir að skipta megi vinnunni í tvennt. Fyrst hafi verið hannaður nokkuð hefðbundinn knattspyrnustjóraleikur. Síðan hafi sá leikur verið þróaður áfram að spilaranum. „Síðan hefur hugbúnaðarþróunin tekið um tvö ár,“ segir Jón. – jhh



Þeir Jón Fjörnir Thoroddsen og Guðni R. Gíslason hafa unnið að útgáfu leiksins.

# Landsbankinn útvistaði lögfræðiþjónustu

**Landsbankinn hefur útvistað allri innheimtu á vanskilakröfum til Motus. Gert til að hagræða í rekstri bankans. Verkefnið var ekki boðið út.**

Landsbankinn ákvað í júní að útvista allri starfsemi lögfræðideildar bankans sem snýr að innheimtu á vanskilakröfum til Motus innheimtuþjónustu. „Það er alþekkt að fyrirtæki útvisti lögfræðiinnheimtu og mjög algengt t.d. í erlendri bankastarfsemi að þessi leið sé farin, bæði til auka skilvirkni og spara fé við innheimtuna sjálfa. Þetta eru okkar markmið líka. Með þessari leið fáum við notið sérfræðikunnáttu og nýtum þaulreynt innheimtukerfi sem fyrir hendi er, í stað þess að fara í mikla fjárfestingu á eigin vegum,“ segir Kristján Kristjánsson, upplýsingafulltrúi Landsbankans, í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Innheimtustarfsemin var ekki boðin út og ekki var send tilkynning þegar samið var við Motus. „Landsbankinn hefur um árabil útvistað hluta af innheimtu vanskilakrafna. Motus hefur lengi sinnt afmörkuðum þáttum í innheimtu fyrir bankann, reynslan af því samstarfi hefur verið góð og aukning á samstarfinu veitir ýmis tækifæri til að auka skilvirkni í innheimtumálum bankans,“ segir hann.

Kristján segir að þeim fastráðnu starfsmönnum innheimtudeildarinnar sem ekki fengu áframhaldandi starf í Landsbankanum hafi öllum verið boðið starf hjá Motus. Flestir hafi þegið það boð.




Motus sér um innheimtu fyrir Landsbankann. Fréttablaðið/Vilhelm

Hann segir að Landsbankinn vinni stöðugt að hagræðingu í sinni starfsemi. Þessi aðgerð hafi verið hluti af þeirri vegferð. Til dæmis megi benda á að stöðugildum í Landsbankanum hefur fækkað um 245 frá árslokum 2011, eða um 18,4%.

Landsbankinn og Motus eru tengd félög því bankinn á 43 prósenta hlut í Motus. Tveir af framkvæmdastjórum bankans, þeir Árni Þór Þorbjörnsson og Helgi Teitur Helgason, sitja í stjórn Motus.

Motus er alfarið í eigu íslenskra aðila. Auk Landsbankans á Bál ehf., félag í eigu Sigurðar Arnars Jónssonar, forstjóra Motus, og Bjarna Þórs Óskarssonar, sviðsstjóra hjá fyrirtækinu, tæplega 36 prósenta hlut. Þá eiga nokkrir aðrir starfsmenn 11 prósenta hlut í gegnum félagið Solvent og svo á Motus ehf. 10 prósenta hlut í sjálfu sér.

Íslandsbanki hefur ekki útvistað þessum sama þætti í sinni starfsemi. „Hins vegar er þetta ein leið sem við höfum verið að skoða, ásamt mörgum öðrum. Engar ákvarðanir hafa þó verið teknar,“ segir í svari frá Eddu Hermannsdóttur, samskiptastjóra Íslandsbanka. Hjá Arion banka fengust engar upplýsingar um það hvernig þessum málum er háttað hjá bankanum. jonhakon@frettabladid.is

# ? BÍLL SEM SVARAR SPURNINGUM DAGSINS Í DAG



3,4 l/100 km

$CO_2$ 89 g/km










CRÉATIVE TECHNOLOGIE

## VERÐ FRÁ EINUNGIS 2.690.000 KR.

# CITROËN **C4 CACTUS**

Hvernig get ég eignast og rekið nýjan bíl? Hvers vegna er ekki framleiddur léttari og sparneytnari bíll? Er ekki hægt að vernda hurðirnar gegn rispum og skellum? Af hverju getur mælaborðið ekki verið notendavænna og stílhreinna? Öllum þessum spurningum er svarað með nýja Citroën C4 Cactus. Hugmyndafræðin að baki nýja C4 Cactus er bylting í hönnun bíla. Ekkert prjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag. Hagnýt og djörf hönnun, einfaldleiki og lágt verð. C4 Cactus hefur svörin.

Velkomin í reynsluakstur

15 ára afmæli Citroën hjá Brimborg

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Skoðaðu citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Uppgefinn eyðsla í blönduðum akstri miðast við 1,6 BlueHDi dísilvél. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Ástand heimsins



1

2



**1** Suðurkóreskir hermenn á ferð við landamæri Norður-Kóreu, sem eru rammgirt.

**2** Mótmælandi í Nepal krefst þess að trú verði skýrt aðskilin frá stjórnmálum í nýrri stjórnarskrá landsins.

**3** Kólumbíumenn á flótta frá Venesúela yfir landamærin til Kólumbíu. Fólkið flytur allt sitt hafurtask yfir Tachira-fljótið. Juan Manuel Santos, forseti Kólumbíu, hefur án árangurs óskað eftir því að stjórnvöld í Venesúela virði rétt fólks sem býr á landamærasvæðinu og hefur vanist því að fara á milli að vild.

**4** Gert við Erawan-líkneskið í Bangkok, en nokkrar skemmdir urðu á líkneskinu í sprengjuárás í síðustu viku þegar 20 manns létu lífið og á annað hundrað urðu fyrir meiðslum.

**5** Maður og kona kyssast útbíuð í tómatsulli eins og aðrir þátttakendur í hinni árlegu tómatahátíð í Bunol á Spáni.

3






4

5



# ÚTILJÓSADAGAR

Mikið úrval af útiljósum á **20–50%** afslætti. Komdu við í Rafvörumarkaðinum við Fellsmúla og gerðu betri kaup.

**OPIÐ ALLA DAGA**
Mán. til fös. **kl. 9–18**
Laugard. **kl. 10–16**
Sunnud. **kl. 12–16**



-50%

~~Áður: kr. 4.795~~

**2.397 kr.**

**VEGGLJÓS, KASSALAGA**

Veggljós, bogalaga, **kr. 2.997.** ~~Áður: kr. 5.995~~
**Litir:** Svart/grátt/hvítt



-50%

~~Áður: kr. 4.995~~

**2.497 kr.**

**VEGGLJÓS. TVÆR GERÐIR**

Staur, hæð: 110 m, **kr. 3.497.** ~~Áður: kr. 6.995~~



-50%

~~Áður: kr. 3.995~~

**1.997 kr.**

**HALLANDI VEGGLJÓS**

Bein veggljós, **kr. 2.497.** ~~Áður: kr. 4.995~~
Staur, hæð: 80 cm, **kr. 3.497.** ~~Áður: kr. 6.995~~



-30%

~~Áður: kr. 5.995~~

**4.196 kr.**

**VEGGLJÓS SEM LÝSIR NIÐUR**

Veggljós sem lýsir upp og niður,
**kr. 5.596.** ~~Áður: kr. 7.995~~



-30%

~~Áður: kr. 3.995~~

**2.796 kr.**

**VEGGLJÓS**

**Litir:** Svart/grátt/hvítt



-30%

~~Áður: kr. 3.595~~

**2.516 kr.**

**KÚPLAR, 20 CM**

Kúplar, 26 cm, **kr. 2.796.** ~~Áður: kr. 3.995~~
**Litir:** Svart/grátt/hvítt



-30%

~~Áður: kr. 4.595~~

**3.216 kr.**

**ÚTILJÓS ÁN RÖRS**

**Litir:** Svart/hvítt/rúst



-30%

~~Áður: kr. 4.995~~

**3.496 kr.**

**ÚTILJÓS**

**Litir:** Svart/hvítt/rúst



-30%

~~Áður: kr. 4.995~~

**3.496 kr.**

**VEGGLJÓS**

**Litir:** Svart/hvítt/rúst

-20%



~~Áður: kr. 4.995~~

**3.996 kr.**

**VEGGLJÓS. TVÆR GERÐIR**

Staur, hæð: 80 cm, **kr. 5.596.** ~~Áður: kr. 6.995~~

-20%



~~Áður: kr. 3.995~~

**3.196 kr.**

**VEGGLJÓS. TVÆR GERÐIR**

Staur, hæð: 110 cm, **kr. 5.586.** ~~Áður: kr. 6.995~~



-20%

~~Áður: kr. 4.595~~

**3.676 kr.**

**HALLANDI LED VEGGLJÓS**

Bein LED veggljós, **kr. 4.796.** ~~Áður: kr. 5.995~~
LED staur, hæð: 50 cm, **kr. 6.396.** ~~Áður: kr. 7.995~~

RAFMAGNSVÖRUR
Á **LÆGRA** VERÐI

**RAFVÖRUMARKAÐURINN**

Líkaðu við okkur á Facebook

Rafvörumarkaðurinn við Fellsmúla | 108 Reykjavík | Sími: 585 2888

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

# Til skammar að rukka fyrir grunnskólann



Óli Kr. Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Með upphafi skólahalds kemst tilveran í fastari skorður hjá fjölda barna eftir sumarfrí. Vinir hittast á ný og þau sem eru að taka sín fyrstu skref í námi hlakkar til að takast á við ný viðfangsefni.

Upphaf skólahalds getur hins vegar verið hluta foreldra nokkurt áhyggjuefni líkt og greint er frá í umfjöllun Fréttablaðsins í dag. Kostnaður vegna námsgagna fyrir grunnskólabörn er mjög mismunandi á milli skóla og sveitarfélaga.

Sums staðar er fólk gert út af örkinni með nákvæma innkaupalista og annars staðar innheimta skólar fast gjald og gögnin eru afhent í skólanum. Sú leið virðist alla jafna ódýrari.

Fólk með tvö til þrjú börn á framfæri getur hins vegar staðið frammi fyrir viðbótarkostnaði upp á tugi þúsunda. Undir því stendur fólk misvel.

Svo virðist sem um falinn vanda sé að hluta að ræða, því einstakir kennarar og svo góðgerðarsamtök á borð við Hróa Hött barnavinafélag (HHB) hafa hlaupið undir bagga með börnum úr efnaminni fjölskyldum og lagt út fyrir námsgögnum, matarkostnaði og fleiri útgjaldaliðum sem tengjast skóla- og tómstundahaldi.

Umfangið er óvíst en ljóst að það er nokkuð. HHB veitti í fyrra 90 styrki til barna í 16 af 182 grunnskólum landsins.

Ísafjarðarbær hefur gengið á undan með góðu fordæmi og útvegar börnum í grunnskólum fjögurra byggðakjarna þess sveitarfélags námsgögn endurgjaldslaust.

Fagnaðarefni er að Samband íslenskra sveitarfélaga ætli að taka málið upp á næstunni, eftir áskoranir Barnaheilla og Heimilis og skóla um gjaldfrjálsan grunnskóla.

Og auðvitað á það gjaldfrelsi líka að ná til mötuneyta skólanna. Sögur á borð við þær að svöngum börnum sé vísað úr matarröð síns skóla vegna útistandandi reikninga foreldranna eru okkur ekki sæmandi sem þjóð. Upp kemur í hugann mynd af Óliver Twist með matarskálina biðjandi um meira.

Ef einhver manndómur er í sveitarstjórnarfólki þessa lands þá kemur það sér saman um stefnu í skólamálum þar sem mismunun er útrýmt og landið fær staðið undir skuldbindingum sínum samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hér á grunnskóli að vera gjaldfrjáls með öllu. Þannig eru öll börn jafnsett í sínum skóla.

Markmiðið er að gera sjálfboðaliðastarf á borð við það sem HHB stendur fyrir óþarft. Taka má undir orð Sigríðar Jónsdóttur, formanns samtakanna, í blaðinu í dag þar sem hún segir sjálfsagt að bæði máltíðir barna og skólagögn standi þeim til boða án greiðslu, sem og tómstundastarf sem brúi bilið yfir vinnudaginn.

**Ef einhver manndómur er í sveitarstjórnarfólki þessa lands þá kemur það sér saman um stefnu í skólamálum þar sem mismunun er útrýmt.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Heiða hætt við**
Heiða Kristín Helgadóttir, varaþingkona Bjartrar framtíðar, mun ekki gefa kost á sér sem formaður flokksins. „Metnaður minn liggur í því að leggja því verkefni lið og ég met stöðuna þannig að það verði best gert með því að ég taki sæti á Alþingi í haust í fæðingarorlofi Bjartrar Ólafsdóttur og veiti nýrri forystu stuðning til góðra verka. Þar vil ég sjá konu fremsta meðal jafningja,“ segir hún í færslu á Facebook.

**Óábyrg ákvörðun?**
Ákvörðun Heiðu er athyglisverð og jafnvel óábyrg. Ekki er liðinn mánuður síðan hún sagðist treysta sér til að leiða Bjarta framtíð og gagnrýndi formann flokksins nokkuð harkalega. „Vandinn er ekki tilkominn vegna þess að kjósendur skilja ekki flokkinn heldur er hann vandi formannsins og þeirra sem starfa í Bjartri framtíð,“ sagði hún í viðtali við Kjarnann í byrjun mánaðar.

**Upphafið að endalokunum**
Fylgi Bjartrar framtíðar var þegar farið að síga en gagnrýni Heiðu var það sem sló botninn úr tunnunni. Gagnrýni hennar markaði upphafið að rótleysi flokksins í íslenskum stjórnmálum. Flokkar með dalandi fylgi hafa vart efni á því að glíma við fylgistap á sama tíma og flokksmenn berast leynt og ljóst á banaspjótum.

stefanrafn@frettabladid.is

# Samstaða um mannúð og réttaröryggi



Þórir Guðmundsson
deildarstjóri Rauða krossins í Reykjavík

Frumvarpsdrögin sem þingmannanefnd undir forystu Óttars Proppé birti á mánudag er stórviðburður á heimsvísu. Á meðan Evrópa logar í deilum um flóttafólk og farendur þá hafa íslensku stjórnmálaflokkarnir komið sér saman um reglur þar sem mannúð og réttaröryggi eru í fyrirrúmi.

Jafnvel á Norðurlöndum hafa flokkar sem berja í trumbur útlendingaandúðar náð ótrúlegu fylgi. Það hefur aldrei tekist á Íslandi. Samstaðan, sem hefur náðst um útlendingafrumvarpið sem nú er kynnt á vef innanríkisráðuneytis, er dýrmæt. Hún er líka brothætt.

Samheldni í samfélaginu er lykilgæði í huga flestra Íslendinga. Það útskýrir áhyggjur margra af hingaðkomu fólks til aðseturs í landinu. Þess vegna er mikilvægt að ræða í þaula stefnuna í þeim málum og að staðreyndir – ekki tilbúningur – upplýsi þá umræðu.

Flóttamenn eru lítill hluti þeirra sem hingað leita. Enn færri fá leyfi til að vera. Flóttamenn sem stjórnvöld bjóða til landsins hafa verið tíu til fimmtán á ári síðustu ár. Til samanburðar má líta til þess að hér á landi eru rúmlega 20 þúsund einstaklingar með erlent ríkisfang – flestir Pólverjar en einnig fólk annars staðar að.

Allt þetta fólk – bæði þeir sem koma í leit að vernd og hinir, miklu fleiri, sem koma vegna fjölskyldutengsla eða vegna vinnu – þarf að upplifa sig velkomið í nýju landi. Stjórnvöld, félagasamtök og einstaklingar geta hjálpast að við það.

Á vegum Rauða krossins í Reykjavík aðstoða sjálfboðaliðar til dæmis við heimanám barna og leiðbeina fólki sem veit ekki hvert það á að snúa sér í leit að vinnu, íbúð eða gagnvart hinum ýmsu opinberu kerfum.

Íslendingar eru í kjöraðstöðu til að stýra þessum málum í góðan farveg. Við getum deilt okkar samfélagsgildum með öðrum, sem hér vilja búa, og notið þess í leið sem þeir hafa upp á að bjóða. Tillögur þingnefndarinnar, sem allir flokkar á þingi komu að, eru kærkomið skref í þessa átt. Í frumvarpinu kemur orðið mannúð fyrir 24 sinnum. Þegar við byrjum að ræða – og jafnvel deila – um tillögurnar, þá er mannúð ekki svo slæmur leiðarvísir.

**Jafnvel á Norðurlöndum hafa flokkar sem berja í trumbur útlendingaandúðar náð ótrúlegu fylgi.**

FS
Félag skipstjórnarmanna

**Golfmót Félags skipstjórnarmanna 2015**

**Golfmót FS fer fram mánudaginn 31. ágúst á Garðavelli á Akranesi og hefst kl. 13.00.**

Mótið er fyrir félagsmenn og eiginkonur þeirra. Félagsmönnum er heimilt að taka með sér einn gest. Keppt verður um titilinn Golfkapteinn ársins. Punktakeppni. Verðlaun fyrir 1. 2. og 3. sæti. Nándaverðlaun á par 3 holum.

**Skráning á ab@skipstjorn.is eða í síma 520 1280**

Mótsgjald kr. 2000 pr. mann. Léttar veitingar í mótslok.

***Golfdeild FS***

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Þrælastríð

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Það átti eftir að koma Bandaríkjamönnum í koll að taka ekki ákveðna afstöðu gegn þrælahaldi strax með sjálfstæðisyfirlýsingunni 1776 og síðan með stjórnarskránni 1787 heldur láta sér duga almenna og í reyndinni bitlausa yfirlýsingu um jafnrétti.

Sjálfstæðisyfirlýsingin hefst svo að loknum aðfaraorðum (í þýðingu Jóns Ólafssonar ritstjóra frá 1884): „Vér ætlum þessi sannindi auðsæ af sjálfum sér: – að allir menn eru skapaðir jafnir; að þeir eru af skapara sínum gæddir ýmsum ósviftanlegum réttindum; að á meðal þessara réttinda eru líf, frelsi og viðleitni til velvegnunar; ...“

**Þögn um þrælahald**

Þar eð ekkert var sagt um þrælahald hvorki í sjálfstæðisyfirlýsingunni né stjórnarskránni var þögnin yfirleitt túlkuð sem samþykki þótt þrælahald bryti bersýnilega gegn upphafsorðum sjálfstæðisyfirlýsingarinnar og anda stjórnarskrárinnar.

Höfundum beggja skjala var í lófa lagið að reyna að afnema þrælahald. Rússar höfðu afnumið þrælahald hálfri öld áður, 1723, þótt bændaánauð væri ekki aflétt þar fyrr en síðar. Sumir höfundar bandarísku stjórnarskrárinnar voru sjálfir þrælahaldarar, þar á meðal George Washington, Thomas Jefferson og James Madison, sem allir urðu síðan forsetar Bandaríkjanna. Þrælar höfðu ekki atkvæðisrétt. Ekki konur heldur.

Bretar afnámu þrælahald í nýlendum sínum 1833 og Frakkar og Danir 1848. Argentína afnam þrælahald 1853 og Perú 1854 og Rússar afnámu bændaánauðina 1861. Það ár hófst borgarastyrjöld í Bandaríkjunum.

> Enn í dag, 150 árum síðar, eimir eftir af ósigri suðurríkjanna.

**Hvers vegna stríð?**

Bandaríkjamenn höfðu lagt bann við innflutningi á þrælum 1808 eins og Bretar höfðu gert árið áður, en viðskipti með þræla héldu samt áfram heima fyrir. Þrælahaldarar héldu sínu striki, einkum baðmullarbændur í suðurríkjunum. Veldi þeirra fór vaxandi. Styrkur norðurríkjanna fór einnig vaxandi. Þau voru fleiri og fjölmennari og þar fór andstaðan gegn þrælahaldi harðnandi. Íbúar suðurríkjanna 11 voru 9 milljónir 1861 (þar af 4 milljónir þræla) á móti 21 milljón í norðurríkjunum 23.




**Klofningur borgarastríðsins í Bandaríkjunum hefur enn áhrif og birtist meðal annars, að mati greinarhöfundar, í andstöðu suðurríkjanna við umbætur Bandaríkjaforseta í heilbrigðismálum.** Fréttablaðið/EPA

Suðurríkjamenn óttuðust að norðurríkin myndu neyta aflsmunar á þinginu í Washington og setja þeim stólinn fyrir dyrnar með því að banna þrælahald með lögum á landsvísu. Slíkt bann töldu suðurríkjamenn mundu brjóta gegn stjórnarskrárvörðum ákvörðunarrétti einstakra fylkja. Þar að kom 1861 að ótti suðurríkjamanna við bann gegn þrælahaldi leiddi sjö suðurríki (Suður-Karólínu, Mississippi, Flórída, Alabama, Georgíu, Lúísíana og Texas) til að segja sig úr lögum við norðurríkin og stofna sjálfstætt ríki. Hin fjögur suðurríkin bættust skömmu síðar í hópinn (Virginía, Arkansas, Norður-Karólína og Tennessee).

Abraham Lincoln var þá nýkjörinn forseti. Honum var mjög í mun að halda Bandaríkjunum saman. Hann var andvígur linkind í þrælamálinu. Einkum fannst honum stafa hætta af því að ný ríki í vestanverðu landinu leyfðu þrælahald, þar eð þá gætu andstæðingar þrælahalds í norðurríkjunum orðið að minni hluta í öldungadeild Bandaríkjaþings þar sem hvert fylki hafði og hefur enn tvo þingmenn óháð fólksfjölda. Í fyrstu taldi Lincoln nóg að stöðva útbreiðslu þrælahalds til vesturríkjanna og leyfa þrælahaldinu í suðurríkjunum að lognast út af smám saman. Honum varð brátt ljóst að suðurríkjamenn hygðust verja hagsmuni sína af hörku. Þeir hleyptu af fyrsta skotinu í stríði sem stóð í fjögur ár, allt fyrra kjörtímabil Lincolns, og kostaði 600 þúsund mannslíf, þar á meðal líf Lincolns sjálfs þegar hann var myrtur fimm dögum eftir stríðslok.

**Arfleifð Lincolns**

Þótt Lincoln legði höfuðáherzlu á einingu ríkisins, fór hann ekki leynt með afstöðu sína til þrælahalds sem hann orðaði m.a. svo: „Ef þrælahald er ekki rangt, þá er ekkert rangt.“ Þrælum var veitt frelsi strax að loknu stríði 1865 án þess að nokkrar bætur kæmu fyrir nema í Washington þar sem þrælahöldurum voru greiddir 300 dalir á hvern þræl til málamynda.

Margir töldu einsýnt frá byrjun að suðurríkin gætu ekki haft sigur í borgarastríðinu þar eð þau voru svo miklu fámennari en norðurríkin. En herir suðurríkjanna börðust nánast til síðasta manns. Þegar Bandaríkjamenn börðu sér á brjóst og sögðust aldrei hafa tapað stríði eins og sumir þeirra gerðu fram að stríðslokum í Víetnam 1975, þá var það ekki rétt af sjónarhóli suðurríkjamanna.

Bandarískir blökkumenn þurftu að bíða í önnur 100 ár eftir fullum mannréttindum að lögum og búa þó margir enn í reynd við skert mannréttindi heima fyrir. Enn í dag, 150 árum síðar, eimir eftir af ósigri suðurríkjanna. Þau fylki sem þráskallast nú við að framfylgja nýrri heilbrigðistryggingalöggjöf sem kennd er við Barack Obama forseta og bætir einkum hag fátæks blökkufólks og Hæstiréttur hefur úrskurðað að standist stjórnarskrána eru flest gömul þrælaríki.

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

Skrifstofuhúsnæði til leigu
Fjölbreyttar stærðir í boði

Fellsmúli 26

108 Reykjavík
- Sveigjanleg stærð á leigurýmum
- Stærð á leigurýmum frá 30 m²
- Glæsilega innréttuð rými

Stórhöfði 23

110 Reykjavík
- Flott rými á 4. hæð
- Leigurými 218 m²
- Gott aðgengi og lyfta í húsinu

Krókháls 5

110 Reykjavík
- Snyrtileg skrifstofurými
- Leigurými frá 200 m²
- Góð aðkoma og næg bílastæði

Hlíðasmári 11

201 Kópavogi
- Glæsilegt rými á 3. hæð
- Leigurými 302 m²
- Frábær staðsetning

Síðumúli 28

108 Reykjavík
- Mjög vandað rými
- Leigurými frá 200 m²
- Frábær staðsetning

Dvergshöfði 2

110 Reykjavík
- Mjög vönduð rými á 2. og 8. hæð
- Leigurými frá 300 m²
- Einstaklega glæsileg skrifstofubygging

Nánari upplýsingar í síma 666 4000 eða leiga@reginn.is

Félagi í fasteignum reginn.is reginn@reginn.is sími: 512 8900

SVEITARSTJÓRNARMÁL



Fréttablaðið/Vilhelm

# Nú fitnaði bílastæðasjóður!



Dagþór Haraldsson
borgari í Reykjavík

**Þessi röð bíla var ekki fyrir neinum og olli engum skemmdum. Sumsé öllum að meinalausu.**

Dagurinn er 22. ágúst. Menningarnótt. Hátíðisdagur allra Reykvíkinga. Öllum miðbænum lokað fyrir bílaumferð. Aðgangur er tepptur í öll bílastæðahús borgarinnar. Búinn er til skortur á bílastæðum. Á sama tíma er búist við vel yfir 100 þúsund manns í miðborgina. Boðið er upp á frítt far í almenningsvagnana en það getur aldrei hentað öllum. Skutla á að ferja fólk frá Kirkjusandi og niður í bæ, en byrjar ekki fyrr en tólf. Grandvaralaus borgari ákveður að mæta í „glæpagöngu“ sem átti að hefjast við stjórnarráðshúsið klukkan ellefu. Helst þótti vænlegt að finna bílastæði við HÍ, en þar var ekki stæði að finna á afmarkaða bílastæðinu. En röð bíla hafði verið lagt upp á gras við bílastæðið og viðkomandi þóttist heldur heppinn að þar var eitt stæði laust. Þessi röð bíla var ekki fyrir neinum og olli engum skemmdum. Sumsé öllum að meinalausu.

„Glæpagöngunni“ lauk um eitt og þegar komið var aftur að bílnum þá beið „glaðningurinn“ eða hitt þó heldur. Miði á framrúðunni og sekt upp á heilar 10 þúsund krónur! „Stórglæpa“-varnarsveit Reykjavíkur hafði verið kölluð út til að notfæra sér þessar heimatilbúnu kjöraðstæður. Tækifærið gat ekki verið betra til að láta „svínin“ finna fyrir því. Það væri gaman að fá uppgefna upphæðina, sem Reykjavík tókst komast yfir þennan svokallaða hátíðisdag, sem var svo sannarlega ekki hátíðisdagur allra.

**Samhengi ekkert við brotið**

Upphæð sekta á að ákvarðast af tvennu. Fyrst skal telja alvarleika brotsins og hvaða afleiðingar brotið hefði getað haft á samfélagið og samborgarana. Síðan að fæla fólk frá því að brjóta af sér, þar sem það veit að annars er sekt yfirvofandi. Að rukka 10 þúsund krónur í þessu tilfelli er einfaldlega valdbeiting framkvæmd af löglegu yfirvaldi og er ekki í neinu samhengi við brotið sjálft. 5 þúsund hefði verið hægt að sætta sig við.

Er ekki kominn tími til að borgaryfirvöld láti af ofsóknum sínum gagnvart bíleigendum? Hlutverk borgarstjórnar er að vinna fyrir alla borgarana, en ekki láta öfgastefnufólki eftir að fara offari gegn samborgurum sínum. Þetta eru ljótar og lúalegar aðferðir borgaryfirvalda.

Ég skal glaður borga 5 þúsund fyrir þessa yfirsjón mína, en ég óska eftir að „valdbeitingar“-hlutinn (5 þúsund krónur) verði endurgreiddur.

IÐNAÐUR

# Er húshitun Reykvíkinga ógnað af vinnslu jarðvarma til raforkuframleiðslu?



Ólafur G Flóvenz
dr.scient. í jarðeðlisfræði og forstjóri Íslenskra orkurannsókna (ÍSOR)



Guðni Axelsson
PhD í forðafræði jarðhita og sviðstjóri kennslu og þróunar hjá ÍSOR

Athugasemdir vegna greinar Gunnlaugs H. Jónssonar í Fréttablaðinu.

Í nýlegri grein Gunnlaugs Jónssonar í Fréttablaðinu og viðtali við hann á RÚV komu fram atriði sem byggjast á misskilningi á eðli jarðhitakerfa.

Í Fréttablaðinu segir Gunnlaugur: „Milli jarðvarmavirkjana að Svartsengi og á Reykjanesi eru aðeins 14 km og þar á milli liggja Eldvörp. Milli þessara svæða liggur brotabelti Mið-Atlantshafshryggjarins og því eru mikil tengsl milli þessara jarðhitasvæða.“ Fjarlægð milli tveggja jarðhitastaða er ekki góður mælikvarði á tengsl milli þeirra. Það er lekt berglaga en ekki fjarlægðin sem ræður tengslunum. Áratuga vinnsla í Svartsengi sýnir óveruleg tengsl milli jarðhitasvæðanna í Svartsengi og á Reykjanesi en nokkuð greið tengsl milli Eldvarpa og Svartsengis. Þau segja þó ekkert til um hvort hægt sé að auka heildarorkuframleiðsluna með vinnslu í Eldvörpum. Það má meta með forðafræðilegum líkanreikningum en endanlegt svar fæst ekki nema láta á það reyna með borunum.

**Jarðhitakerfið jafnar sig**

Gunnlaugur skrifar einnig: „Eftir aðeins örfárra ára nýtingu fellur raforkuframleiðsla Hellisheiðarvirkjunar nú um 2% árlega sem er í andstöðu við þau skilyrði sem sett eru í rammaáætlun um sjálfbæra vinnslu jarðvarma.“ Þeir sem hafa sett sig eitthvað inn í vinnslu jarðhita og skilgreiningar á sjálfbærni vita að afl jarðhitavirkjana fellur á upphafsárum framleiðslunnar vegna þrýstilækkunar í jarðhitakerfinu, oft um 1-3% á ári. Það hefur ekkert að gera með sjálfbærni vinnslunnar til lengri tíma. Til að mæta aflrýrnuninni þarf að bora viðhaldsholur með vissu millibili. Ef vinnslan er sjálfbær þá dregur rólega úr aflrýrnuninni og vinnslan nálgast að vera stöðug. Ef það gerist ekki er um ósjálfbæra (ágenga) vinnslu að ræða og þá dregur sjálfkrafa úr vinnslunni uns sjálfbærnimörkum er náð. Í því tilviki mun virkjun skila minni afköstum en ráð var fyrir gert og það getur leitt til fjárhagstjóns. Það er hins vegar engin hætta á að ágeng vinnsla skaði jarðhitakerfið sjálft; það jafnar sig með tíma.

Uppsett rafafl Hellisheiðarvirkjunar er 303 MW og má gera ráð fyrir að aflrýrnun verði um 3-9 MW á ári. Það jafngildir því að bora þurfi árlega 1-2 viðhaldsholur. Gert var ráð fyrir þessu í forðafræðilíkönum Hellisheiðarvirkjunar. Hins vegar hefur viðhaldsborunum verið frestað og því hefur orkuframleiðslan minnkað. Það getur hins vegar vel verið að núverandi vinnsla reynist ósjálfbær þegar fram í sækir. Þá er þrennt til ráða, að sætta sig við aflminnkun, styðja við þrýstiminnkun með breyttri tilhögun niðurdælingar eða að sækja viðbótarorku á nálæg svæði eins og verið er að gera nú.

**Gott að virkja í smáum skrefum**

Gunnlaugur gagnrýnir þann 100-300 ára tímaramma sem notaður er við skilgreiningu á sjálfbærni jarðhitavinnslu. Tímaramminn felur í sér að hægt sé með líkanreikningum að álykta að halda megi óbreyttri vinnslu svo lengi. Hægt væri að hafa tímarammann lengri en þá yrði reikningsóvissan yfirþyrmandi. Breytt tækni eftir 100-300 ár gæti ekki síður gjörbreytt viðhorfi til jarðhitavinnslu þannig að vangaveltur um sjálfbærni til lengri framtíðar þjóna vart tilgangi. Margir misskilja tímarammann og telja að búið verði að nýta alla orku úr jarðhitasvæðinu að þeim tíma liðnum. Því fer víðs fjarri.

Þá hélt Gunnlaugur því fram að hægi menn ekki á vinnslu á Hellisheiði þá munum ekki hafa orku til húshitunar í framtíðinni. Með grófum rúmmálsreikningum fæst að það tæki um 1.500 ár að kæla svæðið í 80°C með 4.000 MW meðalvarmavinnslu. Er þá ekki reiknað með neinni endurnýjun varmaforðans. Þar við bætist að það er tæplega hagkvæmt að halda áfram að framleiða raforku ef jarðhitasvæðið myndi kólna niður undir 200°C. Ef þeim mörkum yrði náð eftir nokkrar aldir yrði raforkuvinnslu sjálfhætt en nægur varmaforði eftir til húshitunar um ókomna tíð. En hvernig verður ástandið á Íslandi eftir 1.500 ár? Munu þá búa hér 10 milljónir manna eða verður komin ísöld svo íbúarnir verða ekki mennskir? Svona langt fram í tímann er marklítið að hugsa.



Fréttablaðið/Vilhelm

Sérfræðingar ÍSOR hafa um aldarfjórðungs skeið haldið því fram að heppilegast sé að virkja jarðhita í smáum skrefum til að finna mörk sjálfbærrar vinnslu. Sjálfbærnimörk eru aldrei þekkt áður en framleiðsla hefst og þau getur tekið mörg ár að finna þau. Uppbyggingin á Nesjavöllum og í Svartsengi var í smáum skrefum, en síður á Reykjanesi og Hellisheiði. Fjárhagsleg rök kunna þó að leiða til þess að heppilegra sé að byrja stórt en sætta sig síðan við að langtímaframleiðslan verði minni í staðinn.

*Ítarlegri útfærslu þessarar greinar má sjá á visir.is og á (http://isor.is/greinar-um-orkumal) ásamt fleiri greinum um jarðhitavinnslu.*

TÓNLISTARNÁM

# Höfuðborg eða hjáleiga?



Freyja Gunnlaugsdóttir
aðstoðarskólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík

Á síðustu vikum hefur mikið verið fjallað um slæma stöðu tónlistarskóla í Reykjavík og átök ríkis og Reykjavíkurborgar um hver eigi að greiða kennslukostnað við tónlistarnám á framhaldsstigi. Deilan hefur haft gríðarleg áhrif á starfsemi þeirra skóla sem sérhæfa sig í kennslu á því námsstigi og ef ekki finnst lausn á henni mun hún valda tónlistarnemendum í Reykjavík enn alvarlegri skaða en þegar er orðinn. Málið á sér þó langan aðdraganda og hafa þessi átök um tónlistarmenntun varað árum saman.

**Forsaga**

Árið 1989 voru málefni tónlistarskólanna færð yfir til sveitarstjórnarstigsins. Þá tóku sveitarfélögin alfarið að sér að greiða kennslukostnað en til þess voru þeim tryggðir sérstakir tekjustofnar. Árið 2003 tók Reykjavíkurborg einhliða ákvörðun um að hætta að greiða fyrir kennslu nemenda sem áttu lögheimili utan Reykjavíkur. Sú ákvörðun hafði áhrif á tónlistarnám margra. Einkum bitnaði hún illa á nemendum við skóla sem sérhæfðu sig í kennslu á framhaldsskólastigi, líkt og Tónlistarskólann í Reykjavík, Tónlistarskóla FÍH og Söngskólann í Reykjavík. Fram að þessu hafði þótt eðlilegt að fólk sækti framhaldsmenntun til höfuðborgarinnar enda voru það þessir skólar sem öðrum fremur undirbjuggu nemendur undir atvinnumennsku í tónlist og frekara háskólanám. Þessi ákvörðun leiddi til þess að nemendur voru bundnir vistarböndum í sínu sveitarfélagi eða þurftu að semja sérstaklega við sín sveitarfélög um að fá að stunda nám í Reykjavík.

**Samkomulag um eflingu náms**

Þann 13. maí 2011 undirrituðu fulltrúar ríkis og sveitarfélaga samkomulag um eflingu tónlistarnáms á Íslandi. Samkomulagið var gert eftir nokkurra ára deilur ríkis og sveitarfélaga um hver ætti að bera kostnað af kennslu á framhaldsstigi í tónlistarskólum landsins. Deilan átti fyrst og fremst rætur að rekja til fyrrnefndrar ákvörðunar Reykjavíkurborgar. Skólarnir bundu miklar vonir við samkomulagið, því það átti að bæta fyrir niðurskurð undangenginna ára, jafna aðstöðumun nemenda og skýra hver bæri ábyrgð á kennslukostnaði.

**Önnur sveitarfélög hafa greitt þann kostnað sem vantar upp á kennslukostnað í framhaldsnámi.**

Strax sama haust kom í ljós að ríki og Reykjavíkurborg lögðu ólíkan skilning í inntak samkomulagsins. Fulltrúar Reykjavíkur héldu því fram að nám á framhaldsstigi í tónlist væri sambærilegt námi í framhaldsskólum og á ábyrgð ríkisins og drógu því allt það fjármagn sem borgin hafði lagt til framhaldsstigsins út úr málaflokknum. Á móti bentu fulltrúar ríkisvaldsins á að lögum samkvæmt væri rekstur tónlistarskóla á ábyrgð sveitarfélaga.

Allar götur síðan hafa ríki og borg deilt um hver eigi að greiða þennan kennslukostnað, engir þjónustusamningar hafa verið gerðir við skólana um kennslu á þessu skólastigi og skólarnir hafa hvað eftir annað staðið frammi fyrir greiðsluþroti og því að geta ekki greitt kennurum sínum laun. Tónlistarskólunum hefur verið bjargað fyrir horn með bráðabirgðaúrræðum og neyðarlánum en ennþá hefur engin framtíðarlausn fundist. Á meðan fjárhagsleg ábyrgð á kennslukostnaði hefur ekki verið skilgreind er rekstur þeirra skóla sem sérhæfa sig í kennslu á framhaldsstigi í uppnámi og framtíð þeirra óörugg.

**Hver ber ábyrgðina?**

Deila Reykjavíkurborgar og ríkis snýst fyrst og fremst um hver eigi að greiða kennslukostnað á framhaldsstigi í hljóðfæraleik og mið- og framhaldsstigi í söng. Reykjavíkurborg hefur eitt allra sveitarfélaga á landinu kosið að skilja samkomulagið á þann veg að ríkið beri alla ábyrgð á kennslu í tónlist á framhaldsstigi. Önnur sveitarfélög hafa greitt þann kostnað sem vantar upp á kennslukostnað í framhaldsnámi.

Röksemdir Reykjavíkurborgar í deilunni verða að teljast hæpnar. Samkvæmt verkaskiptasamningi milli sveitarfélaga og ríkisins sem hefur verið í gildi frá 1989, sem byggist á lögum um tónlistarskóla, taka sveitarfélögin alfarið að sér rekstur tónlistarskóla og launagreiðslur til þeirra. Til þess að takast á við verkefnið voru sveitarfélögunum tryggðir sérstakir tekjustofnar sem ekki hefur verið hreyft við þrátt fyrir sinnaskipti borgarinnar.

Skilningur Katrínar Jakobsdóttur, fyrrverandi menntamálaráðherra, og Illuga Gunnarssonar, núverandi menntamálaráðherra, á samkomulaginu er sá sami: 520 m.kr. sem ríkið setti inn í málaflokkinn 2011 var ætlað að vera viðbótarfjármagn til eflingar tónlistarkennslu og til þess að losa átthagafjötra tónlistarnemenda á framhaldsstigi, en átti ekki að kosta alla kennslu á því námsstigi.

**Menningarborg**

Reykjavík er höfuðborg Íslands og verður að standa undir nafni sem slík. Styrkur íslensks tónlistarlífs byggist á því góða starfi sem hefur verið unnið í tónlistarskólum landsins á undanförnum áratugum. Það eru ekki síst þeir skólar sem sérhæfa sig í kennslu á framhaldsstigi í Reykjavík sem hafa lagt grunninn að blómlegu tónlistarlífi á Íslandi.

Reykjavíkurborg ætti að tryggja sér sess sem menningarborg með því að verja það sem er gott í menntakerfinu, taka ábyrgð á tónlistarskólunum og tryggja að sú kynslóð tónlistarnemenda sem nú vex úr grasi fái eins góða menntun og kostur er.

*Greinin er lengri á visir.is.*



# Vertu eins og heima hjá þér

## ELLY
Þriggja sæta sófi.
Litir: Ljósgrár, grár og Town dökkgrár.
Stærð: 183 x 82 x 85 cm

**79.990 kr.** ~~99.990 kr.~~

## ANACO XL
Hornsófi með hægri tungu.
Slitsterkt grátt corsica áklæði.
Stærð: 288/212 cm. H: 80 cm.



**199.990 kr.** ~~299.990 kr.~~

## ASTRO
Hefur verið ófáanlegur í 30 ár. Litir: Grár, dökkgrár, rauður, kakí og appelsínugulur.
Stærð: 77 × 73 × 82 cm



**49.990 kr.** ~~59.990 kr.~~

1.



2. 3. 4. 5.



6.



7.



**1.** EG Nordic ljós 18 cm (til í fleiri stærðum) **13.990 kr.** **2.** Paul Pava vasi eða kanna 23 cm **3.990 kr.** **3.** Iittala Kivi kertastjaki. Verð **5.990 kr.** **4.** IVV Iroko glas, 30 cl **1.990 kr.** **5.** IVV Iroko kanna 1,6 l. **7.990 kr.** **6.** Marlux piparkvörn 30 cm. **12.990 kr.** **7.** Broste lukt 73,5 cm. **12.990 kr.** ~~16.490 kr.~~



# Yfirlýsing vegna Extreme Chill Festival



**Sigursteinn Sigurðsson**
f.h. stjórnar Vitbrigða Vesturlands

**Aðgerðir Lögreglunnar á Vesturlandi eru að skemma þessa miklu vinnu sem skipuleggjendurnir hafa lagt í hátíðina.**

Við erum Vestlendingar og höfum alltaf verið talsmenn lögreglunnar þar. Við þekkjum lögreglumenn og -konur á öllu Vesturlandinu og höfum sum okkar í gegnum þau kynni kynnst þeim ljóta heimi sem þetta góða fólk þarf að takast á við.

Við erum líka skapandi fólk og störfum við listir. Við erum stjórn Vitbrigða Vesturlands sem eru samtök skapandi, ungs fólks á Vesturlandi. Okkar félagsmenn búa í landshlutanum eða eru með tengingar þangað af einhverju tagi, en hafa það sameiginlegt að vilja starfa þar og efla menningu og mannlíf á sínum svæðum. Okkur hefur gengið það ágætlega og við deilum þeim göfuga draumi að vilja skapa frjótt og ögrandi umhverfi fyrir okkur og aðra til að dafna í.

**Þakklæti er drjúg umbun**

Við vinnum mikið að því að láta þessa drauma okkar verða að veruleika. Við leggjum líka allt í sölurnar til þess að svo verði. Oft er okkar hugmyndum og gjörningum tekið með fyrirvara en þegar ávöxturinn fer að sjást förum við að finna fyrir þakklæti heimafólks. Þegar það gerist erum við búin að leggja óendanlega vinnu á okkur. Meirihlutann af þessari vinnu fáum við aldrei greiddan í peningum og ef svo væri værum við öll rík ef við hefðum fengið fulla umbun fyrir þær sýningar, viðburði, listaverk og félagastarf sem við höfum unnið fyrir menninguna og samfélagið á Vesturlandi. Þakklæti íbúa eru þó drjúg umbun og klapp á bakið er gulls ígildi.

Aftur á móti eru niðrandi orð og gjörðir særandi meira en orð fá lýst. Við höfum öll upplifað það að fara heim sár og leið eftir athugasemdir frá sveitungum og öðrum um okkar verk, verk Vitbrigðanna og listgreinanna sem við störfum við. Þessi neikvæðu og hrokafullu viðbrögð eru sprottin af vanþekkingu, fordómum og skilningsleysi en við erum einmitt að reyna að eyða því. Batnandi fólki er best að lifa og eftir lærdómsríkt ferli má fyrirgefa illa ígrundaðar athugasemdir.

En hvað gerir maður þegar heilt lögregluembætti ákveður beinlínis að vinna skemmdarverk á tónlistarviðburði á Snæfellsnesi? Til okkar hafa streymt undanfarna daga fréttir af fólki sem er beinlínis skelfingu lostið eftir harkalega meðferð Lögreglunnar á Vesturlandi – sem okkur þykir vænt um eins og ég benti á í upphafi þessarar greinar. Við þekkjum til margra þeirra sem tóku þátt í þessum aðgerðum og við vitum að þetta fólk er ekki svona.

Það er mjög mikilvægt að hafa góða gæslu á öllum þeim bæjar- og útihátíðum sem haldnar eru á Íslandi og allt of mörg fíkniefnamál komu upp á svona lítilli hátíð eins og Extreme Chill Festival er, einnig komu upp barnaverndarmál sem við erum mjög fegin að komu upp á yfirborðið svo hægt sé að grípa inn í þar sem þörf er á. Eins og sagt var í heimildarmyndinni „Bannað að vera fáviti“ um Eistnaflug í Neskaupstað var tekið fram að það munu alltaf koma dópistar sem varpa skugga á annars góða hátíð. En athyglisvert er að engin ofbeldismál komu upp á Hellissandi. Engum var nauðgað (að því sem við best vitum) og ekkert var skemmt og engu stolið ef marka má tilkynningu frá embættinu. Ef slíkt er borið saman við hinar ýmsu bæjarhátíðir um land allt, til að mynda Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum og Eina með öllu á Akureyri, myndi hátíðin hafa þótt fara vel fram. Hins vegar eru fjölmargir gestir sem upplifa sig niðurlægða og það af lögreglunni á Vesturlandi. Fjölmargir gestir sem neyta ekki einu sinni tóbaks sem þurftu að afklæðast fyrir framan ókunnuga. Hver er ástæðan fyrir því að svona er komið fram við fólk?

**Óorði komið á Vesturland**

Skipuleggjendur Extreme Chill Festival eru ekki óreglufólk heldur löghlýðnir, vinnandi skattgreiðendur. Þau voru ekki að skipuleggja dópfestival. Frystiklefinn á Rifi er líka á svifandi siglingu og það skiptir reksturinn þar gríðarlega miklu máli að ekki komi upp neikvæð umfjöllun um staðinn sem getur hreinlega rústað þeirri miklu skipulagsvinnu sem fer í að byggja upp svona stað og viðburði. Það er vinna sem hefur tekið mörg ár.

Aðgerðir Lögreglunnar á Vesturlandi eru að skemma þessa miklu vinnu sem skipuleggjendurnir hafa lagt í hátíðina. Þær koma einnig óorði á Vesturland sem menningarlandshluta og þar með er verið að skemma okkar vinnu og Vitbrigðanna svo um munar. Þess vegna erum við tilneydd til að fordæma þessar aðgerðir harðlega.

Við hvetjum Úlfar Lúðvíksson til að biðjast afsökunar á því harðræði sem saklausir gestir hátíðarinnar urðu fyrir og skipuleggjendur Extreme Chill Festival fyrir skilningsleysi og yfirgang. Á sama tíma vonum við að þessi atvik verði til þess að allir læri af því sem gerðist og hátíðin haldi áfram og dafni um ókomin ár. Við vonum innilega að Pan Thorarensen muni halda ótrauður áfram að göfga menninguna á Vesturlandi. Það væri hræðilegt ef þessir atburðir yrðu til þess að Extreme Chill Festival yrði ekki haldið aftur á Hellissandi.

Með virðingu til allra viðkomandi aðila, stjórn Vitbrigða Vesturlands.

# Fjárlög 2016: Er tiltektinni lokið?



**Frosti Ólafsson**
framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands



**Jafnvægi í rekstri hins opinbera ætti að líta á sem áfanga en ekki endastöð.**

Fjárlagafrumvarp ársins 2016 verður lagt fram á næstu vikum. Viðfangsefnið er af öðrum toga en verið hefur enda er rekstur hins opinbera kominn í jafnvægi eftir viðvarandi halla síðustu ár. Þá bendir flest til að hagvöxtur næstu ára skapi enn frekara rekstrarsvigrúm. Skynsamleg stefna í opinberum fjármálum er ekki síður mikilvæg á uppgangstímum en í samdrætti. Því ber sagan glöggt vitni.

Þrír valkostir eru í boði þegar afgangur myndast við rekstur hins opinbera. Hægt er að greiða niður skuldir, draga úr skattbyrði eða auka útgjöld. Af þessum valkostum er sá fyrsti skynsamlegastur. Lækkun skulda hefur margþætt jákvæð áhrif, bæði fyrir núverandi íbúa landsins sem og komandi kynslóðir. Rétt útfærðar skattalækkanir væru jafnframt skynsamlegt skref, enda var fjárlagahalli síðustu ára að mestu brúaður með skattahækkunum. Aukin útgjöld eru aftur á móti lakasti valkosturinn. Fyrir þessu eru ýmis rök.

**Dýrt að skulda**

Vaxtabyrði hins opinbera er þyngri á Íslandi en í Grikklandi. Vaxtakjör íslenskra heimila og fyrirtækja eru jafnframt langt yfir því sem gengur og gerist í öðrum þróuðum ríkjum. Hvort tveggja bitnar harkalega á lífskjörum hérlendis. Niðurgreiðsla opinberra skulda væri lóð á vogarskálarnar gegn háum vöxtum. Lánshæfi innlendra aðila batnar, endurfjármögnun verður auðveldari og hagstæðari, fjárfesting og langtímahagvöxtur eflast sem styrkir á endanum tekjugrunn hins opinbera enn frekar. Þessa þróun mætti kalla himnahring, enda andstæðan við þann vítahring sem sem ýmis skuldsett ríki hafa þurft að glíma við.

**Skattahækkunum skilað til baka**

Samtals hafa 132 skattahækkanir verið gerðar frá árinu 2007. Í mörgum tilfellum er um verulegar hækkanir að ræða, t.d. tvöföldun fjármagnstekjuskatts og þriðjungshækkun tryggingagjalds. Nú þegar svigrúm er að myndast er því eðlilegt að draga þessar hækkanir til baka. Að mati Viðskiptaráðs ætti lækkun tveggja skatta að vera í forgangi: tryggingagjalds og fjármagnstekjuskatts. Lækkun tryggingagjalds myndi draga úr verðbólguþrýstingi vegna nýlegra kjarasamninga og þannig viðhalda þeirri kaupmáttaraukningu sem stefnt var að. Lækkun fjármagnstekjuskatts hvetur til aukins sparnaðar og styður við langtímafjárfestingu. Þegar um hægist í efnahagslífinu á ný gæfist síðan tækifæri til að draga aðrar skattahækkanir til baka. Þannig mætti hverfa aftur til einfalds og samkeppnishæfs skattkerfis.

**Bætum þjónustu án útgjaldaaukningar**

Aðhaldsaðgerðir hins opinbera hafa einkennst af niðurskurði fjárfestinga fremur en hagræðingu í rekstri. Þannig héldust launagjöld óbreytt á föstu verðlagi á tímabilinu 2009 til 2014. Viðskiptaráð hefur bent á umsvifamikil tækifæri til að gera betur, fyrst og fremst í gegnum kerfisbreytingar og forgangsröðun verkefna. Í stað þess að leggja árar í bát og auka útgjöld á ný ættu stjórnvöld þvert á móti að vinna enn harðar að því að fá meira út úr opinberum fjármunum. Þannig mætti bæta þjónustu hins opinbera án þess að stofna þurfi til þensluhvetjandi útgjalda.

**Áfangi en ekki endastöð**

Jafnvægi í rekstri hins opinbera ætti að líta á sem áfanga en ekki endastöð. Enn á eftir að greiða niður íþyngjandi opinberar skuldir, skila skattahækkunum til baka og innleiða mikilvægar kerfisbreytingar hjá hinu opinbera. Ráðist stjórnvöld í þessi verkefni eru horfur hérlendis bjartar á komandi árum.

# Hagur fleiri fyrir hag færri



**Hermundur Sigmundsson**

Það er klárt mál að við sem þjóð höfum mörg mál sem við verðum að leysa til að hagur fleiri sé settur í forgang. Það er að segja það eru stór mál sem þarf að leysa þar sem ákvarðanir séu teknar án þess að hagsmunatengsl stjórni.

Nokkrar spurningar sem við sem þegnar þessa lands þurfum að svara:

**Auðlindir**

1 Er hægt að nýta auðlindir þjóðarinnar þannig að fleiri njóti góðs af?

2 Væri hægt að byggja upp sterkari grunnstoðir þjóðfélagsins, velferðarkerfi, með réttlátari nýtingu og skiptingu auðlinda?

3 Getur ríkisvaldið byggt upp eða komið að atvinnustarfsemi sem kæmi sem flestum landsmönnum til góða?

4 Gæti ríkið komið að uppbyggingu atvinnuhátta, svo sem nautgripaframleiðslu, svo að við yrðum sjálfbær á því sviði?

5 Gæti ríkið komið að frekari uppbyggingu atvinnugreina eins og fiskeldis og grænmetisræktar?

6 Gæti ríkið komið í sterkari mæli inn í fiskveiðar og væri hægt að sjá til þess að allir landshlutar gætu haft möguleika á kvóta til fiskveiða þannig að búseta á öllu landinu sé tryggð?

**Fjárhagskerfið**

7 Þyrfti ekki ríkisvaldið að taka meiri stjórn á bankakerfinu og eignast stærri hlut í þeim bönkum sem hér starfa?

8 Er ekki hinn almenni borgari búinn að búa nógu lengi við slæmar aðstæður, samanber verðtryggingu á lánum og háa vexti?

9 Er ekki kominn tími til að afnema verðtryggingu af lánum?

**Skólamál**

10 Verðum við ekki að sjá til þess að sem flestir læri að lesa þar sem lestur er undirstaða alls annars náms?

11 Þyrftum við ekki að endurskoða lengd kennaranáms? Ættum við ekki að miða kennsluréttindi við þriggja ára bachelornám (B.Ed.) og huga frekar að innri gæðum námsins?

**Við erum um það bil 330.000 íbúar þessa lands. Með réttri skiptingu okkar miklu auðlinda ættum við öll að geta haft það gott.**

12 Er ekki kominn tími til að vinna að betri launum kennara og leikskólakennara?

13 Ættum við ekki að endurskoða allt háskólaumhverfið, það er að segja stærð þess og hugsa frekar um gæði náms sem boðið er upp á?

14 Höfum við nógu mikið af fræðimönnum til að halda uppi svo stóru háskólaumhverfi sem er hér á landi?

Við erum um það bil 330.000 íbúar þessa lands. Með réttri skiptingu okkar miklu auðlinda ættum við öll að geta haft það gott.



Áður: 169.900,- **NÚ: 135.920,-**

Stærð: 300x234 cm.

20% AFSLÁTTUR • 20% AFSLÁTTUR • 20%

GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS

# 20% AFSLÁTTUR AF POLO HORNSÓFA

**AFSLÁTTUR GILDIR 27. ÁGÚST–2. SEPTEMBER**




**NÝ SENDING AF SKILTUM**
**VERÐ FRÁ 990,-**

**3 FYRIR 2 AF PÚÐUM**



**VINSÆLU ADELINE NÁTTBORÐIN KOMIN AFTUR**



**ADELINE NÁTTBORÐ**
**VERÐ: 39.900,-**
Stærð: 50x43xH68 cm.



**3 FYRIR 2 AF KERTUM**



**BEAUVAIS STÓLL**
**VERÐ: 29.900,-**
Stærð: 65x65xH74 cm.

**MARINDA STÓLL**
**VERÐ: 39.900,-**
Stærð: 62x71xH90 cm.

the PIER

GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

Erum á Facebook • www.pier.is

ANTON&BERGUR

## Manchester United er komið í riðlakeppni Meistaradeildarinnar á ný



**Þegar markastíflan brast þá kom flóð** Wayne Rooney skoraði langþráð mörk í sigri Manchester United á belgíska félaginu Club Brugge í umspili Meistaradeildarinnar í gærkvöldi. Rooney hafði ekki skorað í tíu leikjum og í samtals 838 mínútur fyrir leikinn. Fréttablaðið/AFP

# Getum allt ef trúin er til staðar

**Eyjólfur Sverrisson, þjálfari íslenska U21 árs landsliðsins, á von á misjöfnum en erfiðum leikjum gegn Frakklandi og Norður-Írlandi. Hann segir að leikmenn þekki betur Frakkana enda leikmenn í heimsklassa.**

**FÓTBOLTI** „Stemmingin í hópnum er góð, við erum gríðarlega spenntir fyrir þessum tveimur leikjum sem eru fram undan,“ sagði Eyjólfur Sverrisson, þjálfari U21 árs landsliðs karla í fótbolta, í gær er leikmannahópur liðsins var tilkynntur fyrir leiki gegn Frakklandi og Norður-Írlandi.

„Við erum að fara að spila gegn gríðarlega sterku liði Frakklands sem inniheldur leikmenn sem eru að spila reglulega í stærstu deildum heims, bæði á Spáni, Englandi og í Frakklandi. Þetta eru allt byrjunarliðsleikmenn sem eru að spila stóra leiki í hverri viku og þetta er gríðarlega öflugt lið sem við verðum að gæta okkur á.“

Þetta er önnur undankeppnin í röð sem Ísland leikur gegn Frakklandi en í síðustu undankeppni töpuðu strákarnir heimaleiknum en náðu jafntefli ytra.

**Lítil vitneskja um norðurírska liðið**

Ísland hefur aðeins einu sinni leikið gegn Norður-Írlandi í flokki U21 ára en það var fyrir sex árum. Unnust báðir leikirnir, 2-1 á heimavelli og 6-2 á útivelli en það árið komst íslenska liðið alla leið í lokakeppni Evrópumótsins. Eyjólfur tók undir að þessi tvö lið væru með afar mismunandi leikstíl en undirbúningurinn fyrir leikinn gegn Norður-Írlandi hefur gengið erfiðlega.

Norðurírska liðið hefur ekki spilað neina æfingaleiki og er því lítið til af efni fyrir þjálfarana að skoða. Sagði Eyjólfur að þjálfarateymið myndi liggja yfir upptökum af leik liðsins gegn Skotlandi á laugardaginn en það er fyrsti leikur liðsins í undankeppninni. Fyrir vikið sagðist Eyjólfur gera sér betur grein fyrir því hvernig franska liðið myndi leggja leikinn upp en norðurírska liðið.



**Eyjólfur Sverrisson er bjartsýnn fyrir leikina gegn Frakklandi og Norður-Írlandi.** Fréttablaðið/Anton

> Þetta verða báðir erfiðir leikir en ólíkir. Frakkarnir eru svakalega góðir á bolta, þeir urðu heimsmeistarar fyrir aðeins tveimur árum svo þetta er afar verðugt verkefni fyrir strákana.
>
> Eyjólfur Sverrisson

**Mismunandi mótherjar**

Gera má ráð fyrir að íslenska liðið reyni að sitja aftar gegn Frökkum en reyni að sækja á Norður-Írana. Aðeins tvö ár eru síðan hluti franska leikmannahópsins var hluti af sigurliði Frakklands á HM U20 ára í Tyrklandi.

„Þetta verða báðir erfiðir leikir en ólíkir. Frakkarnir eru svakalega góðir á bolta, þeir urðu heimsmeistarar fyrir aðeins tveimur árum svo þetta er afar verðugt verkefni fyrir strákana. Þetta gefur þeim góða mynd til þess að sjá hvar þeir eru staddir. Við þurfum eflaust að verjast meira gegn Frökkunum og sækja á vörn Norður-Íranna í leiknum gegn þeim. Norðurírska liðið kemur líklegast til með að sitja meira til baka.“

Eyjólfur sagðist ætla að berja trú í leikmenn sína og minnti á að fyrir ekki svo löngu síðan unnu þáverandi leikmenn hans frábæran 4-1 sigur á Þýskalandi í Kaplakrika. Voru þrír leikmenn í því liði hluti af liði Þýskalands á Heimsmeistaramótinu síðasta sumar

„Við höfum sýnt það áður að við getum gert allt ef trúin er til staðar. Gott dæmi um það var þegar við unnum Þjóðverja í Kaplakrika þar sem framtíðarleikmenn þýska liðsins voru mótherjar. Sá sigur sýndi hvað trúin getur gert mikið fyrir leik liðs.“

**Markmiðið að vinna alla heimaleiki**

Ísland vann 3-0 sigur á Makedóníu í fyrsta leik riðlakeppninnar en Eyjólfur á von á því að flest liðin í riðlinum eigi eftir að taka stig af hvert öðru.

„Við erum í það sterkum riðli að ég held að það gæti vel orðið svo að aðeins eitt lið kæmist áfram. Ég held að okkar lið; Úkraína, Skotland, Frakkland, Makedónía, muni skiptast á að taka stig hvert af öðru.“

Sagðist Eyjólfur ekki vera viss hvort 2. sæti í riðlinum dygði til þess að komast í umspil í ljósi þess.

„Það gerir það að verkum að það verður erfitt að ná þeim stigafjölda sem þarf til þess að ná umspilssæti. Það verður erfitt að ná því svo ég geri ráð fyrir að við þurfum að vinna riðilinn til þess að komast í lokakeppnina,“ sagði Eyjólfur sem sagði töluverðan létti að hafa unnið fyrsta leik í riðlinum.

„Það var frábær sigur. Makedónar segja að þetta sé gullkynslóð þeirra og þeir voru afar sigurvissir fyrir leikinn en við sýndum í þeim leik að við erum með öflugt lið og ætlum langt í þessari keppni. Það var jákvætt að sjá hugarfar leikmannanna minna í þeim leik því markmiðið er að vinna alla leiki á heimavelli. Markmið okkar sem þjálfara er að koma því í hugann á þessum strákum að þeir hafi trú á þeim verkefnum sem þeir taka að sér,“ sagði Eyjólfur sem vonast eftir góðum stuðningi úr stúkunni.

„Það er ekki lengur hægt að fá miða hjá A-landsliðinu svo vonandi skellir fólk sér þá á völlinn og sér leikinn okkar. Annars vona ég bara að sem flestir komi á völlinn.“

**kristinnpall@365.is**

## Nýjast

**Pepsi-deild kvenna**

**ÍBV 3–2 Fylkir**

1-0 Cloe Lacasse (10.), 1-1 Aivi Luik (28.), 2-1 Þórhildur Ólafsdóttir (66.), 2-2 Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir (70.), 3-2 Sigríður Lára Garðarsdóttir (81.).

Sigríður Lára skoraði sigurmarkið níu mínútum fyrir leikslok en það var í þriðja sinn sem Eyjakonur komust yfir í leiknum.

**SEX HLUPU HÆGAR EN ANÍTA EN KOMUST SAMT ÁFRAM**



Aníta Hinriksdóttir var grátlega nálægt því að komast í undanúrslit á sínu fyrsta heimsmeistaramóti fullorðinna þegar hún náði 20. besta tímanum af 48 keppendum í 800 metra hlaupi kvenna á HM í Peking í fyrrinótt. Aníta náði besta tíma ársins þegar hún hljóp á 2:01,01 mínútu og var bara 0,01 sekúndu frá því að ná Ólympíulágmarki. Sex konur hlupu hægar en Aníta í undanrásunum en þær komust áfram af því að þær urðu í einu af þremur efstu sætunum í sínum riðli.

**OFURHJÓNIN TIL ÍSLANDS**

Bandaríkjamaðurinn Aston Eaton, heimsmethafi í tugþraut, og hin kanadíska eiginkona hans Brianne Threisen Eaton, silfurhafi í sjöþraut á HM í Peking á dögunum, hafa sýnt því mikinn áhuga á að koma til Íslands og taka þátt í Reykjavíkurleikunum í janúar en þetta kemur fram á heimasíðu FRÍ. Hjónin eru mjög áhugasöm um útbreiðslu frjálsíþrótta. Aston tekur þátt í tugþrautarkeppninni á HM í frjálsum sem hefst á laugardaginn.

**BIKAR-FRÍÐA Í STUÐI**



Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði fernu fyrir Avaldsnes í gær þegar liðið tryggði sér sæti í undanúrslitum norsku bikarkeppninnar með 6-1 sigri á Röa. Hólmfríður hefur skorað í öllum þremur bikarleikjum sumarsins og alls sex bikarmörk. Guðbjörg Gunnarsdóttir og félagar í Lilleström komust líka í undanúrslitin.

## Í dag

**Dregið í Meistaradeildinni í fótbolta**

Dregið verður í riðla í Meistaradeildinni í Mónakó í dag en fylgst verður með drættinum á Vísi sem hefst klukkan 15.45 að íslenskum tíma. Hér fyrir neðan má sjá í hvaða styrkleikaflokka liðin 32 skiptast í drættinum í dag.

**1. flokkur**

Barcelona, Bayern Munchen, Chelsea, Benfica, Paris Saint-Germain, Juventus, Zenit, PSV Eindhoven..

**2. flokkur**

Real Madrid, Atlético Madrid, Porto, Arsenal, Valencia, Manchester City, Manchester United, Bayer Leverkusen..

**3. flokkur**

Shakhtar Donetsk, Lyon, Sevilla, Dynamo Kiev, Olympiacos, Galatasaray, Roma, CSKA Moskva.

**4. flokkur**

Real Madrid, Atlético Madrid, Porto, Arsenal, Valencia, Manchester City, Manchester United, Bayer Leverkusen.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**SNOÐKLIPPINGIN HEILLAR**
**Þó að sítt hár sé aðalsmerki flestra fyrirsætna eru nokkrar sem hafa hlotið lof og frægð fyrir snoðaða kolla sína.**
**Síða 2**











**SAUMAR SJÁLF** Elínborg kaupir sér sjaldan föt enda fatahönnuður og saumar sér yfirleitt sjálf sínar flíkur.
MYND/ERNIR

# BLÖÐRUKJÓLL Í UPPÁHALDI

**TÍMALAUS STÍLL** *Elínborg J. Þorsteinsdóttir fatahönnuður hefur lifað og hrærst í tískuheiminum lengi. Hún hefur spáð í föt frá unga aldri. Í dag rekur hún fataverslun á Skólavörðustíg þar sem hún selur eigin hönnun.*

*Hefurðu lengi pælt í tískunni?* Ég reyni að fylgjast með síbreytilegri tísku, en annars held ég mig bara við klassískt útlit, bæði svartan og litríkan klæðnað.
*Hvernig klæðir þú þig hversdags?* Yfirleitt eru það þægilegir og klæðilegir kjólar sem verða fyrir valinu.
*Hvernig klæðir þú þig spari?* Þá nota ég oftar skart og hælaskó, svona fyrir utan að nota fínni kjóla úr silki eða siffoni.
*Hvernig lýsir þú stílnum þínum?* Tímalaus, kvenlegur og þægilegur.
*Hverjar eru þrjár mest notuðu flíkurnar í skápnum?* Leðurkápan, og svo tveir kjólar sem ég hannaði og saumaði sjálf; blómamynstraður síðkjóll með kögri og svartur blöðrukjóll, fóðraður með örlitlu aðhaldi og vösum.
*Hvað veitir þér mestan innblástur?* Ég skoða oft tímarit og götutískuna en annars finnst mér mikilvægt að flíkur séu þægilegar og klæðilegar.
*Hvar kaupir þú fötin þín?* Ég kaupi mjög sjaldan flíkur, er meira fyrir að sauma þær sjálf.
*Eyðir þú miklu í föt?* Nei, nema kannski í skó og fylgihluti.
*Hver er uppáhaldsflíkin þín?* Svarti blöðrukjóllinn.
*Uppáhaldshönnuðir?* Ivan Grundahl, Schumacher, Alexander McQueen og Cavalli.
*Bestu kaupin?* Svartir og hvítir Gucci-götuskór/strigaskór.
*Verstu kaupin?* Kjóll sem líktist helst ofvöxnum búningi og var því ekki notaður oftar.
*Hverju verður bætt við fataskápinn fyrir haustið?* Hlýjum peysum og sjölum, mögulega fleiri kjólum. Allt í fallegum haustlitum.
*Hver er helsti veikleiki þinn varðandi tísku og útlit?* Töskur og skór.
*Hvers konar fylgihluti notarðu?* Skart og úr í silfruðum tónum og leðri eins og frá Fríðu skartgripahönnuði og Elínborg design, og svo alls konar töskur og klúta.
*Tískufyrirmynd?* Jackie Kennedy og Coco Chanel.
*Hvað er annars að frétta?* Margt skemmtilegt að gerast hér á Skólavörðustíg enda haustið að fara að ganga í garð með tilheyrandi nýjungum í fatnaði og atburðum.















**TÖFF** Afríska fyrirsætan Grace Bol er ávallt með afar stutt hár.

# SNOÐAÐIR HAUSAR

**SÉRSTAKAR FYRIRSÆTUR** *Sítt og falleg hár hefur ávallt verið eitt af aðalsmerkjum flestra fyrirsætna. Þó eru nokkrar sem hafa látið lokkana fjúka í gegnum árin og hlotið lof og frægð fyrir. Hér eru dæmi um flotta snoðhausa.*

Fyrirsætan Eve Salvail vakti óskipta athygli tískuheimsins í upphafi níunda áratugarins þegar hún gekk tískupallana með nauðrakað höfuð sem skreytt var áberandi drekahúðflúri. Útlit hennar var í mikilli mótsögn við það sem tíðkaðist meðal fyrirsæta á þessum tíma enda var það blómatími kvenlegra gilda þar sem Christy Turlington, Cindy Crawford og Naomi Campbell voru fremstar meðal jafningja með sítt og flæðandi hár.

Nú, tveimur áratugum síðar hefur raunar lítið breyst hvað varðar hársídd fyrirsætna. Sítt hár er enn normið og flestar fyrirsætur velja öruggu leiðina. Þó er hægt að greina einhverjar breytingar sem tengja má við aukinn áhuga fólks á fyrirsætum með „persónuleika“. Því feta æ fleiri módel í fótspor brautryðjandans Salvail.

Afrísku fyrirsæturnar Grace Bol, Herieth Paul og Ajak Deng hafa raunar verið stutthærðar í mörg ár en nýverið hafa fleiri bæst í hópinn. Þar má nefna nýstirnin Tamy Glauser, Ruth Bell og Kris Gottschalk sem allar skarta snoðhaus um þessar mundir og þakka honum raunar fyrir að hafa komið ferlinum á flug.

Snoðklippingar hafa lengi verið tákn pönks. Því er viðeigandi að hönnuðir sem skilja mikilvægi þess að ögra sækist eftir fyrirsætum sem þora. Glauser hefur þannig unnið reglulega með Rick Owens og Nicolas Ghesquière's hjá Louis Vuitton meðan Gottschalk hefur setið fyrir við hlið stráka á sýningu Public School á tískuvikunni í New York. Þá skar Bell hár sitt fyrir nýjustu auglýsingaherferð Alexander McQueen.

Það hefur því reynst nokkrum fyrirsætum vel að stíga út fyrir þægindarammann og laða þannig að sér svalari viðskiptavini. Auk þess aðgreinir klippingin þær frá öllum þeim hundruðum stúlkna sem vilja líka komast á toppinn.

**Heimild: Tískusíðan style.com**



**KRIS GOTTSCHALK** Sat fyrir með strákum á sýningu Public School.



**KLIPPTI LOKKANA** Ruth Bell sat fyrir hjá David Sims fyrir auglýsingaherferð Alexander McQueen.



**FRUMKVÖÐULL** Eve Salvail vakti mikla athygli fyrir snoðaðan haus og drekahúðflúr í upphafi níunda áratugarins.

NORDICPHOTOS/GETTY



**NÝSTIRNI** Snoðhausinn er eitt af aðalsmerkjum Tamy Glauser. Hér er hún á sýningu Louis Vuitton í vor.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

## MIKIL ÁHRIF Á TÍSKUNA

**Meðlimir One Direction hafa haft margvísleg áhrif á herratískuna.**

Meðlimir hljómsveitarinnar One Direction hafa tilkynnt að þeir ætli að taka sér frí hver frá öðrum, mörgum aðdáendum til gríðarlegrar sorgar.

Þó flestir aðdáendurnir séu kvenkyns hafa áhrif hljómsveitarliða á karlmannatísku undanfarinna ára verið umtalsverð og mun áhrifanna eflaust gæta áfram þótt þeir hverfi af sviðinu. Síðan hljómsveitin varð vinsæl hefur til dæmis hár ungra manna fengið að vaxa mun frjálslegar en áður og hliðarskiptingin orðið meira áberandi.

Ást One Direction-liða á treflum var augljós og sáust þeir iðulega með slíka fylgihluti um hálsinn. Einnig voru þeir hrifnir af svokölluðum „skinny jeans“ og klæddust við þær klossuðum skóm.

Á fyrstu árum vinsældanna, áður en útlitið varð eilítið rokkað og ímyndin var slétt og felld, gengu hljómsveitarliðar oft í chino-buxum í öllum regnbogans litum. Þetta útlit náði þó eflaust hámarki árið 2012 þegar þeir birtust í tímaritinu Wonderland, allir klæddir slíkum buxum við fallegar peysur og héldu á labrador-hvolpi.



## VILL BREYTA TÍSKUHEIMINUM

**Melissa McCarthy er brautryðjandi.**

Leikkonan bráðfyndna Melissa McCarthy tilkynnti í nóvember í fyrra að hún ætlaði sér að hleypa af stokkunum eigin tískulínu. Brátt líður að því að hin nýja lína McCarthy líti dagsins ljós, en það verður í verslunum Evans í Bretlandi.

Leikkonan valdi að fara til samstarfs við Sunrise Brands þar sem fyrirtækið hafði lýst yfir vilja til að breyta því hvernig fólk lítur á föt í yfirstærðum. Hún sagði nýverið í viðtali: „Mér líkar ekki hvernig föt í yfirstærðum eru aðskilin öðrum fötum í verslunum. Þannig er verið að segja við stærri konur: Þú færð ekki það sem allir aðrir fá, þú verður að fara og versla í hinum endanum, hjá dekkjunum.“

McCarthy segist vera búin að finna nokkrar verslanakeðjur sem séu tilbúnar að breyta þessu fyrirkomulagi. „Ég er afar uppnumin yfir þessu, ég er ekki tilbúin að tilkynna hverjir þetta eru en þeir hafa samþykkt að selja fötin mín meðal annarra fata í „venjulegum“ stærðum. Ég sagði við þá: Leyfið vinkonum að versla saman, hættið að aðskilja konur, og þeir sögðu ókei.“








8 rétta hlaðborð í hádeginu

TILBOÐ KR. 1.590.-

OPIÐ KL. 11:00-14:00

Hlaðborðið er alla virka daga. ekki um helgar.

Kinahofid

NÝBÝLAVEGI 20 SÍMI 554-5022

kinahofid.is









**BARNASTJARNA** Tuesday var vinsæl barnastjarna í New York.

# TÁRADALUR TUESDAY WELD

**HARÐUR HEIMUR** *Afmælisbarn dagsins er leikkonan Susan Ker Weld, eða Tuesday Weld en hún er 72 ára í dag. Tuesday sleit barnsskónum í hörðum heimi fyrirsætunnar og kvikmyndaferillinn náði aldrei hæstu hæðum Hollywood.*

Afmælisbarn dagsins, leikkonan Susan Ker Weld eða „Tuesday“ Weld, er 72 ára í dag.

Tuesday varð fyrirvinna fjölskyldunnar strax á barnsaldri sem vinsæl barnafyrirsæta í New York. Heimur fyrirsætunnar reyndist Tuesday erfiður en hann einkenndist af áfengisdrykkju og samskiptum við eldri menn. Hún fékk taugaáfall níu ára og reyndi aðeins tólf ára gömul að svipta sig lífi. Tuesday átti í erfiðu sambandi við móður sína alla tíð sem fordæmdi líf dótturinnar en reiddi sig samt sem áður á tekjur Tuesday.

Þrettán ára lék Tuesday í myndinni Rock Rock Rock og sneri sér eftir það að leiklist. Tuesday lék í fjölda sjónvarpsþátta í New York áður en hún flutti til Hollywood árið 1958, fimmtán ára. Hún varð fræg fyrir leik sinn í myndinni Rally 'Round the flag, Boys! sama ár og lék eftir það fleiri kynbombuhlutverk. Hún kynti undir því hlutverki sínu utan hvíta tjaldsins með afar fjörugu skemmtanalífi í Hollywood. 18 ára lék Tuesday á móti Elvis Presley í myndinni Wild in the Country og átti í ástarsambandi við hann.

Seint á sjöunda áratugnum náði Tuesday þó að þvo af sér „Sweet Sixteen“ stimpilinn og fékk innihaldsríkari hlutverk. Leikferill hennar fór þó aldrei á hátt flug, að hluta til vegna óheppilegra ákvarðana en Tuesday hafnaði til að mynda hlutverkum í myndum á borð við Lolita, Bonny & Clyde, Rosemary's Baby og True Grit og á áttunda áratugnum lék hún aðallega í sjónvarpsmyndum. Bestu myndir hennar eru jafnan sagðar Once Upon a Time in America frá árinu 1984, með Robert De Niro í aðalhlutverki, og Falling Down, með Michael Douglas í aðalhlutverki, sem kom út árið 1993. Tuesday hefur forðast sviðsljósið síðustu árin og oftar en ekki afboðað sig á síðustu stundu á viðburði. Óstaðfestar sögusagnir segja hana þjást af geðhvarfasýki og að hún sé alfarið í umsjá dóttur sinnar.



**Í UMSJÁ DÓTTUR** Tuesday hefur forðast sviðsljósið síðustu ár.



**SWEET SIXTEEN** Tuesday lék mörg kynbombuhlutverk.



## CHANEL

**Kirsten Stewart mun fara með stórt hlutverk í stuttmynd Karls Lagerfeld um Coco Chanel. Lagerfeld mun leikstýra myndinni sjálfur og áætlað er að frumsýna myndina í Róm þann 1. desember. Stewart hefur samviskusamlega vermt fremsta bekk á tískusýningum Chanel og setið fyrir í auglýsingaherferðum tískuhússins. Hún var því augljóst val í hlutverkið. Lagerfeld hælir frammistöðu Stewart, segir hana lifa sig inn í hlutverkið og njóta þess í botn, hún kvarti yfir öllu og gargi á „tökuliðið", en Stewart leikur sem sagt leikkonu sem leikur Coco Chanel í „heimildarmynd" um tískugyðjuna. „Það er alltaf verið að gera myndir um Chanel, af hverju ætti ég ekki að skella í eina?" sagði Lagerfeld einnig.**

## UNGLEGRI HENDUR

**Gefðu höndunum gaum með reglulegu millibili. Það borgar sig og þær eiga það skilið.**

**Það mæðir mikið á höndunum og þær sýna oft öldrunareinkenni fyrr en aðrir líkamspartar. Hér er góður handamaski sem gerir húðina stinnari og lætur hana ljóma.**

**2-3 kartöflur**
**mjólk**

**Sjóðið kartöflurnar, stappið þær saman við mjólk. Berið volga blönduna á hendurnar og látið kólna á höndunum. Þvoið hendurnar vel og smyrjið þær með uppáhalds handáburðinum.**



## STUTTERMABOLUR MEÐ PÚFFERMUM SLÆR Í GEGN

**Kólumbíski tískuhönnuðurinn Johanna Ortiz heillar nú stórstjörnurnar með suðrænum og sjóðheitum sniðum sínum og fötum þar sem áherslan er á einfaldan, kvenlegan glæsileika. Tískugyðjur eins og Olivia Palermo og Leandra Medine sjá ekki sólina fyrir nýjasta verki hennar, skyrtubol með púffermum sem er dreginn niður af öxlunum svo þær fá vel að njóta sín. Johanna telur axlirnar ekki nógu sýnilegar í nútímahönnun og bendir á að þær séu einn þokkafyllsti líkamshlutinn og að þær njóti sín sérstaklega vel í rykktu umhverfi. Bolurinn seldist strax upp og ljóst að nýtt æði er í uppsiglingu, að minnsta kosti þar sem, og á meðan, veður leyfir.**





Mikið úrval af HOME línunni

NÝJAR VÖRUR

Vorum að taka upp nýjar haustvörur. Fallegar og vandaðar vörur bæði fyrir þig og heimilið.

Sjón er sögu ríkari!


Búið til úr endurunnu leðri

Anna belti
4.495 krónur


Aster síð jakkapeysa
8.995 krónur


100% ull

Estelle hattur
4.495 krónur


Ebony buxur
6.495 krónur


Til í bleikum og grænum

Asta peysa
7.495 krónur


Tacy jakkapeysa
8.995 krónur


Mae jakkapeysa
8.995 krónur


Genny blússa
6.495 krónur

INDISKA

1. hæð | Kringlan | 588 2300 | f / Indiska Iceland















**KRAKKASKÓR** Þrennir skór úr skólínunni eru ætlaðir minnstu notendunum.





**FLATBOTNA** Fyrstu flatbotna skórnir hennar Barbí.



**HÁIR HÆLAR** Skórnir virka nú ekki mjög háhælaðir, séð úr lofti ... en frá hlið er hæðin aðeins meiri.

# BARBÍSKÓR FYRIR STÓRA OG SMÁA

**SKÓR** *Skóhönnuðurinn Sophia Webster hannar fyrstu flatbotna skóna á Barbí sem hingað til hefur mátt sinna sínum verkefnum á hælaskóm.*

Sophia Webster, skóstjarnan skæra, sem hefur skætt stórstjörnur á borð við Scarlett Johansson, Pixie Lott og Elizabeth Banks, hefur tekið sig til og ætlar að uppfylla einn helsta draum skófíkla heimsins en hún opinberaði samstarf sitt við aðra skóframleiðendur á dögunum, skóframleiðendur sem hafa um áratugaskeið hannað og smíðað skó á eina helstu tískugyðju heimsins, nefnilega Barbí. Þessi ungi hönnuður hefur þegar getið sér gríðarlega gott orð fyrir fallega, kvenlega og oft ævintýralega hönnun. Hún hefur til dæmis hannað hælaskó með risastórum fiðrildum og vængjum á hælunum sem skapa þá tilfinningu að sá eða sú sem er í þeim gæti hvenær sem er tekist á loft. Nýja skólínan mun draga fram það besta í báðum, Sohpiu og Barbí, fallegu smáatriðin og fiðrildin úr hönnun hinnar fyrrnefndu og bleika gljáann sem sú síðarnefnda er svo þekkt fyrir. Og svo má ekki gleyma að Sophia fær það mikilvæga verkefni að hanna fyrstu flatbotna skóna á hina tátyllandi súperskvísu en fætur hennar eru hannaðir til að vera alltaf í hælaskóm. Flatbotnar eru því tákn um nýja tíma í lífi Barbí sem nú mun geta hlaupið sinna ferða hvert á land sem er. „Það hefur alltaf verið draumur minn að gera skólínu handa Barbí en að fá að taka þátt í því þegar hún stígur fyrstu skrefin á flatbotna skóm gerir þessa reynslu enn meira spennandi, og mjög persónulega,“ segir Sophia sem eins og margir aðrir fékk sína fyrstu tískutilfinningu yfir Barbífötum.



Skólínan sem ber nafnið Barbie by Sophia Webster er í níu útgáfum og fæst bæði á dúkkuna en líka í stærðum fyrir fólk. Um er að ræða sex skópör fyrir fullorðna og þrjú fyrir börn en Sophia leggur einnig áherslu á barnaskó í hönnun sinni. Sjón er sögu ríkari en skóna má fá frá og með deginum í dag á vefsíðu Webster, sophiawebster.com, og í völdum verslunum um allan heim.





**SKÓHÖNNUÐUR** Sophia Webster er einn vinsælasti skóhönnuður heims.

**BLEIK FIÐRILDI** Þessir skór bera bæði einkenni Barbí og Sophiu Webster, bleiki liturinn kemur frá Barbí en fiðrildavængina á Sophia.

# RÁÐSTEFNUR

## &VEISLUÞJÓNUSTUR



**Kynningarblað**

**Gamla bíó, Lækjarbrekka, skreytingar, ræðutækni og áhugaverðar ráðstefnur.**

# Farsæl tengslanetsmyndun

Margir sem aldrei fara á ráðstefnur sjá í hillingum ferðalög, hlaðborð, hótel og skemmtun. Raunin er sú að ráðstefnur eiga helst að vera vinna frá morgni til kvölds, og ekki síst þegar formlegri dagskrá ráðstefnunnar lýkur og félagslífið tekur við. Hér eru nokkur ráð til farsællar tengslanetsmyndunar.

- Skipuleggðu tímann þinn. Það er mikilvægt að búa á hótelinu þar sem ráðstefnan er haldin eða að minnsta kosti mjög nálægt. Þá fer ekki dýrmætur tími í ferðalög milli dvalarstaðar og ráðstefnu, tími sem annars gæti nýst í að mynda tengslanet.
- Reyndu að komast að því fyrirfram hverjir verða á ráðstefnunni. Margar ráðstefnur birta lista yfir þá sem ætla að koma og jafnvel netföngin þeirra. Kynntu þér þetta fólk og bókaðu morgunverðarfund eða fordrykk með þeim sem þú heldur að gæti gagnast þér að kynnast.
- Vertu búin/n að borða vel áður en ráðstefnan hefst svo þú getir notað matarhléið í að kynnast fólki og láta það fá nafnspjöldin þín.
- Mættu snemma á félagslega viðburði á vegum ráðstefnunnar. Það bæði gerir þig öruggari að sjá salinn fyllast af fólki og svo verðurðu ósjálfrátt meira áberandi fyrir öðrum ráðstefnugestum fyrir vikið. Passaðu líka að vera alltaf í miðju herberginu, ekki lokast af uppi við vegg.
- Sýndu öðru fólki áhuga. Þannig kemstu að því hvort hagsmunir ykkar fara saman og getur þá nálgast viðkomandi af þekkingu á aðstæðum hans eða hennar.
- Hlustaðu af athygli og spyrðu spurninga sem tengjast því sem viðkomandi var að segja.
- Vertu búin/n að ákveða hvað þú vilt segja um þig og þitt. Þú þarft að kynnast mörgum og það er tímaeyðsla að blaðra um eitthvað sem engu máli skiptir eða stama og vita ekki hvað á að segja.
- Afslöppun og bros er mikilvægt í ráðstefnuumhverfi þar sem fólk þekkist ekki mikið og er oft stíft og eins og hengt upp á þráð. Bros gerir þig aðgengilegri og fær viðmælandann til að slaka á.
- Ekki ryðjast inn í samræður annarra. Bíddu kurteislega eftir því að þér sé boðið inn í samræðurnar eða þeim ljúki og þú getir hafið nýjar.
- Ef þú skiptist á nafnspjöldum eða netföngum við einhvern skaltu ALLTAF fylgja samskiptunum eftir. Það þarf ekki að vera í löngu máli, snögg kveðja á netinu eða á Facebook opnar leiðina fyrir meiri samskipti og færir þau út úr ráðstefnusamhenginu.



Biddu þá sem þú vilt ná sérstökum tengslum við á ráðstefnunni að hitta þig í morgunmat aðeins utan við ráðstefnusvæðið þar sem þið getið rætt saman í ró og næði.



Bros kemur þér langt þegar mynda á tengsl, einkum á ráðstefnum þar sem fólk þekkist lítið. Góður brandari úr ræðustól er fyrirtaks ísbrjótur.



## Ráðstefna um rjúpu og skylda fugla

Alþjóðleg ráðstefna um vistfræði orrafugla verður haldin á Hilton Reykjavík Nordica dagana 4. til 7. september næstkomandi.

Ráðstefnan fjallar um vistfræði, nýtingu og vernd orrafugla (International Grouse Symposium). Rjúpan tilheyrir einmitt orrafuglum. Ráðstefnan er vettvangur fyrir bæði fræðimenn og áhugamenn um líffræði orrafugla til að hittast og fjalla um þennan merkilega hóp fugla. Þetta er í þrettánda skipti sem þingið er haldið og nú í fyrsta skipti á Íslandi.

Á ráðstefnunni verða niðurstöður rannsókna kynntar í 75 erindum og á um 40 veggspjöldum. Þar af eru tólf viðburðir um niðurstöður rannsókna á íslensku rjúpunni.

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á skipulagi ráðstefnunnar en í undirbúningsnefndinni sitja að auki fulltrúar Háskóla Íslands, Verkís, SKOTVÍS og Fuglaverndar. Umhverfis- og auðlindaráðherra, Sigrún Magnúsdóttir, mun setja ráðstefnuna.

Daginn áður en ráðstefnan hefst, þann 3. september, verður haldin vinnustofa um hvernig megi beita nýjustu tækni við könnun á búsvæðum og fæðuvali grasbíta líkt og orrafugla.

Ráðstefnan er öllum opin og hægt er að skrá sig á vef International Grouse Symposium 2015. Þar eru einnig lýsingar á ráðstefnunni og vinnufundinum.



**Erlendum ráðstefnugestum** á Íslandi fjölgaði um 39% milli áranna 2011 og 2013 samkvæmt könnun Meet in Reykjavík sem Viðskiptablaðið fjallaði um í byrjun árs.

Talið er að rúmlega 40.000 ráðstefnugestir ásamt fylgdarliði hafi komið til Íslands árið 2013 en áætlað er að um 25% ráðstefnugesta taki fjölskyldu eða vin með sér. Hvataferðagestir þetta ár voru um 13 þúsund og ríflega 20 þúsund sóttu viðburði eða sýningar. Samtals voru því erlendir ferðamenn sem komu hingað til lands í tengslum við ráðstefnur eða viðburði af einhverju tagi, ásamt fylgdarliði, um 74 þúsund talsins árið 2013.

Samkvæmt könnuninni hefur alþjóðlegum ráðstefnugestum fjölgað um 39% frá árinu 2011-2013 og alþjóðlegum hvataferðagestum fjölgað um 49% á sama tíma.

Talsverð breyting hefur orðið á landslagi alþjóðlegra ráðstefna hér á landi með tilkomu Hörpu. Ef teknar eru allar stórar ráðstefnur frá árinu 1977 sem eru með yfir 1.000 manns þá hefur árlegur fjöldi þeirra nífaldast frá því Harpa var opnuð árið 2011.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmaður auglýsinga: Bryndís Hauksdóttir, bryndis@365.is s. 512-5434 Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson.

Grand
HÓTEL
REYKJAVÍK

# ÁSTRÍÐA INNBLÁSTUR SKÖPUN

**Fjölbreyttir ráðstefnu- og fundarpakkar**

Ofangreind gildi, ástríða, innblástur, sköpun, eru okkur alltaf efst í huga þegar við undirbúum ráðstefnur og fundi. Við vitum að góð umgjörð, frábærar veitingar og lipur og úrræðagóð þjónusta skiptir miklu máli fyrir fundargesti svo þeir nái tilætluðum árangri. Þessi gildi endurspeglast í öllu okkar starfi.

Skoðaðu nýju, spennandi fundar- og ráðstefnupakkana okkar.
Hafðu samband við okkur í síma **514 8000** eða **info@grand.is**



PIPAR\TBWA • SÍA

Grand Hótel Reykjavík | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 514 8000 | www.grand.is

# Þörf ráðstefna fyrir vaxandi grein

The Iceland Tourism Investment ráðstefnan og sýningin verður haldin í fyrsta skipti dagana 29. febrúar til 1. mars á næsta ári. Ráðstefnan verður haldin í Hörpu og er markmið hennar að stefna saman hagsmunaaðilum sem tengjast á einhvern hátt fjárfestingum og rekstri fyrirtækja í íslenskri ferðaþjónustu og bjóða upp á ýmiss konar fræðslu. Samkoman verður tvískipt og byggist annars vegar upp á fyrirlestrum og pallborðsumræðum og hins vegar á sýningu. Sýnendur verða birgjar ferðaþjónustunnar í víðum skilningi.

„Hugmyndin er að efla faglega þekkingu og faglega umræðu á þessu sviði. Ráðstefnan er hugsuð fyrir stjórnendur og millistjórnendur ferðaþjónustufyrirtækja, lánastofnana og fjárfestingarsjóða og ríkis og sveitarfélaga og verður lögð áhersla á að kynna nýjustu strauma og stefnur. Samhliða ráðstefnunni verður sýning á vörum og þjónustu sem tengjast ferðaþjónustuiðnaðinum,“ segir Viktoría Sveinsdóttir, eigandi Locus Capital ehf., sem stendur að baki ráðstefnunni. Hún hefur búið í Bandaríkjunum síðastliðin 20 ár og starfað við fjárfestingar í hótel- og ferðaþjónustugeiranum víða um heim. Viktoría hefur einnig tekið þátt sem frummælandi og í pallborðsumræðum á sambærilegum ráðstefnum og sýningum erlendis.

„Það er mikill vöxtur í ferðaþjónustunni á Íslandi og þar starfar mikið af kláru og duglegu fólki auk þess sem margir hafa hug á því að koma inn í greinina með fjárfestingar. Síðastliðin tvö ár hef ég starfað meira heima en áður og skynja þörf á ráðstefnu sem þessari. Þetta er ung grein á Íslandi og ég held að það geti gagnast mörgum að hlýða á erlenda reynslubolta í bland við fólk með alvöru reynslu úr bransanum á Íslandi. Við höfum þegar fengið virta fyrirlesara og sýnendur til liðs við okkur. Ísland er ofarlega á baugi um þessar mundir og menn hafa tekið vel í boð um þátttöku.“



Viktoría Sveinsdóttir

Samkoman verður sem fyrr segir tvískipt. Annars vegar verður boðið upp á fyrirlestra og pallborðsumræður og hins vegar á sýningu. „Á sýningunni verða ýmsir birgjar ferðaþjónustunnar. Má þar nefna matvælafyrirtæki, víninnflytjendur, lögfræðistofur, ýmiss konar tæknifyrirtæki, endurskoðunarfyrirtæki, byggingarfyrirtæki, kaffiinnflytjendur, húsgagnaverslanir og aðrir sem þjónusta hótel- og veitingastaði, ferðaskrifstofur og margs konar afþreyingarfyrirtæki. Auk þess aðilar frá íslenskum og erlendum skólum. Á sambærilegum sýningum erlendis er algengt að sjá aðila sem þjónusta flugvelli og jafnvel flugvélaframleiðendur,“ útskýrir Viktoría. Hún segir að á samkomunni í Hörpu verði sjónum aðallega beint að íslenskum markaði. Fram að hádegi fyrsta daginn verður sýningin aðeins opin ráðstefnugestum en verður opnuð almenningi eftir það og er hugmyndin sú að fyrirtæki sendi þá starfsmenn sem hafa umsjón með innkaupum, samningum og tæknimálum svo dæmi séu nefnd.

Á ráðstefnunni verða áhugaverðar pallborðsumræður. „Margir eru að velta fyrir sér samstarfi við erlendar hótelkeðjur og verðum við meðal annars með fulltrúa frá Starwood, Marriott og fleiri keðjum. Þá verða þarna aðilar frá lánastofnunum og fyrirtækjum sem starfa við ímyndarsköpun svo dæmi séu nefnd.“



Stefnt er að því að ráðstefnan verði haldin annað hvert ár.

Iceland Travel hefur að sögn Viktoríu verið fengið til að sjá um utanumhald og skráningu á ráðstefnuna. „Þá erum við í samstarfi við RECON sem mun sjá um bása fyrir styrktaraðila og aðra sýnendur sem vilja en þeim er líka velkomið að koma með eigin bása eða bása frá öðrum aðilum. Allar nánari upplýsingar er að finna á http://www.reykjavikconference.com og á facebook undir leitarorðinu IcelandTourismInvestment (www.facebook.com/IcelandTourismInvestment).



# Gamla bíó – samkomuhús í hjarta höfuðborgarinnar

Gamla bíó við Ingólfsstræti hefur gengið í endurnýjun lífdaga og er nú fjölnota rými þar sem er bæði hægt að halda fyrirlestra, ráðstefnur, rokktónleika og galaveislur. Þá býður Petersen svítan á efstu hæð upp á marga skemmtilega möguleika.



Gamli bíósalurinn er orðinn að ráðstefnusal sem hægt er að breyta í glæsilegan veislusal.



Ása Berglind Hjálmarsdóttir er markaðs- og verkefnisstjóri Gamla bíós.



Þægindi og fágun eru í fyrirrúmi.



Í svítunni eru tvö herbergi sem hægt er að leigja hvort um sig en einnig er hægt að leigja alla svítuna.



Petersen svítan er bæði björt og kósí en líka glæsileg og fáguð.



Fallega anddyrið í Gamla bíói sem er friðað nýtur sín sérstaklega vel í galabúningi.



Útisvæðið er einstakt og útsýnið er engu líkt.

Hið sögufræga og fallega Gamla bíó í miðbæ Reykjavíkur hefur undanfarið ár gengið í endurnýjun lífdaga með umfangsmiklum endurbótum, sem miðuðu að því að færa húsið að nútímaþörfum með það að markmiði að upphefja sögu þess og glæsileika. Ása Berglind Hjálmarsdóttir, markaðs- og verkefnastjóri í Gamla bíói, er ánægð með breytingarnar og hlakkar til að taka á móti gestum í vetur. „Gamla bíó skiptist í kjallara þar sem nú er móttökueldhús og baksviðsaðstaða, fyrstu hæð með fallegu, friðuðu anddyri og aðalsal, aðra hæð með glæsilegum svölum sem eru hluti af aðalsalnum og svo Petersen svítuna, íbúð á þriðju hæð sem nú hefur verið breytt í bar og kaffihús, svokallað rooftop lounge, með einstöku útisvæði á þaki Gamla bíós,“ segir Ása og bætir við: „Með þessum endurbótum opnast óteljandi möguleikar á viðburðahaldi í samkomuhúsinu Gamla bíói og er það von okkar sem að húsinu stöndum að Reykvíkingar og landsmenn allir líti á húsið sem félagsheimili í miðbæ höfuðborgarinnar.“

Aðalsalnum í Gamla bíói, þar sem áður voru haldnar bæði bíó- og óperusýningar sem og alls kyns tónleikar, hefur verið breytt í margnota sal. Þar er nú hægt að bjóða upp á sitjandi borðhald, dansleiki, ráðstefnur, bæði sitjandi og standandi tónleika, leiksýningar og aðra listviðburði. „Með tilkomu sætakerfis sem hægt er að setja saman og taka í sundur með tiltölulega einföldum hætti, er nú hægt að halda viðburði þar sem gestir sitja í hallanda til að byrja með, bregða sér svo fram í kokteil og koma inn nokkrum mínútum síðar í gjörbreyttan sal með dansgólfi og veitingum. Einnig er hægt að halda glæsilegar galaveislur og rokktónleika, allt í sama salnum.“

Gamla bíó er í samstarfi við matreiðslumeistarann Guðmund Ragnarsson sem sér um að útbúa veislur eftir höfði hvers og eins. Ása er hrifin af matseld Guðmundar. „Honum eru nánast engin takmörk sett, enda þekktur fyrir að töfra fram kræsingar hvar á landi sem er, til dæmis á jöklum og í öðrum óbyggðum. Guðmundur og Gamla bíó bjóða upp á allt frá puttamat að galaveislum, ráðstefnuveitingar og ævintýralegar standandi veislur,“ segir Ása.

Petersen svítan, sem er á þriðju hæð í Gamla bíói, dregur nafn sitt af manninum sem stóð fyrir byggingu hússins undir bíórekstur árið 1926 en bíósýningar voru þá í Fjalakettinum. Peter Petersen lét þá innrétta fyrir sig íbúð á þriðju hæð þar sem hann svo bjó, en eitt af einkennum þessarar íbúðar eru þær risastóru svalir sem henni fylgja sem eru þakið á aðalsalnum í Gamla bíói. „Nú hefur íbúðin verið gerð upp í þeim tilgangi að vera bar og kaffihús, eða svokallað rooftop-lounge, með einstöku útisvæði. Á barnum er glæsilegt úrval drykkja og hægt verður að fá létta rétti allan daginn og fram á kvöld því Petersen svítan verður opin daglega fyrir gesti og gangandi. Einnig eru þar tvö herbergi sem hægt er að leigja fyrir fundi eða einkasamkvæmi, nú eða Petersen svítuna í heild sinni ef svo ber undir.“ Petersen svítan er frábær viðbót við þá möguleika sem húsið bauð upp á áður og er alveg tilvalin fyrir þá sem langar að fá sér hressingu fyrir eða eftir tónleika og aðra viðburði í Gamla bíói. Hér á svo sannarlega við að segja: Sjón er sögu ríkari!




Frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, stoppar við bás Plastprents á sýningunni 1990 og ræðir við Eggert Hauksson forstjóra Plastprents. Milli þeirra er Eiríkur Tómasson. Hægra megin við Vigdísi er Halldór Reynisson forsetaritari. MYND/GVA

# *Elsta sýning landsins*

Elsta og stærsta sýningin sem haldin er hérlendis er Íslenska sjávarútvegssýningin. Hún var fyrst haldin í Laugardalshöll árið 1984 og hefur verið haldin á þriggja ára fresti síðan, nú síðast árið 2014. Upphaf sýningarinnar má rekja til heimsóknar nokkurra Íslendinga á sambærilega sýningu sem haldin var í Bella Center í Kaupmannahöfn árið 1983. Það var breskt fyrirtæki sem skipulagði sýninguna og hélt á tveggja ára fresti en hópi Íslendinga fannst tilvalið að halda sambærilega sýningu hér á landi. Hópurinn, sem í voru Pétur J. Eiríksson, löngum kenndur við Flugleiðir, Eiríkur Tómasson hæstaréttardómari, Sigmar B. Hauksson fjölmiðlamaður og Þorleifur Ólafsson, fyrrverandi ritstjóri sjómannablaðsins Víkings, stofnaði saman fyrirtækið Alþjóðlegar vörusýningar og gerðist umboðsaðili breska fyrirtækisins hér á landi. Seinna bættist Bjarni Þór Jónsson í hópinn sem í dag á fyrirtækið einn.

Fyrstu fjórar sýningarnar voru haldnar í Laugardalshöll en árið 1999 var hún flutt um set í Fífuna í Kópavogi. Sýnendum og gestum fjölgaði jafnt og þétt fyrstu skiptin en við flutninginn í Kópavog tók sýningin stórt stökk fram á við og hafa sýnendur frá þeim tíma verið um 500 talsins á 250-300 básum. Undanfarnar sýningar hafa gestir hennar verið um 17.-18.000 talsins, þar af um 1.000 erlendir.

Sýningin hefur skipað sér sess sem ein stærsta sjávarútvegssýning heims á sviði vél- og hugbúnaðar en hún verður næst haldin haustið 2017.


VILTU HALDA VEISLU?

FERMINGAR
BRÚÐKAUP
ÁRSHÁTÍÐIR
ERFIDRYKKJUR
FUNDIR
RÁÐSTEFNUR
AFMÆLI

EFRI SALURINN ER LAUS FYRIR ÞIG ...

SÓLON
BISTRO · BAR

BANKASTRÆTI 7A - 101 REYKJAVÍK - S. 562 3232




Guðríður Helgadóttir garðyrkjufræðingur segir vistvænar skreytingar sækja í sig veðrið. MYND/GVA

# Vistvænar skreytingar í veislusalnum

**Fagurlega skreyttur salur setur mikinn svip á veislur og viðburði. Guðríður Helgadóttir garðyrkjufræðingur segir tilvalið að nota náttúrulegan efnivið í skreytingar.**

Það færist mikið í vöxt að fólk kjósi að nota endurvinnanlegan efnivið í skreytingar. Þá er hægt að setja skreytinguna beint út í safnhaug eða í lífrænt sorp þegar hún hefur lokið hlutverki sínu. Um leið og einhverju tilbúnu efni er bætt við eru skreytingarnar ekki lífrænar og þá þarf að taka þær í sundur áður en hægt er að farga þeim,“ segir Guðríður Helgadóttir garðyrkjufræðingur.

„Þetta gæti skipt máli við frágang í stórum sal eftir veislur en víða má alls ekki henda lífrænum úrgangi í almennt sorp. Við Íslendingar erum í raun komin stutt á veg í endurvinnslumálum en þetta er vert að hafa í huga. Ég finn fyrir ákveðinni vistvænni sveiflu í þessum geira. Fólk leitar leiða til að nota eitthvað annað en vír og plast til að binda saman skreytingar, eitthvað sem brotnar niður í náttúrunni.“

Guðríður segir tilvalið að nota náttúrulegan efnivið til að skreyta stóra sali fyrir viðburði. Nægan efnivið sé að finna úti í garði til að blanda saman við afskorin blóm. Gaman sé að færa náttúruna inn í salina í veislum eða ráðstefnum og framlengja þannig sumarið.

„Nú síðla sumars má nálgast fjölda fallegra blómategunda úti í garði. Stórvaxnar blómstrandi tegundir er tilvalið að nota í stærri skreytingar, eins og riddaraspora, blómstrandi runna, rósir og annað í bland við grænan gróður. Margir eru duglegir að nota íslenskan gróður í smærri skreytingar og kransa, eins og beitilyng, holtasóley og sortulyng. Ef skreytingarnar eiga einungis að standa rétt yfir daginn sem ráðstefnan eða veislan er haldin er tilvalið að nota blómstrandi plöntur eins og fífla og hvítsmára í fínlegt skreyti. Þá er alltaf gaman að nota strá og gras til að fá fínlegt yfirbragð. Ég hef meira að segja séð fallegar skreytingar með njóla í. Einungis hugmyndaflugið takmarkar notkunina á efninu,“ segir Guðríður og ráðleggur fólki að leita til fagaðila þegar kemur að því að skreyta sali með gróðri og blómum.

„Við eigum mikið af færum blómaskreytum sem hafa lokið námi á sínu sviði. Auðvitað hafa margir gott auga fyrir uppbyggingu á skreytingu en ef halda á flotta veislu eða skreyta stóran sal mæli ég með því að fólk fái ráðleggingar fagaðila eða fái þá til að vinna verkið fyrir sig.“



Það færist í vöxt að fólk noti eingöngu lífræn efni í skreytingar.



Blómaskreytingar færa náttúruna inn í salinn.

Margir eru duglegir að nota íslenskan gróður í smærri skreytingar og kransa, eins og beitilyng, holtasóley og sortulyng.

# Ferskir vindar á klassískum stað

Lækjarbrekka leggur mikla áherslu á gæðahráefni sem um leið skilar sér í góðum veitingum. Tveir veislusalir eru í húsinu sem henta jafnt til veisluhalds, ráðstefnuhalds og funda. Staðsetningin er frábær og áhersla er lögð á persónulega þjónustu.

Veitingastaðurinn Lækjarbrekka skipar stóran sess í lífi borgarbúa, hefur enda verið stór hluti götumyndar Bankastrætis um árabil. Veitingarekstur hófst í húsinu í október árið 1981 eftir umfangsmiklar endurbætur í framhaldi áralangrar baráttu fyrir friðun húsa á lóðinni að sögn Jóns Tryggva Jónssonar, framkvæmdastjóra og eiganda Lækjarbrekku. „Við endurbygginguna var þess gætt, meðfram sjónarmiðum um notagildi, að halda sem upprunalegustu útliti. Þannig eru til dæmis gluggar og burðarviðir í húsinu að stórum hluta þeir sömu og voru hér í upphafi. Húsið er með eldri húsum sem enn standa í Reykjavík en það var upphaflega byggt sem íbúðarhús árið 1834.“

Lækjarbrekka býður upp á úrvals þjónustu þegar kemur að ráðstefnum og veisluþjónustu að sögn Jóns Tryggva. „Í Lækjarbrekku eru tveir veislusalir sem henta bæði undir ráðstefnur og veislur. Annars vegar er það Kornhlaðan sem rúmar allt að 90 manns og hins vegar Litlabrekka sem rúmar allt að 60 manns. Báðir salirnir eru með nettengingu, skjávarpa og hljóðkerfi og henta því vel til alls kyns fundarhalda sem og veisluhalda. Hér hafa verið haldin jólahlaðborð, fermingarveislur, brúðkaupsveislur, stórafmæli og alls konar fundir og ráðstefnur.“



Frábær þjónusta frá morgni til kvölds.



Lækjarbrekka er staðsett á frábærum stað í miðborg Reykjavíkur. MYNDIR/ÚR EINKASAFNI

### Gæðahráefni

Matseðlar Lækjarbrekku eru fjölbreyttir alla daga vikunnar þar sem áhersla er lögð á gæðahráefni og þá helst íslenskt. Fyrir vikið getur veitingastaðurinn boðið ráðstefnugestum og veislugestum upp á úrval gómsætra rétta frá morgni til kvölds.

Staðsetning Lækjarbrekku er frábær fyrir flestöll tilefni að sögn Jóns Tryggva enda stendur húsið á besta stað í miðbænum. „Í næsta nágrenni eru mörg fyrirtæki þannig að stutt er að sækja fundar- og ráðstefnuaðstöðuna til okkar. Eins þykir mörgum sem starfa í úthverfum borgarinnar og næstu bæjum spennandi kostur að koma í miðbæinn enda jafnan mikið líf hér í kring. Þegar kemur að stærri veisluhöldum er veitingahúsið klárlega vel í sveit sett enda stutt að sækja í fjölmarga skemmtistaði eftir að veislum lýkur.“

### Persónuleg þjónusta

Lækjarbrekka gerir tilboð sem hentar hvers kyns tilefnum og leggur áherslu á persónulega og faglega þjónustu en sömu rekstraraðilar reka einnig Torfuna Restaurant sem er í næsta nágrenni. „Við bjóðum einnig upp á þá þjónustu að sjá um veitingar ef veisluhöld eru annars staðar. Þá mætum við á staðinn og berum veitingar á borð fyrir gesti.“

Frekari upplýsingar má nálgast á www.laekjarbrekka.is eða með því að senda tölvupóst á info@laekjarbrekka.is.



Lækjarbrekka býður upp á tvo sali; Kornhlöðuna sem rúmar 90 manns og Litlubrekku sem rúmar um 60 manns.



Einungis veitingar úr gæðahráefni.



Allt fyrir brúðkaupsveisluna, stórafmælið, fermingarveisluna og aðrar veislur.



Fjölbreyttar veitingar frá morgni til kvölds henta öllum tegundum viðburða.

TED TALKS
Technology.Entertainment.Design

**Reyndir og víðförlir** ráðstefnugestir hafa sett saman lista yfir þær ráðstefnur sem telst mikilvægt að sækja fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem ætla að ná langt á alþjóðavísu.

Bilderberg-ráðstefnan. Þar er safnað saman 150 einstaklingum sem ýmist eru þjóðarleiðtogar eða leiðandi á sviði efnahagsmála, iðnaðar, fjölmiðlunar og menntunar í heiminum. Ráðstefnan er haldin árlega en mikil leynd hvílir yfir henni og aðeins fáir útvaldir sem vita hvar hún er haldin hverju sinni og um hvað er ályktað.

World Economic Forum (Davos) er svissnesk stofnun sem er viðurkennd af alþjóðasamfélaginu og hefur að markmiði að virkja leiðtoga heimsins á ýmsum sviðum til að bæta og móta heiminn. Árlegir fundir eru haldnir í bænum Davos í Sviss þar sem 2.500 einstaklingar koma saman í þessum tilgangi.

TED er skammstöfun fyrir Technology, Entertainment and Design og er vettvangur til að deila hugmyndum í fyrirlestrum sem mega vera átján mínútur eða skemmri. Samtökin halda fimm daga ráðstefnu árlega á vesturströnd Bandaríkjanna þar sem meira en þúsund manns mæta og hlýða á fyrirlestra 70 sérvalinna fyrirlesara en fyrirlestrarnir eru teknir upp og dreift um netið.

Summit Series er ráðstefna sem snýst fyrst og fremst um að mynda tengslanet leiðtoga nútíðar og framtíðar. Ráðstefnan er haldin í óvenjulegu umhverfi, til dæmis í eyðimörk eða á eyðieyju og ýmsar þrautir eru lagðar fyrir ráðstefnugesti í því skyni að þjappa þeim saman og efla þor og dug.



Starfsánægja er ein mikilvægasta eign hvers fyrirtækis. Fallegar jólagjafir til starfsfólks eru einn þáttur í að viðhalda þeirri ánægju.

**Mikilvægasta eign** hvers fyrirtækis er ánægja starfsfólksins, að því gefnu að starfsfólkið hafi verið valið af kostgæfni. Ánægt starfsfólk vill halda í starfið sitt sem gerir það viljugra til að standa sig vel. Launin eru mikilvægur þáttur í því að viðhalda starfsánægju en strax á eftir fylgir góður starfsandi, skemmtileg verkefni og skilningsríkur vinnuveitandi. Og stundum er fólk jafnvel tilbúið til að sætta sig við lægri laun ef hinir þættirnir eru fyrir hendi. Það margborgar sig að bjóða góðu starfsfólki upp á sveigjanlegan vinnutíma og skemmtileg verkefni öðru hvoru, halda veglega árshátíð og gefa fallegar jólagjafir. Og sakar ekki að hringja á ísbílinn þegar veður leyfir.

## Viðeigandi hegðun á ráðstefnum



Á fjölmennum ráðstefnum er mikilvægt fyrir gesti að vekja athygli á sér og sínu fyrirtæki. Þá þarf að hrista af sér feimnina og taka þátt í samræðum kolleganna þó þeir séu ekki endilega vel kunnugir. Ekki er vænlegt til árangurs að umgangast einungis vinnufélaga úr eigin fyrirtæki heldur þarf að halda á ókunnar slóðir.

Þegar spjallað er við aðra er mikilvægt að tala ekki einungis um eigið starf heldur forvitnast líka um annarra hagi. Gott er að halda sig einungis við staðreyndir um eigið ágæti og starf og láta þá sem á hlusta afólk komi upp að manni heldur brydda upp á samræðunum sjálfur.

Ef spurningar eru leyfðar eftir fyrirlestra er mikilvægt að leggja sitt af mörkum og spyrja en hafa í huga að spurningarnar séu hnitmiðaðar og skýrar.





Veisluþjónusta
Magnúsar Inga Magnússonar,
Mínir menn,

býður upp á girnilegt hlaðborð í veislusal, heima eða á vinnustaðnum



MínirMenn
VEISLUÞJÓNUSTA

Nánari upplýsingar á minirmenn.is

Upplýsingar veitir
Magnús Ingi
í síma 696-5900
magnusingi@gmail.com




Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

habitat
TEKK COMPANY
KAUPTÚNI 3 | SÍMI 564 4400 | VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS
ÚT(RÝMINGAR)SALA!
LOKAHELGI
LOKUM Í KAUPTÚNINU
FLYTJUM Í LINDIR
ALLT Á AÐ SELJAST!
ENN MEIRI AFSLÁTTUR
LINDIR
20-70% af öllum vörum frá HABITAT !!!
20-60% af öllum vörum frá UMBRA !!!
20-40% af öllu frá ETHNICRAFT !!!
20-50% af öllu frá HOUSEDOCTOR !!!
NÝ VERSLUN Á NÝJUM STAÐ
Opnum nýja og glæsilega verslun 5. september í Lindum, Kópavogi.
Hlökkum til að sjá þig!
KAUPTÚN
Opið
laugardag kl. 11-18 og sunnudag kl. 13-18

Allt það besta hjá 365
ENDALAUST TAL OG 10 GB Á 3.990 KR.*
Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á frábærlega góðu verði.
*Gildir fyrir áskrifendur í Skemmtipökkum 365
Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is
365



**BARA SPARI** Háir hælar geta valdið álagi á hnén. Þá getur þrýstingur á tær leitt til líkþorna og þess að fóturinn afmyndast.

# EKKI LÍÐA FYRIR TÍSKUSTRAUMA

**ALLT ER GOTT Í HÓFI** *Himinháir hælar, níðþröngar gallabuxur og þungar handtöskur geta við mikla notkun haft óæskileg áhrif á heilsuna til lengri tíma litið. Hér eru nokkur dæmi um fatnað og fylgihluti sem ætti að forðast að ofnota.*

- Níðþröngar gallabuxur geta valdið það miklum þrýstingi að það leiði til eymsla og dofa. Þá hafa menn haft áhyggjur af því að þröngar gallabuxur geti haft óæskileg áhrif á sæðisframleiðslu karlmanna þar sem þrengslin og núningurinn í kringum punginn getur valdið því að svæðið ofhitnar, en það er ekki talið gott fyrir sæðisframleiðsluna.
- Mikil notkun á aðhaldsfatnaði getur valdið meltingartruflunum. Fatnaðurinn veldur þrýstingi á kviðarhol og maga og sá þrýstingur getur aftur leitt til bakflæðis upp í vélinda og annarra óþæginda.
- Himinháir hælar geta valdið álagi á fætur og hné. Því hærri sem hælarnir eru þeim mun meira álag á hnén. Þá getur þrýstingur á tær leitt til líkþorna og þess að fóturinn afmyndist. Þá geta háir hælar valdið því að kálfavöðvinn styttist. Gott er að velja frekar lægri hæla og ganga lengri vegalengdir í þægilegri skóm.
- Til eru mörg dæmi um að stórir og þungir eyrnalokkar hafir krækst í fatnað eða annað og leitt til þess að eyrnasnepillinn rifnar. Þá vekja þeir yfirleitt athygli ungra barna sem eru fljót að kippa í glingrið. Þungir lokkar geta líka stækkað eyrnalokkagatið með tímanum og eru ekki allir hrifnir af því.
- Ætla mætti að flatbotna tátiljur væru betri kostur en háir hælar en þeim geta líka fylgt vandamál. Þær veita engan stuðning og geta valdið sinabólgu og eymslum í hælum.
- Stórar handtöskur sem bornar eru á annarri öxlinni geta valdið vöðvabólgu og eymslum í hálsi og baki ef þær eru of þungar. Með tímanum geta þær líka haft varanleg áhrif á líkamsstöðuna, til hins verra.
- Blúndunærföt úr gerviefnum geta valdið usla við mikla notkun. Séu þau með ójöfnum brúnum sem nuddast stöðugt upp við húðina geta þau valdið núningssárum og kláða, sérstaklega ef fötin yfir eru þröng. Sumum konum virðist jafnframt verða hættara við sveppasýkingu ef þær ganga í nærfötum úr gerviefnum.



**GETA VALDIÐ VÖÐVABÓLGU OG EYMSLUM**
Stórar og þungar handtöskur sem bornar eru á annarri öxlinni geta valdið vöðvabólgu og eymslum í hálsi og baki. Með tímanum getur notkun þeirra haft áhrif á líkamsstöðuna.



**GETA VERIÐ VARASAMIR**
Dæmi eru um að eyrnasneplar rifni þegar stórir og þungir eyrnalokkar festast í fatnaði.


Gerðu leiðið fallegt
Allt innifalið!
TILBOÐI LÝKUR 1. SEPTEMBER
Legsteinn nr. 2042
- Legsteinn
- Ímálað Letur
- Ígrafin ímáluð mynd
- Spörfugl
- Frí uppsetning*
Verð kr. 149.000,-
Fullt verð kr. 227.050,-
Litur: Aurora
(B: 48cm H: 50cm)
Legsteinn nr. 2041
- Legsteinn
- Ímálað Letur
- Ígrafin ímáluð mynd
- Spörfugl
- Frí uppsetning*
Verð kr. 149.000,-
Fullt verð kr. 227.050,-
Litur: China Grey
(B: 48cm H: 50cm)
Litur: Aurora
(B: 55cm H: 61cm)
Legsteinn nr. 2020
- Legsteinn
- Ímálað Letur
- Ígrafin ímáluð mynd
- Granit Lukt & Vasi
- Batterískerti 250 klst.
- Frí uppsetning*
Verð kr. 249.000,-
Fullt verð kr. 327.350-
Litur: Shanxi Black
(B: 75cm H: 66cm)
Legsteinn nr. 2021
- Legsteinn
- Ímálað Letur
- Ígrafin ímáluð mynd
- Lukt & Granít Vasi
- Batterískerti 250 klst.
- Frí uppsetning*
Verð kr. 299.000,-
Fullt verð kr. 402.350-
Litur: Paradiso
(B: 55cm H: 61cm)
Legsteinn nr. 118
- Legsteinn
- Ímálað Letur
- Ígrafin ímáluð mynd
- Granít Lukt & Vasi
- Batterískerti 250 klst.
- Frí uppsetning*
Verð kr. 313.000,-
Fullt verð kr. 413.350-
Graníthöllin
Legsteinar
Bæjarhrauni 26, 220 Hafnarfirði
555-3888
www.granithollin.is




**MÝRDALURINN HEFUR ÍTÖK** Björn ásamt dóttur sinni Elínu á Hjörleifshöfða.

# HUGSAR OFT Í HEYSKAPINN

**SVEITIN HEILLAR** *Björn Guðbrandur Jónsson var í sveit í Mýrdal sem barn og gekk í flest sveitastörf eins og tíðkaðist á þeim tíma. Hann telur að ferðamenn hefðu ánægju af því að fá að upplifa íslenskan heyskap á gamla mátann.*

Björn Guðbrandur Jónsson, framkvæmdastjóri Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs, var í sveit í Mýrdal í sjö sumur í barnæsku. Þegar hann vill losna úr borgarys og þys leitar hann þangað. „Ég var í vist hjá fjölskyldu móðursystur minnar á bænum Vestra-Skagnesi en móðurfólkið mitt var upprunnið frá bænum Loftsölum, næsta bæ við Dyrhólaey. Þar bjuggu afi minn og amma, Guðbrandur og Elín, í næstum hálfa öld og áttu þar sín 15 börn. Afi minn var vitavörður á Dyrhólaey frá því að vitinn þar var fyrst reistur árið 1910 og sömuleiðis formaður á Svaninum upp úr aldamótunum 1900, bát sem gerður var út frá Dyrhólaey. Þannig var búalið í Mýrdal á þeim tíma ekki síður sjómenn en bændur þótt það sé erfitt að ímynda sér með hafnleysuna á sandinum. Jafnaldri og sveitungi afa míns, Eyjólfur Guðmundsson á Hvoli, ritaði frábærar sagnir af mannlífi, sjósókn og atvinnuháttum í Mýrdal á nítjándu öldinni og öndverðri þeirri tuttugustu, nokkuð sem allir sem unna þessari sveit ættu að kynna sér.“

Björn náði í skottið á vinnubrögðum sem nú eru að mestu horfin og á um þær dýrmætar minningar. „Við heyskap var fjöldi fólks við störf, mannmargt í teignum. Líf og fjör, kaffi á brúsa og pönnukökur. Þegar ég heyri minnst á sveitasælu sé ég fyrir mér hóp fólks með hrífu í hendi og finn ilminn af kaffi og nýrri töðu. Svei mér ef ferðaþjónustubændur gætu bara ekki boðið túristum upp á slíkar upplifanir í dag öllum til góðs.“

Léttadrengurinn var nýttur í smalamennsku og hefur alltaf síðan heillast af fjalllendinu upp af Mýrdalnum. „Fyrir tæpum áratug fór ég með yngri börnin mín tvö í afar skemmtilega gönguferð inn á fjalllendið þar sem við gengum berfætt nokkurra kílómetra leið. Það var sama hvort landið undir okkur var úfið hraungrýti eða mosadý, allt var berfættum fært. Það voru sannarlega náin kynni og eftirminnileg upplifun af landinu.“

Björn segir tengslin við Mýrdalinn hafa rofnað og þykir það miður. „Fyrir örfáum árum var ég staddur, eiginlega fyrir tilviljun, á þorrablóti í Reynishverfinu. Það var hin hressilegasta samkoma og menn tróðu þar m.a. upp með gamanmál um bændur í sveitinni. Engan þekkti ég eiginlega í salnum og engan af þeim sem komu við sögu í gamanmálum og fann glöggt að hér höfðu orðið a.m.k. ein kynslóðaskipti, eðlilega og að vonum. Daginn eftir, á heimleið, kom ég við í kirkjugarðinum, eins og ég geri mér jafnan far um þegar ég ferðast um sveitir. Nú brá svo við að þar í kirkjugarðinum að Reyni þekkti ég annan hvern mann. Ég segi ekki að það hafi orðið fagnaðarfundir, og þó. Eitthvað var notalegt við að sjá það hér samankomið á sínum stað, bændafólkið sem setti svip á sveitina mína í denn.“



**FINNUR SIG Í FJÖRU** Björn leitar í Mýrdalinn þegar hann vill losna úr borgarys og þys. Hér er hann í Reynisfjöru.



# HAUST 2015

## BOYFRIEND BUXURNAR KOMNAR







*Verð 13.990 kr.-*

COSMO

Kringlunni

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARF.**
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S. 499 3070 Sólbakki.

**SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS**
Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## ATVINNA

### Atvinna í boði

Jói Fel

**HJÁ JÓA FEL HOLTAGARÐAR**
Óskum eftir fólki til afgreiðslustarfa í bakarí okkar í Holtagörðum. Tvískiptar vaktir: önnur vikan 7-13 og hin vikan 12-18:30 og önnur hver helgi.
**Vinsamlega sendið umsóknir á linda@joifel.is**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**DEILDARSTJÓRI - FULLT STARF**
Umsjón deildar, vöruáfylling og ráðgjöf, pantanir í deild o.fl. Parf að geta hafið störf kl. 9:00, unnið einhverja daga í viku til kl. 19:00 og unnið aðra hverja helgi. Mjög gott vald á íslensku skilyrði.
**Áhugasamir sendi ferilskrá á ivar.ivarsson@rfl.is Einnig hægt að hafa samband í síma 820-8011 Rúmfatalagerinn Korputorgi**

MOSFELLS BAKARÍ

**MOSFELLSBAKARÍ - MOSFELLSBÆ.**
Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar í Mosfellsbæ. Tvær vaktir eru í boði, frá 12:00 - 18:30 virka daga og aðra hverja helgi annann daginn frá kl. 07:00-16:30 eða frá 06:30 - 13:00 virka daga og einn dag aðra hverja helgi frá kl. 07:00-16:30 . Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.
**Umsóknareyðublöð er hægt að nálgst á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

**BORGARHÖFÐI EHF / GRÍMSEY**
Óskar eftir tveimur duglegum og reglusömum einstaklingum til að stokka upp línu. Húsnæði á staðnum.
**Upplýsingar um fyrri störf skal senda á netfangið: sveinagardar@simnet.is**

**HÁRSNYRTIR**

**HÁRRÉTT HÁRSTOFA/ RAKARASTOFA**
Óskar eftir vönum hársnyrti í 80% starf.
Parf að getað byrjað sem fyrst.
**Uppl. sendist á linda@harrett.is**

**K-BAR AUGLÝSIR**
eftir aðstoðar framleiðslumanni og uppvaskara. umsóknir: kbar@kbar.is

K-Bar is looking for assistant chef and a dishwasher/assistant chef. Part time and full time jobs. apply: kbar@kbar.is

**LEITUM EFTIR DUGMIKLUM STARFSKRÖFTUM Á HJÓLBARÐASTÖÐVAR DEKKJAHALLARINNAR.**
18 ára aldurstakmark og íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknareyðublöð á dekkjahollin.is

**SMIÐIR ÓSKAST !**
Vantar smiði í vinnu. Uppl. í s. 8994819

Primo leitar að góðu fólki í sal í kvöld og helgarvinnu. Áhugasamir sendið ferilskrá á matreidslumadur@gmail.com

Vantar manneskju til að hafa eftirlit með rúmliggjandi konu fyrripart dags. Uppl. gefur Helgi í s. 858 1066

Bílstjóra vantar í 100% vinnu - Vinnutími frá kl 8-16 alla virka daga. Nánari upplýsingar og umsóknir á vinnaibodi@gmail.com

Vinna með skóla - Vantar starfsmenn í afgreiðslustörf í hverfi 104. Vinnutími frá kl 15-18. Unnið er 2-3x í viku. Nánari upplýsingar og umsóknir á vinnaibodi@gmail.com

Óskum eftir að ráða starfsmann á lager og í útkeyrslu. Umsóknir sendist á einar@solning.is

Bjössi ehf. vantar vanan vörubílstjóra á fjögurra öxla MAN. Uppl í S: 696 6676

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

Ung kona með æðislega rödd vill kynnast karlmanni með eitthvað skemmtilegt og spennandi í huga. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, auglnr. 8738.

Ríflega sextug kona vill kynnast góðum manni með náin kynni í huga. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, auglnr. 8376.

KK vill kynnast KK með mjög náin kynni í huga. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, auglnr. 8738.


FÉKKSTU EKKI BLAÐIÐ Í MORGUN?

KOM ÞAÐ OF SEINT?

Vinsamlegast láttu vita í gjaldfrjálst númer 800 1177 eða á dreifing@postdreifing.is
Póst dreifing

Hjálpaðu okkur að bæta þjónustuna.
Blaðið á að berast þér fyrir kl. 7:15 virka morgna og 8:15 á laugardögum

FRÉTTABLAÐIÐ


# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


Föndurlist
Föndur - Lista og Hannyrðavörur
Stærsta föndurverslun landsins
www.fondurlist.is ~ Holtagörðum ~ s. 553 1800

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
S. 587 1350



TYLÖ
Allt fyrir sauna- og gufuböð
TÆKJATÆKNI
Smiðjuvegur 11, sími 571 377, taekjataekni.is

XPRENT
ER SÍMINN PINN

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Iveco
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

BROTAFL

GRAFARVOGS
• Hjólbarðaviðgerðir
• Smurþjónusta
• Bremsur
• Demparar
• Rafgeymar
• o.fl.

Föndurlist
Föndur - Lista og Hannyrðavörur
Stærsta föndurverslun landsins
www.fondurlist.is ~ Holtagörðum ~ s. 553 1800

BLIKK
Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting
Heildsala • Smásala
íshúsið ehf

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist

Geymsluskúrar / gestahús til sölu




# Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

# Tímabilið mögulega búið hjá hinum óheppna Guðmanni

**FÓTBOLTI** Það hafa verið vandræði á varnarmönnum FH í sumar vegna meiðsla og sér ekki fyrir endann á þeim.

Tímabilið er hugsanlega búið hjá Guðmanni Þórissyni en hann hefur verið einkar óheppinn með meiðsli í sumar og aðeins tekið þátt í fimm deildarleikjum með FH.

„Það kemur í ljós eftir landsleikjahléið hvort hann verður meira með okkur. Það gæti vel verið að hann sé búinn að spila sinn síðasta leik með okkur í sumar en við vonum samt það besta,“ segir Heimir Guðjónsson, þjálfari FH.

Annar af miðvörðum liðsins, Kassim Doumbia, hefur einnig misst af nokkrum leikjum vegna meiðsla. Hann er aftur á móti orðinn klár í slaginn.

Það er hins vegar áhugavert að FH hefur aðeins fengið á sig fimm mörk í sjö leikjum án Doumbia. Er Doumbia var í liðinu var FH að fá á sig 1,4 mörk að meðaltali í leik en án hans er FH aðeins að fá á sig 0,7 mörk í leik. Fjórum sinnum hefur FH haldið hreinu í sumar og Doumbia var aðeins með í einum þeirra leikja.

„Hann var með beinmar í ökklanum en er orðinn góður. Hann mun klárlega styrkja okkur mikið á lokasprettinum enda frábær leikmaður,“ segir Heimir. **– hbg**



> Það kemur í ljós eftir landsleikjahléið hvort hann verður meira með okkur. Það gæti vel verið að hann sé búinn að spila sinn síðasta leik með okkur í sumar en við vonum samt það besta.

Heimir Guðjónsson, þjálfari FH

**Guðmann hefur verið einstaklega óheppinn með meiðsli í sumar og ekki of miklar líkur á því að hann að hann spili meira í sumar.** Fréttablaðið/Andri



**Stelpurnar unnu á Smáþjóðaleikunum og eru alltaf á uppleið.** Fréttablaðið/Andri

## Flott byrjun hjá stelpunum

**STRANDBLAK** Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir unnu fyrsta leik sinn á Evrópumóti U22 í strandblaki í gær en keppt er í Macedo de Cavaleiros í Portúgal. Báru þær sigur úr býtum gegn sterkasta liði Noregs.

Unnu þær fyrstu hrinuna naumlega eftir mikla spennu 22-20 en töpuðu annarri hrinunni 19-21.

Þurfti því að grípa til oddahrinu þar sem stelpurnar unnu sannfærandi 15-11 sigur. **– kpt**



**Það eru breyttir tímar hjá Balotelli.** NordicPhotos/Getty

## Heragi á Balotelli

**FÓTBOLTI** Mario Balotelli mun nánast þurfa að haga sér eins og hermaður hjá AC Milan. Það er búið að banna honum að gera flest sem hann er þekktur fyrir að gera.

Balotelli hefur auðvitað skemmt mikið fyrir sjálfum sér á undanförnum árum með ýmiss konar misgáfulegum uppátækjum. AC Milan var ekki til í að taka aftur við honum nema hann samþykkti að vera til fyrirmyndar. Það gerði hann og Milan fékk hann því að láni í eitt ár frá Liverpool í gær.

Samningur hans við félagið er að mörgu leyti byggður á agareglum ítalska flughersins. Hann þarf því að haga sér afar vel.

Hann má ekki vera með furðulegar klippingar en hver metur það er annað mál. Balotelli má heldur ekki klæða sig eins og hann vill, hann má hvorki reykja né drekka, hann má ekki fara á næturklúbba og Milan mun einnig skerða aðgang hans að Twitter og Instagram. **– hbg**







# Níunda stórmót Ásdísar á sjö árum

**Íslenski spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir hefur ekki misst úr stórmót í frjálsum íþróttum frá því á Ólympíuleikunum í Peking 2008. Öflugasta frjálsíþróttakona landsins er aftur mætt til Peking og hefur keppni á morgun á sínu fimmta heimsmeistaramóti á ferlinum.**


Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is




FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR Spjótkastarinn Ásdís Hjálmsdóttir er enn á ný mætt á stóra svið frjálsu íþróttanna til að reyna sig meðal þeirra bestu í heimi.

Hin kornunga Aníta Hinriksdóttir steig sín fyrstu skref á HM fullorðinna þegar hún var nálægt sæti í undanúrslitum 800 metra hlaupsins aðfaranótt miðvikudagsins en nú er komið að reynslubolta Íslendinga þegar kemur að því að keppa á stærstu frjálsíþróttamótum heims.

Ásdís Hjálmsdóttir hefur ein Íslendinga ekki misst úr stórmót í sjö ár og er núna að fara að keppa á sínu fjórða heimsmeistaramóti. Ásdís missti síðast af stórmóti þegar heimsmeistaramótið fór fram í Ósaka í Japan haustið 2007 en Ásdís glímdi þá við meiðsli. Árið eftir tók hún þátt í sínum fyrstu Ólympíuleikum og hefur síðan verið með á öllum mótum, hvort sem það eru Evrópumót, heimsmeistaramót eða Ólympíuleikar.

### Nú er bara að bíða

„Síðasta æfingin er búin og ég hef gert allt sem ég gat til að undirbúa mig. Nú hefst jafnframt biðin. Ég varð vitni að lengsta kasti spjótkastara í fjórtán ár í kvöld og það er mikil hvatning. 44 tímar í alvöruna,“ skrifaði Ásdís inn á Fésbókarsíðu sína í gærkvöldi. Ásdís keppir á föstudagskvöldið að staðartíma í Kína en í hádeginu að íslenskum tíma. Úrslitin fara síðan fram daginn eftir. „Nú er kominn tími til að sýna hvað allt erfiðið hefur skilað mér. Ég hef skilað vinnunni og hef aldrei verið í betra formi á ævinni. Ég get ekki beðið eftir að sýna það og sanna á vellinum föstudaginn 28. ágúst,“ skrifaði Ásdís enn fremur á síðuna sína.

Bestum árangri hvað sæti varðar náði Ásdís á Evrópumótinu í Barcelona árið 2010 þegar hún náði 10. sætinu. Afrek hennar á Ólympíuleikunum í London tveimur árum seinna stendur þó upp úr þegar hún setti nýtt glæsilegt Íslandsmet með því að kasta 62,77 metra í undankeppninni en aðeins sjö köstuðu þá lengra en hún. Ásdís náði reyndar ekki að fylgja því alveg eftir í úrslitunum og endaði í 11. sætinu. Ásdís hefur tvisvar komist í úrslit á stórmóti en hún hefur líka þrisvar endað í 13. sæti eða sem fyrsti varamaður inn í úrslitin. Ásdís hefur því þrisvar setið eftir hársbreidd frá því að fá annað tækifæri í úrslitunum, síðast á Evrópumótinu í Zürich í fyrra.

### Nær hún þrennunni?

Ásdís á enn eftir að loka þrennunni það er að komast í úrslit á heimsmeistaramóti, en hún hefur bæði komist í úrslit á Evrópumóti sem og á Ólympíuleikum. Til þess að komast í úrslit á morgun þarf Ásdís líklega að kasta 62 metra eða að vera meðal tólf efstu í undankeppninni. Ásdís tryggði sér bæði þátttökurétt á HM í Peking og á Ólympíuleikunum í Ríó þegar hún kastaði 62,14 metra á móti í Ríga í Lettlandi í lok maí. Lágmarkið inn á HM var 61 metri og það þurfti að kasta 62 metra til að öðlast þátttökurétt á Ólympíuleikum. Það er því vitað að Ásdís mun ná því að keppa á sínum þriðju Ólympíuleikum. Fyrr um sumarið 2016 er Evrópumót í Amsterdam í Hollandi og það er líklegur viðkomustaður í undirbúningi Ásdísar fyrir leikana í Ríó.

Fyrst á dagskrá er að reyna við úrslitin á heimsmeistaramótinu í Peking.

### Lítið gekk upp fyrir sjö árum

Þegar Ásdís keppti þar á Ólympíuleikunum fyrir sjö árum þá gekk lítið upp. Fyrstu tvö köstin voru ógild og lokakastið náði ekki yfir 49 metra. Nú mætir hins vegar talsvert reynslumeiri íþróttakona til leiks í Fuglahreiðrið í Peking staðráðin í að gera enn betur en ungi herbergisfélaginn hennar Aníta Hinriksdóttir og halda uppi heiðri Íslands í úrslitunum á laugardaginn.

## Íslendingar á flestum heimsmeistaramótum

**5 heimsmeistaramót á ferlinum**

**Vésteinn Hafsteinsson**
*Kringlukasti*
1983, 1987, 1991, 1993, 1995

**Jón Arnar Magnússon**
*Tugþraut*
1995, 1997, 1999, 2001, 2003



**Þórey Edda Elísdóttir**
*Stangarstökki*
1999, 2001, 2003, 2005, 2007

**4 heimsmeistaramót á ferlinum**

**Ásdís Hjálmsdóttir**
*Spjótkasti*
2009, 2011, 2013, 2015

**Guðrún Arnardóttir**
*400 m grind*
1993, 1995, 1997, 1999

**Þórdís Gísladóttir**
*Hástökki*
1983, 1987, 1991, 1993

**Sigurður Einarsson**
*Spjótkasti*
1987, 1991, 1993, 1995




> Ég hef skilað vinnunni og hef aldrei verið í betra formi á ævinni. Ég get ekki beðið eftir að sýna það og sanna á vellinum föstudaginn 28. ágúst.
>
> Ásdís Hjálmsdóttir spjótkastari



nettó
kræsingar & kostakjör
KJARNAFÆÐI
-36%
LAMBALÆRISSNEIÐAR
ARGENTÍNUMARINERING
1.983
ÁÐUR 3.098 KR/KG
GOÐI
-40%
GRÍSABÓGUR
FERSKUR
599
ÁÐUR 998 KR/KG
ÍSFUGL
-35%
TEX MEX VÆNGIR
FULL ELDAÐIR
471
ÁÐUR 724 KR/KG
KJARNAFÆÐI
-20%
ÁLEGGSBRÉF
KJARNAFÆÐI
-34%
BYGGBRAUÐ 500 GR
BAKAÐ Á STAÐNUM
296
ÁÐUR 449 KR/STK
"Je suis un pomme de terre,
trés delicious"!!!
-60%
KARTÖFLUR 1.5 KG
FRÁ FRAKKLANDI
159
ÁÐUR 398 KR/PK
CASA FIESTA
TILBOÐ Á
CASA FIESTA
VÖRUM!
-20%
NAUTGRIPAHAKK
FERSKT
1.189
ÁÐUR 1.450 KR/KG
Peter Larsen Kaffe
KAFFI 500 GR
PETER LARSEN
299
ÁÐUR 699 KR/PK
NÓA
Súkkulaði POPP
SÚKKULAÐIPOPP
NÓI - 250 GR
299
ÁÐUR 389 KR/PK
PEPSÍ MAX
4x2 LTR.
695
ÁÐUR 799 KR/PK
Tilboðin gilda 27. ágúst – 30. ágúst 2015
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## Merkisatburðir

**1629** Danir bíða ósigur fyrir her hins Heilaga rómverska ríkis í orrustunni við Lutter am Barenberg.
**1689** Kína og Rússland gera með sér Nertsjinsksáttmálann.
**1729** Hraun rennur út í Mývatn umhverfis kirkjuna í Reykjahlíð í Mývatnseldum, sem stóðu með hléum frá 1724 og fram í september 1729.
**1828** Simón Bolívar tekur sér alræðisvald í Stór-Kólumbíu.
**1867** Eldgos hefst í Vatnajökli og stendur yfir í 13 daga. Talið er að gosið hafi verið nálægt Grímsvötnum.
**1887** Skáldið Jónas Guðlaugsson fæðist á þessum degi.
**1914** Fjórir menn af 17 manna áhöfn togarans Skúla fógeta farast er togarinn sigldi á tundurdufl og sökk. Þá var mánuður liðinn frá upphafi fyrri heimsstyrjaldar.
**1946** Einangrun Siglufjarðar er rofin þegar fyrsti bíllinn kemst þangað eftir að unnið hafði verið að vegagerð um Siglufjarðarskarð í ellefu ár.
**1951** Sýningarsalir Listasafns Íslands í húsi Þjóðminjasafnsins eru formlega opnaðir.
**1962 Skáldið Sigurjón Birgir Sigurðsson, oft kallaður Sjón fæðist á þessum degi.**
**1970** Flugsveitin Rauðu örvarnar sýnir listir sínar í Reykjavík og vekur mikla aðdáun.
**1982** Körfuknattleiksmaðurinn Helgi Már Magnússon fæðist á þessum degi.
**1991** Moldóva fær sjálfstæði frá Sovétríkjunum.
**1994** Kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, Bíódagar, hlýtur Amanda-kvikmyndaverðlaunin. Mat dómnefndar er að myndin sé þjóðleg og alþjóðleg í senn.
**2002** Flak Northrop N-3-PB-sjóflugvélar finnst á átta metra dýpi í Skerjafirði.





Brekkusöngurinn verður haldinn í Plútóbrekku þar sem Jóhann Helgason mun frumflytja lagið Seltjarnarnes en hér er hann ásamt Jóakim, einum skipuleggjanda hátíðarinnar, og Herði Bjarkasyni sem stígur einnig á svið. Fréttablaðið/AntonBrink

# Bæjarhátíð Seltjarnarness er haldin í fjórða sinn

**Hátíðin hefst í dag og stendur yfir til sunnudags. Meðal viðburða er brekkusöngur, skemmtiskokk og dans- og hljóðverk byggingarkrana.**

„Það er margt nýtt hjá okkur í ár, þetta er hátíð sem var standsett af fólkinu hérna í bænum til þess að vekja upp bæjarstemningu,“ segir Jóakim Þór Gunnarsson, einn af skipuleggjendum Bæjarhátíðar Seltjarnarness.

Hátíðin hefst í dag og stendur yfir til sunnudags.

Jóakim segir að upphaf hátíðarinnar megi rekja til þess að nokkrir íbúar tóku sig saman og efndu til hátíðarinnar. „Það voru alltaf Stuðmannaböll sem voru hrikalega vinsæl. Þegar þau duttu upp fyrir þá vantaði eitthvað í lok sumars sem skapaði ákveðna stemningu. Þau ákváðu að efna til balls og skipta hverfum eftir litum,“ segir Jóakim og bætir við: „Í fyrra í rauða hverfinu var götum lokað og fólk leigði hoppukastala. Það voru grilluð tvö heil lömb og bara frjáls framlög og fólk gat fengið sér að borða, það myndaðist alveg geggjuð stemning.“

Jóakim segir hátíðina hafa vaxið töluvert frá því hún var haldin fyrst og að áhersla sé lögð á að höfða til allra aldurshópa. „Það eru djasstónleikar í kvöld sem eru miðaðir við eldri kynslóðina. Tómas R. Einarsson og Bogomil Font. Á morgun verðum við með Brekkusöng í Plútóbrekku þar sem Jóhann Helgason tónlistarmaður, sem er búsettur á Seltjarnarnesi, ætlar að frumflytja lag sitt Seltjarnarnes,“ segir Jóakim glaður í bragði og auðheyrt er að það verður nóg um að vera.

„Það verður bara tónlistarfólk af Seltjarnarnesi sem er að spila fyrir fólkið í brekkunni. Krakkar úr tónlistarskólanum og strákar sem hafa verið öflugir í gítarspili á Nesinu. Svo klárum við þetta með Jóhanni.“ Á laugardagskvöldið er svokallað stuðball þar sem hljómsveitin Made-in Sveitin leikur fyrir dansi.

> **Það voru alltaf Stuðmannaböll sem voru hrikalega vinsæl. Þegar þau duttu upp fyrir þá vantaði eitthvað í lok sumars sem skapaði ákveðna stemningu. Þau ákváðu að efna til balls og skipta hverfum eftir litum.**

Meðal annarra viðburða er til dæmis sundlaugarpartí, hjólreiðatúr, skemmtiskokk og dans- og hljóðverk tveggja byggingarkrana. Frítt er inn á flesta viðburðina fyrir utan djasstónleikana og stuðballið.

Það verður sannarlega nóg um að vera á Seltjarnarnesi um helgina því einnig fer fram Gróttudeginum og frisbígolfmót „Við erum með mót þar á laugardeginum með vinningum, það heitir Íslenska flatbakan og öllum sem hafa gaman af frisbígolfi er meira en velkomið að taka þátt,“ segir Jóakim glaður í bragði.

Á Gróttudeginum sem fram fer á laugardaginn verður ýmsum þrautum dreift víðs vegar um bæjarfélagið og hafa íbúar kost á að safna stigum fyrir sitt hverfi. Vinningshafi verður dreginn út í hálfleik Gróttu og Þórs sem fram fer á Vivaldivellinum klukkan 14.00 á laugardeginum.

Nánari dagskrá bæjarhátíðarinnar má kynna sér á seltjarnarnes.is en dagskráin hefst á því að sýningin Sjólag með verkum eftir Finnboga Pétursson verður opnuð í Gallerí Gróttu klukkan 17.00.

gydaloa@frettabladid.is




✝

Elskulegur móðurbróðir minn og afi,
**Jón Páll Bjarnason**
gítarleikari,
lést 16. ágúst. Útför hans verður frá Grafarvogskirkju föstudaginn 28. ágúst kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ása St. Atladóttir**
**Sveinn Hólmar Guðmundsson**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,
**Helgi H. Jónsson**
lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 7. ágúst. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 28. ágúst kl. 15.00.

**Jóhann Árni Helgason**
**Jón Ari Helgason**
**Oddný Helgadóttir**
**Sólveig Helgadóttir**
**Gunnlaugur Helgason**
**og fjölskyldur.**



✝

Okkar ástkæri
**Jónatan Einarsson**
fv. framkvæmdastjóri
frá Bolungarvík,
lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum mánudaginn 17. ágúst. Minningarathöfn fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 27. ágúst kl. 15.00. Jarðsett verður frá Hólskirkju í Bolungarvík laugardaginn 29. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er vinsamlegast bent á Orgelsjóð Hólskirkju nr. 1176-18-911908, kt. 630169-5269.

**Sigrún Óskarsdóttir**
**Einar Jónatansson** **Guðrún B. Magnúsdóttir**
**Ester Jónatansdóttir** **Guðmundur Ólafsson**
**Kristján Jónatansson** **Þorbjörg Magnúsdóttir**
**Elías Jónatansson** **Kristín G. Gunnarsdóttir**
**Heimir Salvar Jónatansson**
**Karl Garðarsson**
**Óskar Örn Garðarsson** **Harpa Norðdahl**
**Sigríður A. Garðarsdóttir** **Þórarinn Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar og tengdamóður,
**Rannveigar Ólafsdóttur**
Lækjasmára 8.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Karitas og líknardeildar LSH í Kópavogi fyrir frábæra umönnun.

**Guðjón Örn Kristjánsson**
**Guðbjörg Guðjónsdóttir** **Stefán Þórisson**
**Ólafur Jón Guðjónsson** **Eyrún Ásta Bergsdóttir**
**Katrín Guðjónsdóttir**
**Erla Björk Guðjónsdóttir** **Gunnar Ólafsson**
**Örn Már Guðjónsson** **Sigrún Svava Gísladóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
**Pétur Hans Baldursson**
Holtsbúð 99,
Garðabæ,
lést á heimili sínu 25. ágúst. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju mánudaginn 31. ágúst kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á heimahlynningu Landspítalans.

**Hulda Haraldsdóttir**
**Haraldur Pétursson** **Herdís Jónsdóttir**
**Sylvía Pétursdóttir** **Valur Bergmundsson**
**Pétur Pétursson** **Yrsa Úlfarsdóttir**
**og barnabörn.**

# LISBETH SALANDER OG MIKAEL BLOMKVIST SNÚA AFTUR!




Vildarverð:
**4.599.-**
Verð:
5.999.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Fjórða bókin í ***Millenium***-seríunni úr smiðju Stiegs Larsson.
Kemur út í dag um allan heim í 2,7 milljónum eintaka!




Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugaveg 77
Mjódd - Álfabakka 14b
Kringlunni

Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gilda frá 27. ágúst, til og með 30. ágúst. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Í dag er von á nokkuð hráslagalegu veðri, skýjuðu og rigningu víða, en SV-til er útlit fyrir úrkomulítið veður. Hiti lækkar lítillega frá því sem var í gær.

| Föstudagur | | | Laugardagur | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri | Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
| 10° | 3° | 7° | 7° | 5° | 2° |
| 14 | 13 | 8 | 8 | 1 | 6 |
| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir | Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
| 8° | 10° | 5° | 3° | 11° | 0° |
| 5 | 5 | 9 | 8 | 3 | 8 |

# Þrautir

## Krossgáta

**Lárétt**
2. umrót
6. drykkur
8. beita
9. pili
11. drykkur
12. þrælkun
14. stærðfræðitákn
16. í röð
17. beita
18. skst.
20. í röð
21. málmur

**Lóðrétt**
1. sálda
3. í röð
4. sífellt
5. óvild
7. nákvæmlega
10. mánuður
13. dvelja
15. tútta
16. húðpoki
19. hætta

**Lárétt:** 2. rask, 6. te, 8. áta, 9. rim, 11. öl, 12. ánauð, 14. mínus, 16. hí, 17. agn, 18. etv, 20. tu, 21. stál.
**Lóðrétt:** 1. strá, 3. að, 4. stöðugt, 5. kal, 7. einmitt, 10. maí, 13. una, 15. snuð, 16. hes, 19. vá.

## Skák Gunnar Björnsson



Vigfús Ó. Vigfússon (1.963) átti leik gegn Jóni Þ. Þór (2.107) á Íslandsmóti skákfélaga sl. vor.

**Svartur á leik**

11...Rg4+! 12. hxg4 hxg4+ 13. Rh4 Bxc3. Hvítum hefur yfirsést að hrókurinn á b1 fellur drepi hann til baka. 14. Be3 Bf6. Svartur er með yfirburðatafl en skákinni lauk með jafntefli eftir mikla baráttu. www.skak.is: Carlsen kominn í stuð.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 2 | |
| 2 | 7 | 8 | 5 | | | | 3 | |
| 3 | | 4 | | | | | 5 | |
| 7 | | 1 | | | 9 | | | |
| | 2 | | 4 | 8 | 1 | 3 | | |
| 4 | 6 | | | 2 | | | | 1 |
| 5 | 3 | | | 6 | 8 | 7 | | 4 |
| | | | | | 3 | 2 | 6 | |
| 1 | | | | 5 | 7 | 9 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 2 | 8 | | 9 | | | 4 | |
| | | | 1 | | 7 | | 2 | 8 |
| 9 | | | | 2 | | 7 | | |
| 5 | 7 | 3 | 6 | 1 | | | 8 | |
| | | | | | | 6 | | |
| | 1 | 2 | 7 | | 9 | | 5 | |
| | 3 | | | | | 5 | | 2 |
| | 8 | | | 3 | 2 | | 6 | |
| | 5 | | | | | | 1 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | | | | 9 | | 8 | |
| | 4 | | 3 | | | | | |
| | 9 | | | 4 | | | | |
| | | 7 | | 1 | | | | |
| | | | | 3 | 5 | 9 | 2 | |
| 8 | | | | 6 | | | | 4 |
| | | | 1 | 5 | | 2 | | 8 |
| | 7 | 5 | | | | | 4 | 1 |
| | | 2 | | 9 | | 6 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 8 | 4 | 6 | 1 | 3 | 7 |
| 8 | 7 | 3 | 5 | 9 | 1 | 6 | 2 | 4 |
| 6 | 4 | 1 | 7 | 2 | 3 | 5 | 8 | 9 |
| 4 | 1 | 6 | 9 | 8 | 7 | 2 | 5 | 3 |
| 7 | 2 | 8 | 6 | 3 | 5 | 4 | 9 | 1 |
| 5 | 3 | 9 | 4 | 1 | 2 | 7 | 6 | 8 |
| 9 | 8 | 2 | 1 | 5 | 4 | 3 | 7 | 6 |
| 3 | 6 | 4 | 2 | 7 | 9 | 8 | 1 | 5 |
| 1 | 5 | 7 | 3 | 6 | 8 | 9 | 4 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 1 | 5 | 7 | 8 | 3 | 6 | 9 |
| 9 | 3 | 7 | 1 | 4 | 6 | 2 | 5 | 8 |
| 6 | 5 | 8 | 9 | 2 | 3 | 4 | 7 | 1 |
| 3 | 6 | 9 | 7 | 8 | 1 | 5 | 2 | 4 |
| 1 | 7 | 4 | 2 | 3 | 5 | 9 | 8 | 6 |
| 8 | 2 | 5 | 6 | 9 | 4 | 7 | 1 | 3 |
| 7 | 8 | 3 | 4 | 1 | 2 | 6 | 9 | 5 |
| 4 | 9 | 6 | 8 | 5 | 7 | 1 | 3 | 2 |
| 5 | 1 | 2 | 3 | 6 | 9 | 8 | 4 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 8 | 1 | 6 | 4 | 5 | 7 | 9 | 2 |
| 4 | 6 | 9 | 7 | 2 | 1 | 5 | 8 | 3 |
| 5 | 2 | 7 | 8 | 9 | 3 | 4 | 6 | 1 |
| 6 | 7 | 3 | 9 | 1 | 4 | 2 | 5 | 8 |
| 8 | 1 | 5 | 2 | 3 | 6 | 9 | 4 | 7 |
| 9 | 4 | 2 | 5 | 7 | 8 | 1 | 3 | 6 |
| 2 | 5 | 6 | 1 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 |
| 7 | 9 | 4 | 3 | 6 | 2 | 8 | 1 | 5 |
| 1 | 3 | 8 | 4 | 5 | 7 | 6 | 2 | 9 |

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









TILBOÐ
KS TOOLS
KICK-OFF
Tilboð
Meðan birgðir endast
Loftlykill 1.690 Nm
28.984.-
Nánar upplýsingar á stilling.is/KS5151210
4í1 Lykill
3.287.-
Nánar upplýsingar á stilling.is/KS5034565
Lyklasett 6-32
21 stk.
CrV
DIN
ISO
ISO
15.562.-
Nánar upplýsingar á stilling.is/KS5170043
Topplyklasett
48 stk.
5.427.-
Nánar upplýsingar á stilling.is/KS9170648
Topplyklasett
179 stk.
17.313.-
Nánar upplýsingar á stilling.is/KS9170779
Bitasett
32 stk.
5.641.-
Nánar upplýsingar á stilling.is/KS9183010
Minnkanir og stækkanir
7 stk.
65 mm
3.871.-
Nánar upplýsingar á stilling.is/KS9170707
Stilling
Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is | stilling@stilling.is

# Yrðlingarnir þurfa að komast til refs

**Ævintýraóperan Baldursbrá verður frumsýnd á laugardag í Hörpu. Fyrsta æfing var þar í gær á nýju sviði með hljómsveitargryfju, sérsmíðaðri fyrir sýninguna.**


Eyjólfur Eyjólfsson, Fjóla Kristín Nikulásdóttir og Jón Svavar Jósefsson í hlutverkum sínum. Fréttablaðið/Ernir

Brúnklædd börn með skott skjótast um tröppur og ganga Hörpunnar þegar ég bregð mér þangað rétt fyrir æfingu á óperunni Baldursbrá eftir Gunnstein Ólafsson og Böðvar Guðmundsson. Erindið er að hitta þátttakendur áður en þeir fara á svið. Mér er vísað í sminkherbergið þar sem andlit krakka eru að breytast í yrðlinga og Eyjólfur Eyjólfsson söngvari er að fá yfirbragð spóa, íklæddur grænum sokkabuxum. „Það hefur lengi verið draumur minn að fá að ganga í sokkabuxum,“ segir hann hlæjandi.

Spurður út í karakterinn segir Eyjólfur spóann vera sambland af fordekruðum herramanni og íslenskum smaladreng. „Spóinn lendir í andlegum átökum í verkinu því hann á frumkvæði að því að blómið baldursbrá er rifið upp með rótum og fært á verri stað. Hann fær rebba (Jón Svavar Jósefsson) í lið með sér. En spóinn gerir sér á endanum grein fyrir flónsku sinni.“

Söguþráður óperunnar snýst um baldursbrá sem verið er að ráðskast með. „Baldursbrá er ímynd móður jarðar og efni óperunnar er viss ádeila á brölt okkar mannanna í náttúrunni,“ útskýrir Eyjólfur. Davíð Ólafsson, söngvari og fasteignasali, snarast inn í smink. „Ég er þessi vondi – hrúturinn,“ segir hann kankvís. Davíð, eins og flestir aðrir þátttakendur, flutti Baldursbrá tvívegis í tónleikaformi í fyrrasumar og segir spenning fyrir óperuuppfærslu hafa myndast þá. Rifjar upp góðan dóm Jónasar Sen gagnrýnanda sem gekk raulandi út úr kirkjunni.

Í Norðurljósasalnum eru Gunnsteinn, höfundur og hljómsveitarstjóri, og Sveinn Einarsson leikstjóri að undirbúa fyrstu samæfingu með hljómsveit. Sveinn ber lof á verkið, segir sönginn hrífandi og boðskapinn fallegan. Ingibjörg Björnsdóttir danskennari er að leggja yrðlingunum ellefu lífsreglurnar. „Þeir þurfa að komast til refs,“ (ekki manns) útskýrir leikstjórinn brosandi og kveðst vitna þar í glaðlegan og aðgengilegan texta Böðvars.

Fjóla Nikulásdóttir fer með titilhlutverkið, nýútskrifuð með mastersspróf í óperusöng frá Vínarborg. Hún segir Baldursbrá yndislega óperu þar sem stef úr íslenskum þjóðlögum blandist rómantískri tónlist á einstakan hátt.

Leikararnir tínast inn í búningunum, hönnuðum af Kristínu Berman með aðstoð Messíönu Tómasdóttur. Spóinn blakar vængjum og baldursbráin blómstrar. Ég kveð í þann mund sem fyrstu tónarnir eru slegnir í glænýrri gryfjunni. gun@rettabladid.is


Saga Sigurðardóttir bregður sér í ýmis karlmannleg hlutverk í sýningunni, hér er það rokkarinn sem á sviðið. Fréttablaðið/Ernir

## Glímukappi og rokkstjarna

„Ég samdi Macho Man fyrir dansarann Sögu Sigurðardóttur sem túlkar það hvernig ofurkarlmaðurinn birtist okkur í hreyfingum og af því Saga er frekar kvenleg myndast dálítið óskýr mörk milli þess hvað er kvenlegt og hvað karlmannlegt,“ segir Katrín Gunnarsdóttir danshöfundur um verk sitt sem verður frumsýnt í Hafnarhúsinu í kvöld klukkan 22.15 og tilheyrir Lókal og Reykjavík Dansfestival.

Katrín segir verkið í raun byggt upp á mismunandi myndum. „Við fengum lánaðar hreyfingar frá ýmsum karlmannlegum mönnum á YouTube og öðrum vídeóum og hópuðum saman hreyfingar frá bardagamönnum í eina mynd og rokkstjörnum í aðra, þannig flæðir verkið á milli.“

Katrín er ekki frá því að Saga sé orðin ákveðnari og beinskeyttari eftir að æfingar á verkinu hófust, þó hún sé langt frá því að vera vaxin eins og líkamsræktargaur. „Það er talið að ef konur setja sig í valdeflandi stellingar þá fylgi hugurinn með og sjálfstraustið aukist. Hreyfingarnar hafi sálræn áhrif, enda eru karlmannlegar stellingar oft tengdar við vald og styrk,“ útskýrir hún. – gun

## Mozart litli framdi glæp

**TÓNLIST**

**Lokatónleikar Kirkjulistahátíðar**

Hallgrímskirkja

23. ágúst 2015

**Verk eftir John A. Speight, Jón Hlöðver Áskelsson, Sigurð Sævarsson, Gregorio Allegri og fleiri.**

★★★★

Einu sinni var tónverk sem var svo heilagt að nóturnar af því máttu ekki koma fyrir almanna sjónir. Ef einhver dirfðist að skrifa það niður eftir eyranu, var hann bannfærður af Vatíkaninu. Þetta var Miserere eftir Gregorio Allegri. Textinn er Davíðssálmur nr. 51. Verkið var ávallt flutt í Dymbilviku í Sixtínsku kapellunni. Það mátti hvergi flytja það annars staðar.

En þá kom Mozart litli til sögunnar. Hann var fjórtán ára þegar hann heyrði tónlist Allegris. Á eftir fór hann heim og skrifaði hana niður eftir minni. Svo skrapp hann í kapelluna daginn eftir til að heyra hana aftur og fínpússa það sem hann hafði skrifað. Þetta fréttist, en alls óvænt var Mozart ekki bannfærður. Nei, páfinn Klement 14. dáðist svo að snilld drengsins að hann sæmdi hann orðu!

Banninu var þó ekki aflétt af tónsmíðinni þá. Það var gert löngu síðar. Sem er eins gott fyrir Hörð Áskelsson. Hann stjórnaði flutningi hennar á lokatónleikum Kirkjulistahátíðar í Hallgrímskirkju á sunnudaginn var. Kórinn Schola cantorum söng og gerði það svo fallega að lengi verður í minnum haft. Hann tók sér stöðu fyrir aftan áheyrendur, en einsöngvari sem var félagi úr kórnum stóð við altarið fyrir framan. Tónlistin var tiltölulega einföld, fjölradda vissulega en byggðist á sífelldri endurtekningu stutts kafla. Einsöngvarinn söng laglínu og kórinn svaraði, aftur og aftur. Dulúð og helgi var yfir tónlistinni sem komst fullkomlega til skila í vönduðum flutningnum.

Þótt verk Allegris væri samið á 17. öld var aðallega ný tónlist á efnisskránni á tónleikunum. Þar á meðal var splunkunýtt verk eftir Sigurð Sævarsson, Nunc dimittis. Það var lágstemmt og einfalt líkt og margt eftir Sigurð. Hljómagangurinn var fábrotinn, nánast eins og í popplagi. Tónlistin var þó mun hægari, hún var fyrst og fremst óljós kliður sem var einstaklega hrífandi.

Mun stærri tónsmíð eftir John A. Speight var einnig frumflutt. Hún bar nafnið Messa semplice, þ.e. einföld messa. Þó var ekkert sérstaklega einfalt við hana. Þvert á móti tók hún sífelldum, óvæntum breytingum. Maður vissi aldrei hvað kom næst. Elísabet Waage hörpuleikari lék með kórnum og harpan gaf tónlistinni yfirbragð tímaleysis. Fyrir vikið varð tónlistin nokkuð fjarlæg, jafnvel kuldaleg – eins og oft er reyndar uppi á teningnum þegar Speight er annars vegar. En messan var tilkomumikil og stórbrotin, því er ekki hægt að neita.

**EN ÞÁ KOM MOZART LITLI TIL SÖGUNNAR. HANN VAR FJÓRTÁN ÁRA ÞEGAR HANN HEYRÐI TÓNLIST ALLEGRIS. Á EFTIR FÓR HANN HEIM OG SKRIFAÐI HANA NIÐUR EFTIR MINNI. SVO SKRAPP HANN Í KAPELLUNA DAGINN EFTIR TIL AÐ HEYRA HANA AFTUR OG FÍNPÚSSA ÞAÐ SEM HANN HAFÐI SKRIFAÐ.**

Kórinn söng líka prýðilega tvo sálma eftir Ešenvalds og Lauridsen, og einnig verk eftir Clemens non Papa. Tónleikunum lauk síðan með enn einum frumflutningnum, Deo dicamus gratias eftir Jón Hlöðver Áskelsson. Það var stutt, fullt af hjartahlýju og gleði. Ekki verður annað sagt en að það hafi verið frábær endir á glæsilegri kirkjulistahátíð. Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA** Ný og gömul kirkjutónlist var fallega flutt.


STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
kynnir
FRANK
SINATRA
100 ára
Bjarni Arason
Björgvin Halldórsson
Egill Ólafsson
Helgi Björnsson
Friðrik Ómar Hjörleifsson
Jógvan Hansen
Páll Óskar Hjálmtýsson
Pálmi Gunnarsson
Ragnar Bjarnason
Valdimar Guðmundsson
Þór Breiðfjörð
Stjórnandi: Sigurður Flosason
Eldborg, Hörpu, 23. september kl. 20:00
Miðasala: harpa.is
HARPA
www.harpa.is

# BÍÓ



Gert er ráð fyrir að myndin verði tilbúin í lok þessa árs.

# Vill fræða og sýna fólki fegurð jökla á Íslandi í heimildarmynd

**Þegar Gunnlaugur Páll Pálsson kynntist jöklabók Helga Björnssonar kviknaði hugmynd að heimildarmynd og vill hann sýna fólki hversu mikið náttúruundur jöklar Íslands eru.**

Gunnar Leó Pálsson
gunnarleo@frettabladid.is

Gunnlaugur Þór Pálsson vinnur nú hörðum höndum að gerð heimildarmyndar um jökla á Íslandi en hann er einn af framleiðendum myndarinnar og leikstýrir henni einnig. „Kveikjan að þessu er þegar að ég kynnist jöklabók Helga Björnssonar fyrir nokkrum árum. Ég setti mig svo í samband við Helga fyrir um þremur árum og við byrjuðum svo að skrifa saman," segir Gunnlaugur Þór.

Helgi Björnsson gaf út Jöklabókina árið 2009 en hann er jafnframt aðalviðmælandi Gunnlaugs Þórs í myndinni. Vinnutitill myndarinnar er Ísafold – land íss og jökla.

Í myndinni fær Gunnlaugur Þór vísindamenn til að kynna hvernig mikill fróðleikur hefur orðið til um myndun jökla og hvernig bregðast megi við öllum jöklabreytingum á komandi árum. „Jöklarannsóknir Íslendinga hafa aukið þekkingu og skilning okkar á eðli þeirra á heimsvísu. Jöklar rýrna og sjávarborð hækkar, ógnar hafnarborgum og byggð á láglendi um allan heim, spár um framtíð jökla varða því alla jarðarbúa," segir Gunnlaugur Þór.

Hann gerir ráð fyrir að myndin verði tilbúin í lok árs. „Vonandi getur hún verið innlegg í loftslagsumræðuna eftir loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem fer fram í París í lok árs."

Í myndinni vill hann einnig sýna Íslendingum hversu mikið náttúruundur jöklar Íslands eru en Íslendingar hafa að undanförnu ekki verið jafn iðnir við að skoða og sækja íslensku jöklana heim. „Ég og konan mín ákváðum að fara í jöklaferð fyrir nokkrum árum og það kom okkur svo á óvart að það voru bara útlendingar sem voru leiðsögumenn og þeir sögðu okkur að við værum fyrstu Íslendingarnir sem hefðu farið í jöklaferð það sumarið. Ég hvet fólk til þess að kynna sér jöklana," segir Gunnlaugur Þór.

Anna Dís Ólafsdóttir og Jóhann Sigfússon hjá Profilm og fyrirtæki Gunnlaugs Þórs, Sjónhending, eru framleiðendur myndarinnar.




**VONANDI GETUR HÚN VERIÐ INNLEGG Í LOFTSLAGSUMRÆÐUNA EFTIR LOFTSLAGSRÁÐSTEFNU SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA SEM FER FRAM Í PARÍS Í LOK ÁRS.**

## THE MAN FROM U.N.C.L.E.



**Helstu leikarar: Henry Cavill, Hugh Grant, Armie Hammer, Alicia Vikander, Jared Harris og Elizabeth Debicki**
**Gamanmynd með hasar og ævintýrasveiflu.**

## STRAIGHT OUTTA COMPTON



**Meðal leikara: Shea Jackson Jr., Corey Hawkins & Jason Mitchell**
**Sannsöguleg glæpamynd.**
**Frumsýnd 26. ágúst.**

## Harry á hvíta tjaldið



**Harry Styles, einn fjögurra meðlima hljómsveitarinnar One Direction, sem í vikunni tilkynnti um pásu á næsta ári, er þegar farinn að horfa í allt aðra átt. Ku söngvarinn ætla að demba sér í leiklistina og mun flytja til Los Angeles áður en langt um líður. Mun hann þar með láta gamlan draum rætast, en hann hefur ekki mátt elta leikaradrauminn á meðan hann er meðlimur sveitarinnar.**

## Hristir af sér Hermione



**Emma Watson rembist nú eins og rjúpan við staurinn við að hrista af sér barnastjörnustimpilinn. Hún ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur og leikur nunnuna Lenu í hápólitísku drama sem kemur í kvikmyndahús í Þýskalandi í næsta mánuði. Segir Watson hlutverkið hafa verið sitt erfiðasta og gerir ráð fyrir að fólk muni gleyma Hermione fljótlega eftir að ræman lítur dagsins ljós.**





BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Gott verð í Bónus Gott verð í Bónus Gott verð í Bónus
BÓNUS 1989 2015 BEIKON
FERSKT GRÍSAKJÖT
GOTT VERÐ Í BÓNUS
100 króna VERÐLÆKKUN
1295 kr. 500g
FRÁ HOLLANDI Bláber 500g
559 kr. kg.
BÓNUS Grísabógur ferskur
100 kr. verðlækkun verð áður 659 kr.kg.
1598 kr. kg.
BÓNUS Beikon/bacon
198 kr. 450g
EUROSHOPPER SULTUR 450g
Jarðarberja & Hindberja
HÁMARK
498 kr. 3x250ml
HÁMARK PRÓTEINDRYKKUR Súkkulaði 3 x 250ml.
39 kr. 220ml
EUROSHOPPER Ávaxtasafi í fernum 200ml
98 kr. 500g
EUROSHOPPER Haframjöl 500g
Fiskur á góðu verði í Bónus
998 kr. kg.
NORÐANFISKUR Þorskbitar frosnir roð & beinlausir
998 kr. kg.
NORÐANFISKUR Saltfiskbitar frosnir & útvatnaðir
298 kr. 1 kg.
EUROSHOPPER Brokkolí frosið 1 kg.
Nýjar íslenskar kartöflur og rófur
259 kr. kg.
Nýjar íslenskar Premium kartöflur í lausu
359 kr. 750g.
EUROSHOPPER Kornfleks 750g
298 kr. kg.
Nýjar íslenskar Gulrófur
298 kr. 1 kg.
EUROSHOPPER Brokkolíblanda frosin 1 kg.
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Verð í þessari auglýsingu
Gilda til a.m.k. 30. ágúst
Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •








# Hvað? Hvenær? Hvar? **Fimmtudagur**

## 27. ÁGÚST 2015

## Dans

**Hvað?** The Drop Dead Diet
**Hvenær?** Kl. 17.00
**Hvar?** Smiðjan, Sölvhólsgötu 13
Um ræðir nýtt dansverk þar sem glænýr megrunarkúr er kynntur til sögunnar. Verkið er hluti af Reykjavík Dance Festival. Höfundar eru Gígja Jónsdóttir og Guðrún Selma Sigurjónsdóttir. Miðaverð 2.200 krónur.

**Hvað?** Atlas Reykjavík
**Hvenær?** Kl. 19.00
**Hvar?** Borgarleikhúsið, Listabraut 3
Verkið dregur nafn sitt af gríska guðinum Atlas og er hluti af Reykjavík Dance Festival. Miðaverð er 2.900 krónur.

**Hvað?** Milkywhale
**Hvenær?** Kl. 21.00
**Hvar?** Tjarnarbíó, Tjarnargötu 12
Dansverk eftir Melkorku Sigríði Magnúsdóttur, sem hefur Ásamt Árna Rúnari Hlöðverssyni tónlistarmanni búið til sýningu þar sem lög eru kóreógraferuð dansverk. Verkið er hluti af Reykjavík Dance Festival. Miðaverð 2.900 krónur.

**Hvað?** Macho Man
**Hvenær?** Kl. 22.15
**Hvar?** Hafnarhús, Tryggvagötu 17
Dansverk á Reykjavík Dance Festival þar sem Saga Sigurðardóttir stígur á svið og flytur samvinnuverkefni sitt og Katrínar Gunnarsdóttur. Miðaverð 2.900 krónur.

## Tónlist

**Hvað?** Rae Sremmurd
**Hvenær?** Kl. 21.00
**Hvar?** Laugardalshöll, Engjavegi 8
Bræðurnir Swae Lee og Slim Jimmy í rapphljómsveitinni Rae Sremmurd spila á tónleikum í kvöld. Meðal þeirra sem hita upp eru Herra Hnetusmjör, Retro Stefson og Gísli Pálmi. Miðaverð er 7.990 krónur.

**Hvað?** Lilman
**Hvenær?** Kl. 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Lilman, Rebecca Bruton, er fiðluleikari, söngvari og fleira, og fléttar saman hin ýmsu hljóð í gjörningi sínum í kvöld. Miðaverð 2.000 krónur.

**Hvað?** Dj Halli Einars
**Hvenær?** Kl. 21.00
**Hvar?** Frederiksen Ale House, Hafnarstræti 5

**Hvað?** Dj Kári
**Hvenær?** Kl. 21.00
**Hvar?** Prikið, Bankastræti 12

**Hvað?** Dj Styrmir Dansson
**Hvenær?** Kl. 21.00
**Hvar?** BarAnanas, Klapparstíg 38

**Hvað?** Dj Vala
**Hvenær?** Kl. 21.00
**Hvar?** Big Lebowski, Laugavegi 20a

**Hvað?** Dj Yamaho
**Hvenær?** Kl. 21.00
**Hvað?** Kaffibarinn, Bergstaðastræti 1

## Opnanir

**Hvað?** Plánetur
**Hvenær?** Kl. 17.00
**Hvar?** Iðnó, Vonarstræti 3
Opnun sýningar Hörpu Björnsdóttur á nýrri ljósmyndaröð. Uppistaðan er skrásetning sjálfstæðrar sköpunar lífsins sem birtist í óvæntri litadýrð og fegurð.

**Hvað?** Opnun Sjólags
**Hvenær?** Kl. 17.00
**Hvar?** Gallerí Grótta, Eiðistorgi 11
Finnbogi Pétursson stendur fyrir sýningunni Sjólag, þar sem hann sýnir tvívíð verk sem mynda eins konar stillimyndir af sjávarlandslagi. Aðgangur ókeypis.



Dj Yamaho þeytir skífum á Kaffibarnum.

## Leiðsögn

**Hvað?** Leiðsögn um sýninguna NOT
**Hvenær?** Kl. 12.15
**Hvar?** Listasafninu á Akureyri, Ketilhúsi
Hlynur Hallsson, safnstjóri, tekur á móti gestum og fræðir þá um sýninguna NOT – norðlensk vöruhönnun, og einstök verk á sýningunni. Aðgangur er ókeypis.

## Sýningar

**Hvað?** Þormóður Karlsson – yfirlitssýning
**Hvenær?** Kl. 13.00
**Hvar?** Listasafn ASÍ – Ásmundarsal, Freyjugötu 41
Sýningin hefur verið í gangi síðan í byrjun ágúst og lýkur þann 30. ágúst svo hver fer að verða síðastur til að láta sjá sig. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Björninn
**Hvenær?** Kl. 20.00
**Hvar?** Dúfnahólar 10, Hafnarstræti 18
Sviðslistahópurinn Sómi þjóðar og nokkrir ungir tónlistarmenn flytja lágmenningaróperuna The BEAR eftir William Walton. Miðaverð er 2.800 krónur.

**Hvað?** Krísufundur
**Hvenær?** Kl. 15.00 og 21.00
**Hvar?** Dansverkstæðið, Skúlagötu 30
Leikhópurinn Kriðpleir er í óðaönn að setja saman umsókn til Leiklistarráðs og býður gesti velkomna á æfingar og fundarhöld, þar sem hópnum er mikið í mun að halda talsambandi við áhorfendur fersku. Miðaverð 2.000 krónur.

**Hvað?** When I Die
**Hvenær?** Kl. 21.00
**Hvar?** Gamla Bíó, Ingólfsstræti 2a
Grínleiksýningin When I die þar sem svissneski leikstjórinn og tónlistarmaðurinn Thom Luz dustar rykið af nótunum sem frú Brown lét eftir sig og verður úr skemmtikvöld þar sem afturgöngur, tónlistarmenn og leikarar koma saman. Útkoman er skemmtikvöld með afturgöngum, þremur tónlistarmönnum, leikara og leikkonu. Miðaverð 2.900 krónur.

**Hvað?** Nazanin
**Hvenær?** Kl. 22.15
**Hvar?** Skuggi, Lækjargötu 2A
Nazanin Askari stígur á svið og flytur verk Mörtu Nordal, þar sem sú fyrrnefnda segir sögu sína en hún er fædd og uppalin í Íran, sem hefur verið íslamskt ríki í þrjátíu og fimm ár. Nazanin hraktist frá Íran árið 2009 og segir söguna í dansi. Miðaverð 2.900 krónur.

**EKKI MISSA AF**

**Hundrað ára kosningaafmæli kvenna. Ýmis dagskrá Í tilefni hundrað ára kosningaafmælis kvenna á Íslandi verður viðamikil dagskrá í miðborginni í allan dag.**



Fjöldi viðburða verður á dagskrá í dag á Reykjavík Dance Festival sem fram fer víðs vegar um höfuðborgarsvæðið.

## Uppistand

**Hvað?** Andri Ívarsson og Hugleikur Dagsson
**Hvenær?** Kl. 21.00
**Hvar?** Græni hatturinn, Hafnarstræti 96
Hugleikur Dagsson og Andri Ívarsson fara með gamanmál á Græna hattinum í kvöld og tekur Andri gítarinn með. Miðaverð 2.500 krónur. 18 ára aldurstakmark.

## Uppákomur

**Hvað?** Ég nefni ljóðin þín
**Hvenær?** Kl. 15.00
**Hvar?** Davíðshús við Bjarkarstíg, Akureyri
Upplestur á ljóðum Davíðs Stefánssonar á dagskrá Listasumars 2015 á Akureyri.

**Hvað?** Oyama frumsýnir myndband
**Hvenær?** Kl. 17.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu 54
Hljómsveitin frumsýnir nýtt tónlistarmyndband við lagið Coolboy. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Heimsókn í gestavinnustofu
**Hvenær?** Kl. 18.00
**Hvar?** Hafnarborg, Strandgötu 34
Jorinde Janowski er listamaður í gestavinnustofu í ágúst. Allir velkomnir.

**Hvað?** Menningargöngur í Hafnarfirði – Vettvangur æskunnar
**Hvenær?** Kl. 20.00
**Hvar?** Hafnarborg, Strandgötu 34
Síðasta ganga sumarsins fer fram í kvöld. Árni Guðmundsson félagsuppeldisfræðingur leiðir göngu um slóðir unglingamenningar í Hafnarfirði. Gengið frá Hafnarborg.

**Hvað?** Spilakvöld
**Hvenær?** Kl. 20.00
**Hvar?** Spilavinir, Suðurlandsbraut 48
Spilað verður á alls konar spil á mörgum borðum. Úrval spila í boði og þeir sem vilja geta komið með eigin spil með sér. Börn eldri en 12 ára velkomin í fylgd með fullorðnum. Þátttaka ókeypis.

**Hvað?** Danceoke
**Hvenær?** Kl. 21.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum

## Fyrirlestrar

**Hvað?** Ladislaus Rybach: Framtíðarhorfur nýtingar jarðvarma.
**Hvenær?** Kl. 12.00
**Hvar?** Norræna húsið, Sturlugötu 5
Ladislaus Rybach er einn fremsti vísindamaður í heimi hvað varðar nýtingu jarðvarma og mun hann tala á opnum fundi í dag á milli klukkan 12.00 og 13.00. Mun hann fjalla um framtíðarhorfur á nýtingu jarðvarma. Fer fyrirlesturinn fram á ensku. Allir velkomnir.



Herra Hnetusmjör er meðal þeirra tónlistarmanna sem hita upp fyrir Rae Sremmurd.

# TRUFLAÐ TILBOÐ!

*Tilboðin í Iceland fá þig til að brosa. Verslaðu fyrir 5.000 kr. eða meira með Netgíró og fáðu gjafabréf frá Dunkin' Donuts.*






FYLGIR MEÐ!

Þeir sem versla fyrir 5.000 kr. eða meira og borga með Netgíró fá gjafabréf upp á 6 Dunkin' Donuts kleinuhringi að verðmæti 1.500 kr. á meðan birgðir endast.

Netgíró

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland




**2 | 19:45**
**MATARGLEÐI EVU**
Í þessum fyrsta þætti ætlar Eva Laufey að einbeita sér að brakandi fersku íslensku hráefni og elda fyrir okkur grænmetislasagna, haustsúpu sem yljar á köldum dögum og jarðarberjaskyrtertu sem fær hjörtun til að slá hraðar.
***Uppskriftir úr þáttunum eru á visir.is/matur***

FRÁBÆR
FIMMTUDAGUR
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365



**2 | 20:10**
**MASTERCHEF USA**
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast um hylli dómnefndarinnar.



**2 | 20:50**
**NCIS**
Stórgóðir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandríska sjóhersins.



**2 | 21:35**
**TYRANT**
Hörkuspennandi þáttaröð um afar venjulega bandaríska fjölskyldu sem dregst inn í óvænta og hættulega atburðarás í Mið-Austurlöndum.



**b | 22:00**
**ANCHORMAN 2: THE LEGEND CONTINUES**
Sprenghlægileg kvikmynd um Ron Burgundy og félaga sem gera allt vitlaust á sjónvarpsstöð í New York.



**G | 21:20**
**SHETLAND**
Vandaðir breskir sakamálaþættir frá BBC og fjalla um lögreglumanninn Jimmy Perez sem starfar í afskekktum bæ á Hjaltlandseyjum.



**Krakkastöðin | 19:00**
**HAPPILY N'EVER AFTER**
Vonda stjúpan hennar Öskubusku nær völdum í Ævintýralandi og fær til liðs við sig tröll og nornir.

**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.** Nánari upplýsingar á **365.is**

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.40** iCarly
**08.05** The Middle
**08.30** Masterchef USA
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** 60 mínútur
**11.00** Jamie's 30 Minute Meals
**11.25** Dads
**11.45** Á fullu gazi
**12.10** Undateable
**12.35** Nágrannar
**13.00** The Bodyguard
**15.20** Drinking Buddies
**16.55** iCarly
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** The Simpsons
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag.
**19.15** Fóstbræður
**19.45** Matargleði Evu Fróðleg og freistandi þáttaröð þar sem Eva Laufey Hermannsdóttir leggur ríka áherslu að elda góðan og fjölbreyttan mat frá grunni. Eva leggur áherslu á matargerð frá grunni og kennir á horfendum að töfra réttina fram á skemmtilegan hátt.
**20.10** Masterchef USA
**20.50** NCIS
**21.35** Tyrant Önnur röðin af þessum hörkuspennandi þáttum um afar venjulega fjölskyldu í Bandaríkjunum sem dregst inn í óvænta og hættulega atburðarás í Mið-Austurlöndum.
**22.20** Death Row Stories
**23.05** Rizzoli & Isles
**23.50** The Third Eye
**00.35** X Company
**01.20** NCIS. Los Angeles
**02.05** Priest
**03.30** Gangster Squad
**05.20** Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrr í kvöld.


Simpson-fjölskyldan

## SPORT

**09.00** Pepsídeildin 2015
**10.50** UEFA - Forkeppni Meistaradeildarinnar 2015/2016
**12.35** UEFA - Forkeppni Meistaradeildarinnar 2015/2016
**14.20** UEFA - Forkeppni Meistaradeildarinnar 2015/2016
**16.05** Spænski boltinn 2015/2016
**17.50** Spænski boltinn 2015/2016
**19.30** Spænsku mörkin 2015/2016
**20.00** League Cup 2015/2016
**21.40** League Cup Highlights 2014/2015
**22.10** UFC Unleashed 2015
**22.55** Ítalski boltinn 2015/2016
**00.35** Ítalski boltinn 2015/2016
**02.15** Ítölsku mörkin 2015/2016

## SPORT 2

**09.45** Pepsídeildin 2015
**11.35** Pepsímörkin 2015
**13.10** Goðsagnir efstu deildar
**14.00** League Cup 2015/2016
**15.40** Premier League 2015/2016
**17.25** Premier League 2015/2016
**19.05** Premier League Review 2015
**20.00** Premier League World 2014/
**20.30** League Cup Highlights 2014/2015
**21.00** Premier League 2015/2016
**22.40** Premier League 2015/2016
**00.20** 1001 Goals Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
**01.15** Premier League World 2014/

## STÖÐ 3

**19.00** Glee
**19.45** Last Man Standing
**20.05** Cristela
**20.30** Sirens
**20.55** Witches of East End
**21.40** Supernatural
**22.25** Grimm
**23.10** In the Flesh
**00.05** Cristela
**00.30** Sirens
**00.55** Witches of East End.
**01.40** Supernatural
**02.25** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN


Latibær

**07.00** Ævintýri Tinna **07.25** Latibær **07.47** Zigby **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Leyndarmál vísindanna **09.00** Áfram Diego, áfram **09:24** Svampur Sveinsson **09.49** Tommi og Jenni **09.55** UKI **10.00** Ofurhundurinn Krypto **10.22** Lína langsokkur **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Ævintýri Tinna **11.25** Latibær **11.47** Zigby **12.00** Dóra könnuður Dóra **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Leyndarmál vísindanna **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.49** Tommi og Jenni **13.55** UKI **14.00** Ofurhundurinn Krypto **14.22** Lína langsokkur **14.47** Ævintýraferðin **15.00** Ævintýri Tinna **15.25** Latibær **15.47** Zigby **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Leyndarmál vísindanna **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.49** Tommi og Jenni **17.55** UKI **18.22** Lína langsokkur **18.47** Ævintýraferðin **19.00** Happily N'Ever After

## GULLSTÖÐIN

**17.25** Strákarnir
**17.55** Friends
**18.15** New Girl
**18.35** How I Met Your Mother
**19.05** Two and a Half Men
**19.30** Ally McBeal
**20.20** Cold Feet
**21.15** Shetland
**22.20** Curb Your Enthusiasm
**22.50** It's Always Sunny in Philadelphia
**23.15** Footballers' Wives Hér áður fyrr voru það poppstjörnur og kvikmyndastjörnur. Nú eru það fótboltahetjurnar sem eru fínasta og frægasta fólkið. En á meðan þessir moldríku ungu herramenn sýna listir sínar og þokka á knattspyrnuvellinum þá eru það konur þeirra og kærustur sem baða sig í sviðsljósinu utan vallar. Hér er á ferð fimmta þáttaröðin, sem framleiðendur hafa lofað og breska pressan hefur staðfest að er svæsnari og svakalegri en allar þær fyrri. Tanya Turner er mætt á svæðið og lendir strax í stríði við hinn illskeytta tímaritsritstjóra Evu de Wolffe. Og bitbeinið er að sjálfsögðu kærastinn hennar Evu, hinn dularfulli Paulo.
**00.05** Ally McBeal
**00.55** Cold Feet
**01.50** Shetland
**02.50** Curb Your Enthusiasm
**03.20** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.50** Yes Man
**13.35** Austin Powers. The Spy Who Shagged Me
**15.10** One Chance
**16.55** Yes Man
**18.40** Austin Powers. The Spy Who Shagged Me Ofurnjósnarinn Austin Powers er mættur aftur á svæðið. Dr. Evil ferðast með tímavél til ársins 1969 og hyggst stöðva Austin Powers í eitt skipti fyrir öll með því að ræna kynorku hans. Austin þarf að fara aftur í tímann til að endurheimta kynorkuna og nýtur dyggrar aðstoðar kynbombunnar Felicity Shagwell. Það má heldur ekki gleyma að minnast á smávaxna eftirgerð Dr. Evils, Mini-Me, og hinn magnaða Skota, Fat Bastard, sem setja svip sinn á myndina.
**20.15** One Chance
**22.00** Anchorman 2. The Legend Continues
**00.00** Haywire
**01.35** Giv'em Hell Malone
**03.10** Anchorman 2. The Legend Continues

## RÚV

**11.00** HM í frjálsum íþróttum
**15.55** Matador
**17.20** Stundin okkar
**17.45** Kungfú Panda
**18.08** Sveppir
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Drengjaskólinn
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kínverska aðferðin
**20.05** Körfuboltalandsliðið
**20.35** Best í Brooklyn (Brooklyn Nine Nine II) Besti gamanþátturinn á Golden Globe og Andy Samberg besti gamanleikarinn. Lögreglustjóri ákveður að breyta afslöppuðum undirmönnum sínum í þá bestu í borginni. Aðalhlutverk: Andy Samberg, Stephanie Beatriz, Terry Crews og Melissa Fumero.
**21.00** Morðgátur Mordoch
**21.50** Landakort
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** HM í frjálsum - samantekt
**22.35** Glæpahneigð
**23.20** Ferkantað líf
**00.15** Fréttir
Endursýndar Tíufréttir.
**00.30** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.22** Dr. Phil
**09.05** The Biggest Loser
**09.46** The Biggest Loser
**10.31** Pepsi MAX tónlist
**13.25** Cheers
**13.48** Dr. Phil
**14.30** Growing Up Fisher
**14.52** America's Next Top Model
**15.37** Survivor
**16.20** Solsidan
**16.43** Parks & Recreation
**17.05** Playing House
**17.27** Men at Work
**17.49** Dr. Phil
**18.33** The Talk
**19.12** Hotel Hell
**19.54** The Royal Family
**20.17** Royal Pains
**21.01** Agents of S.H.I.E.L.D.
**21.46** Extant
**22.27** Sex & the City
**22.57** Scandal
**23.39** Law & Order. UK
**00.29** Secrets and Lies
**01.12** Hannibal
**01.54** Agents of S.H.I.E.L.D.
**02.39** Extant
**03.21** Sex & the City
**03.50** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



LOFTHÆÐ 255-280 CM

**RADEX loftastigi,** einangraður hleri, 60x110 cm, lofthæð 255-280 cm.

**19.995kr.**

53330000
Almennt verð: 25.695 kr.



HELGARTILBOÐ

**Járnhillur,** 180x92x46cm, með 5 hillum, 175 kg.

**4.495kr.**

38910092
Almennt verð: 8.995 kr.

50% AFSLÁTTUR




HELGARTILBOÐ

**BAVARIA PAS**
rafhlöðuborvél, 14,4.

**2.995kr.**

74804113
Almennt verð: 3.995 kr.

# HAUSTGLEÐI

HELGARTILBOÐ

**BOSCH**

**BOSCH PSR 14,4V**
rafhlöðuborvél, 2 lithium rafhlöður fylgja með, 1,5 Ah.

**19.995kr.**

74864114
Almennt verð: 24.795 kr.





HELGARTILBOÐ

**BYKO** trésög.

**995kr.**

70210023
Almennt verð: 1.195 kr.

HELGARTILBOÐ



**TACTIX verkfærabox,**
40 cm, svartur og orange.

**1.195kr.**

72320101
Almennt verð: 1.865 kr.

GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ OG GERÐU GÓÐ KAUP




25% AFSLÁTTUR
GJÖCO MÁLNING



25% AFSLÁTTUR
VERKFÆRABOX



40% AFSLÁTTUR
ELLIX VERKFÆRI



30% AFSLÁTTUR
GEYMSLUBOX



25% AFSLÁTTUR
ÖRYGGISSKÓR OG ÖRYGGISSTÍGVÉL


Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda 27. - 31. ágúst 2015.


byko.is

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

## Frægir í nærmynd
### Taylor Swift



Nafn: **Taylor Alison Swift**
Listamannsnafn: **Taylor Swift**
Fæðingardagur: **13. desember 1989**
Maki: **Calvin Harris**
Staður: **Reading: Pennsylvania, Bandaríkin**

Það er óhætt að segja að Taylor Swift sé ein skærasta stjarnan í heiminum í dag. Bókstaflega allt sem hún gerir og gefur út slær samstundis í gegn. Plata hennar 1989 sem hún gaf út í fyrra var mest selda plata ársins auk þess sem hún seldist í flestum eintökum í fyrstu viku útgáfu í meira en 12 ár. Árangur hennar sem söngkonu og lagasmiðs hefur í raun verið ótrúlegur en önnur platan sem hún gaf út þegar hún var aðeins 18 ára var mest selda plata þess árs. Horft hefur verið á flest öll Youtube-tónlistarmyndböndin hennar meira en 100 milljón sinnum.

Taylor hefur mikinn húmor fyrir sjálfri sér og gerir oft grín að því hvað hún er dugleg að fara á stefnumót og eignast kærasta. Um þessar mundir er hún með plötusnúðnum Calvin Harris en áður var hún meðal annars með Jake Gyllenhaal, Harry Styles, Joe Jonas og Taylor Lautner. Hún á stóran vinkonuhóp sem hún heldur mikið upp á og er dugleg að koma þeim á framfæri, meðal annars á sínum eigin tónleikum.



# BLÓÐBERG SÝND á kvikmyndahátíð í Chicago

Vesturport er í viðræðum við sjónvarpsstöðvar í Bandaríkjunum um að breyta myndinni í 12 þátta sjónvarpsseríu.



Björn Hlynur leikstýrði myndinni. Hér má sjá hann spjalla við aðalleikarana á milli taka. Fréttablaðið/Andri Marinó

Íslenska kvikmyndin Blóðberg eftir Björn Hlyn Haraldsson var á dögunum valin til þess að taka þátt á Chicago International Film Festival. Hún er önnur af tveimur kvikmyndum sem voru valdar frá Skandinavíu. Um þessar mundir standa viðræður yfir um að gera hana að tólf þátta sjónvarpsseríu í Bandaríkjunum. Myndin var frumsýnd á Stöð 2 fyrr á árinu áður en hún fór í kvikmyndahús en það uppátæki vakti mikla lukku hér á landi.

„Við vorum að sýna myndina í Noregi á Haugasund Film Festival þar sem hún fékk jákvæðar viðtökur. Það er margt spennandi að gerast og hátíðin í Chicago er mjög stór og flott. Það er líka keppni sem er mjög spennandi en ég held við eigum góðan séns. Hún verður einnig frumsýnd í Bandaríkjunum á hátíðinni en þannig opnast nýr markaður fyrir okkur,“ segir Rakel Garðarsdóttir sem starfar hjá Vesturporti og framleiddi myndina.

Teymið á bak við myndina er komið með umboðsmenn í Bretlandi en þau vinna eins og áður sagði að því að gera Blóðberg að sjónvarpsþáttum. „Það er allt á jákvæðri leið í þeim málum. Við erum enn að semja við sjónvarpsstöðvar og það er ekkert staðfest ennþá en þetta lítur vel út. Þetta yrðu þá 12 þættir í einni seríu sem yrði þá gerð fyrir Ameríkumarkaðinn.“

Þegar myndin var frumsýnd var farin heldur óhefðbundin leið en hún var sýnd á Stöð 2 eitt gott sunnudagskvöld. „Við vildum hafa þetta sem þægilegast fyrir áhorfandann. Þó að það sé alltaf stemning að hafa frumsýningar í kvikmyndahúsum þá er þetta stór markaður og það er allt að breytast. Við mundum tvímælalaust gera þetta aftur ef það mundi henta.“

**VIÐ VILDUM HAFA ÞETTA SEM ÞÆGILEGAST FYRIR ÁHORFANDANN. ÞÓ AÐ ÞAÐ SÉ ALLTAF STEMNING AÐ HAFA FRUMSÝNINGAR Í KVIKMYNDAHÚSUM ÞÁ ER ÞETTA STÓR MARKAÐUR OG ÞAÐ ER ALLT AÐ BREYTAST.**



Rakel Garðarsdóttir, framleiðandi hjá Vesturport

Það er nóg um að vera hjá Vesturporti um þessar mundir en Rakel vinnur að heimildarmynd sem fjallar um matar- og tískusóun ásamt því að vera að framleiða kvikmynd um Vigdísi Finnbogadóttur. Vesturport er einnig að setja upp tvær leiksýningar í Þjóðleikhúsinu í vetur. **– gj**




HRAFNHILDUR EIK SKÚLADÓTTIR,
tannlæknir,
hefur hafið störf á **tannlæknastofunni í GLÆSIBÆ.**
TÍMAPANTANIR Í SÍMA 561 3130


# Calvin Harris launahæstur allra

**Calvin Harris er tekjuhæsti plötusnúður í heimi, annað árið í röð. Þetta kemur fram á hinum árlega Electronic Cash Kings lista sem tekjutímaritið Forbes stendur á bak við. Kemur á óvart að Harris halaði inn sextíu og sex milljónir dollara, fyrir skatt, frá júní 2014 til júní 2015, nákvæmlega eins og fyrir sama tímabil árið á undan. Nema hvað, að í ár hefur Harris verið mun afkastaminni og komið töluvert sjaldnar fram. Hefur þó sannarlega hlaupið á snærið hjá Harris, því hann gerði samning við Giorgio Armani á þessu tímabili, þar sem hann var andlit nærfatalínunnar, sem og gleraugna- og úralínunnar. Auk þess telur Forbes ekki skemma fyrir Harris að kærastan hans sé engin önnur en Taylor Swift, ein alvinsælasta poppsöngkona heims um þessar mundir. Séu tekjur parsins lagðar** saman, skáka þau ofurparinu Beyonce og Jay-Z og steypa þeim af stalli sem áhrifamesta pari tónlistarbransans. Þykir það sannarlega sæta tíðindum, en fyrir um tíu árum var Harris einkum og aðallega upptekinn við að ráða í hillur stórmarkaðar í Skotlandi.



### FIMM LAUNAHÆSTU PLÖTUSNÚÐAR Í HEIMI

**Calvin Harris**
66 milljónir dollara

**David Guetta**
37 milljónir dollara

**Tiesto**
36 milljónir dollarar

**Skrillex**
24 milljónir dollara

**Steve Aoki**
24 milljónir dollara






# NÝ UPPLIFUN
## Í HLJÓÐI OG MYND

ORMSSON HEFUR OPNAÐ NÝJA OG GLÆSILEGA BANG & OLUFSEN VERSLUN Í LÁGMÚLA 8.

**ORMSSON**

Lágmúli 8 - 108 Reykjavík - Sími 530 2800






PLAY

# Vonar að kaldhæðni sé vinsæl á Íslandi

Grínistinn **Josh Blue** hlakkar til að koma til landsins. Hann mun einnig halda ræðu á ráðstefnu á vegum Öryrkjabandalagsins.



Grínistinn Josh Blue hlakkar til að koma til Íslands, en þessi sigurvegari í raunveruleikaþættinum Last Comic Standing treður upp í Háskólabíói í næstu viku. „Þetta verður í fyrsta skiptið sem ég kem til Íslands, ég veit ekkert við hverju ég á að búast,“ segir grínistinn í samtali við Fréttablaðið og bætir við: „Ég vona að Íslendingar skilji húmorinn minn. Vonandi er kaldhæðni vinsæl á Íslandi.“

Josh Blue er nokkuð þekktur í heimalandinu. Hann er tíður gestur á sjónvarpsstöðinni Comedy Central og hefur nokkrum sinnum verið á lista yfir bestu grínista Bandaríkjanna sem áhorfendur stöðvarinnar velja. Blue hefur vakið athygli fyrir að gera grín að eigin fötlun, en hann er með CP-hreyfihömlun.

Meðfram því að troða upp í Háskólabíói mun hann halda ræðu á ráðstefnunni Sköpun skiptir sköpum, sem haldin er á vegum Öryrkjabandalags Íslands, Þroskahjálpar og Rannsóknarseturs í fötlunarfræðum. „Ég er enn að ákveða hvað ég mun tala um á ráðstefnunni. En mig langar að tala um hvernig ég lifi með minni fötlun. Fötlun er alþjóðlegt málefni og mig langar að nálgast málefnið með það í huga og tengjast fólki frá öðrum löndum á þeim grundvelli.“

Blue segir að sigurinn í Last Comic Standing árið 2006 hafi gjörbreytt ferli sínum. „Ég fór frá því að koma fram í smærri sölum eins og í háskólum yfir í að fylla stóra klúbba og hallir um öll Bandaríkin. Ég hef nánast verið á stöðugu ferðalagi síðustu níu árin og sigurinn í Last Comic Standing var upphafið að öllu.“

Blue hlakkar til að hitta Íslendinga í næstu viku og biður þá að kynna sér efnið hans á netinu. „Ég er mjög spenntur að heimsækja landið ykkar. Fáum okkur drykk saman,“ segir hann þegar hann er spurður hvað hann vilji segja við íslensku þjóðina.

kjartanatli@365.is

**ÉG FÓR FRÁ ÞVÍ AÐ KOMA FRAM Í SMÆRRI SÖLUM EINS OG Í HÁSKÓLUM YFIR Í AÐ FYLLA STÓRA KLÚBBA OG HALLIR UM ÖLL BANDARÍKIN. ÉG HEF NÁNAST VERIÐ Á STÖÐUGU FERÐALAGI SÍÐUSTU NÍU ÁRIN OG SIGURINN Í LAST COMIC STANDING VAR UPPHAFIÐ AÐ ÖLLU.**

### VINSÆLDIR JOSH BLUE

**Josh Blue er vinsæll á YouTube.** Vinsælasta myndbandið með honum er frá *Last Comic Standing*, en horft hefur verið á það í tæplega tvær og hálfa milljón skipta. Hann á mörg vinsæl myndbönd á vefnum, sem horft hefur verið á nokkur hundruð þúsund sinnum.

**Blue hefur gefið út tvo diska með uppistandi sínu.**
*Good Josh, Bad Arm* kom út árið 2011 og *Sticky Change* kom út árið 2013.

**Blue hefur jafnframt komið fram í kvikmyndunum**
*Feast 3: The Happy Finish* og *108 Stitches*.


STURTUTILBOÐ
28. ágúst-7. september


EMOTION
sturtuhaus 10 cm
2.990 kr.
Verð áður
3.942 kr.


Sturtubarki
150 cm, tvöfaldur
1.390 kr.
Verð áður
1.887 kr.


FONTE
handsturtuhaus 67 mm
890 kr.
Verð áður
1.076 kr.


SKINNY
handsturtuhaus
1.490 kr.
Verð áður
1.967 kr.


SPRING
sturtuhaus 20 cm
6.990 kr.
Verð áður
9.337 kr.

Gæði, þjónusta, ábyrgð - það er Tengi
Opið virka daga frá kl. 8-18 og laugardaga kl. 10-15
Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • www.tengi.is • tengi@tengi.is
TENGI










Persía teppagallerí er flutt í Parka og til að fagna því verðum við með frábær opnunartilboð á öllum teppum og mottum.

Bjóðum aðeins það besta fyrir þig!

Persía

Parki INTERIORS

Parki ehf. • Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • www.parki.is • sími: 595 0570 • Opið virka daga frá 9-18 og laugardaga frá 11-14

# Götutískan í MH

Nemendur Menntaskólans við Hamrahlíð hafa löngum verið þekktir fyrir að fara nýjar leiðir þegar kemur að því að klæða sig á morgnana og þessir myndarlegu krakkar eru engin undantekning. Fréttablaðið kíkti í heimsókn og fékk að mynda nokkra flott klædda tískufrömuði.



**Már Jóhannsson**
17 ára
**Peysa** American Apparel
**Skyrta** Spúútnik
**Buxur** Dr. Denim



**Sóley Williams**
18 ára
**Kjóll** Frá Tyrklandi



**Vigdís Kristjánsdóttir**
17 ára
**Jakki** Blitz
**Bolur** H&M
**Buxur** Topshop
**Skór** Nike



**Jóhanna Ruminy**
17 ára
**Bolur** Topshop
**Buxur** American Apparel



**Hilmir Hrafn Hilmarsson**
18 ára
**Jakki** Next
**Skyrta** Hagkaup
**Buxur** Next

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR SJÓNVÖRP ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR ÚTVÖRP
DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL
MYNDAVÉLAR
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL RAKVÉLAR
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR ÞVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞURRKARAR
KÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

**7 VERSLANIR UM ALLT LAND**

| | | |
|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | REYKJAVÍK | S: 569 1500 |
| HAFNARGÖTU 90 | REYKJANESBÆ | S: 414 1740 |
| AUSTURVEGI 34 | SELFOSSI | S: 414 1745 |
| ÞJÓÐBRAUT 1 | AKRANESI | S: 431-3333 |
| GLERÁRGÖTU 30 | AKUREYRI | S: 460 3380 |
| GARÐARSBRAUT 18A | HÚSAVÍK | S: 464 1600 |
| KAUPVANGI 6 | EGILSSTÖÐUM | S: 414 1735 |

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**TAKMARKAÐ MAGN**

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

**Heimilistæki**
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500









**Ólína hefur í slagtogi við móður sína, Rakel Sölvadóttur, sett á fót Tæknistelpunámskeið hjá Skema og komið forritun að í Hofsstaðaskóla, þar sem hún er nemandi.** Fréttablaðið/Ernir

# Forritar á meðan bekkjarsysturnar dansa

Ólína Helga Sverrisdóttir kennir fullorðnu fólki að forrita, heldur um það fyrirlestra og tekur viðtöl við stórlaxa í tæknibransanum.

„Mér finnst vanta fyrirmyndir fyrir stelpur í forritun, svo þær hafi sterkari sjálfsmynd og haldi þannig áfram í faginu,“ útskýrir Ólína Helga Sverrisdóttir, fimmtán ára forritari, fyrirlesari og kennari í forritun, sem hefur verið að gera það ansi gott þrátt fyrir ungan aldur. „Ég byrjaði þegar ég var níu ára, þá til að hjálpa mömmu með verkefni sem sneri að því að athuga hvort krakkar á þessum aldri hefðu áhuga á forritun. Mér fannst þetta fyrst mjög nördalegt og vildi ekki vera að auglýsa þetta neitt,“ segir Ólína aðspurð um upphafið að þessum brennandi áhuga á forritun.

**Feimin við nördastimpilinn**

„Ég sagði krökkunum í bekknum frá þessu svolítið seinna, og þá fannst strákunum þetta töff, en stelpurnar höfðu engan áhuga. Þær vildu frekar tala um dans. En það er bara vegna þess að stelpur vantar fyrirmyndirnar,“ útskýrir Ólína, og með þá staðreynd fyrir augum tók hún málin í sínar hendur og stofnaði bloggsíðuna techolina.com þar sem hún færir áhugasömum stelpum fyrirmyndirnar á silfurfati.

„Ég tók til að mynda viðtal við Megan Smith, yfirmann tæknimála hjá Google, og hún fór með mig í persónulega sýnisferð um höfuðstöðvarnar,“ segir hún, en umrædd Megan er nú yfir tæknimálum Hvíta hússins í Bandaríkjunum svo Ólína gæti sennilega ekki hafa verið í betri höndum. „Ég verð samt alltaf stressuð um að þær snúi spurningunum á mig, sem ég veit alveg að þær munu gera,“ skýtur Ólína að og skellir upp úr.

**Út fyrir þægindarammann**

Ólína segist eiga erfitt með að tala fyrir framan hóp af fólki og ekki laust við að sú yfirlýsing komi blaðamanni töluvert á óvart, í ljósi þess að Ólína hefur verið iðin við að stíga á svið og ræða forritun undanfarin ár, og var til að mynda aðalfyrirlesari á Geekiwood-ráðstefnunni í Flórída í fyrra. „Það var til dæmis mjög stressandi, og ég kom beint á eftir fyrirlesara frá NASA,“ bendir hún laufllétt á.

Ólína hefur einnig komið fram á evrópskri kvennaráðstefnu á vegum NMI árið 2012, þá tólf ára, og hélt svo erindi fyrir hönd Jafnréttisstofu á alþjóðlegri jafnréttisráðstefnu í júlí á þessu ári. Hún mun svo messa yfir íslenskum tæknitröllum á Haustráðstefnu Advania í byrjun september. „Ég er bara að ýta mér út fyrir þægindarammann minn, það er gott.“

Spurð um hvað framtíðin beri í skauti sér fyrir unga konu sem gerir nákvæmlega það sem henni sýnist, segist Ólína ekki hafa gert það upp við sig að fullu, en hún hefur hug á að sækja sér menntun í Menntaskólann við Hamrahlíð. „Þá get ég tekið stúdentsprófið á tveimur árum og farið út í skóla, og verið jafngömul hinum nemendunum. Annars ætla ég bara að koma meira fram og taka fleiri viðtöl,“ segir þessi harðduglega hugsjónakona að lokum.

**ÉG SAGÐI KRÖKKUNUM Í BEKKNUM FRÁ ÞESSU SVOLÍTIÐ SEINNA, OG ÞÁ FANNST STRÁKUNUM ÞETTA TÖFF, EN STELPURNAR HÖFÐU ENGAN ÁHUGA. ÞÆR VILDU FREKAR TALA UM DANS.**

gudrun@frettabladid.is



CHALUPA SUPREME
Chalupa fyllt með krydduðu nautahakki, sýrðum rjóma, fersku hökkuðu káli, þriggja osta blöndu og tómötum.
509 kr.
BINGÓ
LAKKRÍSKÚLUR
CHALUPA SUPREME
TACO BELL
CHALUPA SUPREME
Chalupa Supreme, Taco Supreme, Fiesta kartöflur, gos og 100 g poki af Bingókúlum.
1599 kr.
TACO BELL
Taco Bell
Grafarholti – Sími: 588 6959
Hafnarfirði – Sími: 555 0828
www.tacobell.is

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5313 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Frosti Logason



# Ég um mig frá mér til mín

Því miður voru þeir alltof fáir sem hlýddu á áhugaverða predikun sóknarprestsins í Hallgrímskirkju á sunnudaginn. Samkvæmt henni tilheyri ég sérstakri menningu sem kalla má ég-menningu. Þar er ekkert einstaklingnum æðra, engin gildi sem þarf að taka mið af og ekkert sem í raun máli skiptir nema það varði mig eða mitt. Ég-menningin er vefur einstaklingshyggju sem er skeytingarlaus um stórgildi sögu eða þarfir annarra. Síðast en ekki síst er Guð ég-menningarfólki dauður, trúin óþörf og allt sem einstaklingurinn kann ekki við.

Þessi pistill er einmitt lifandi dæmi um þessa ómenningu. Hann fjallar bara um mig og skeytir engu um samfélagið sem ég vex upp úr. Ég er egósentrískur megalómaníak sem tek bara selfie-myndir og nota við það viðurstyggilega selfie-stöng. Ég er illa haldinn af sjálfusótt sem er eins og hver önnur fíkn. Getur verið jafn skefjalaus og hefur líka skelfilegar afleiðingar á umhverfið allt í kringum mig. Ég er að fara með heiminn til fjandans.

Þeir sem tilheyra ég-menningunni standa líka oft og iðulega utan trúfélaga. Það þýðir þó ekki að ég sé undanskilinn sóknargjöldum til ríkiskirkjunnar. Minn þáttur í þeim er nákvæmlega sá sami og þeirra sem eru í trúfélögum og lífsskoðunarfélögum sem fá slík gjöld greidd frá ríkinu. Hvers vegna skyldi það vera?

Samkvæmt predikun prestsins veiklast samfélagsgildin þegar menning Vesturlanda tekur þessa u-beygju sjálfhverfunnar sem ég hef tekið. Ég-menningin setur viðmiðið. Guðstrú og trúarafstaða fólks breytist og það sem ekki þjónar sjálfinu og uppfyllir einkaþarfir er látið gossa. Trúarstofnanir og menningarstofnanir lenda í svelg og týnast í glatkistu sögunnar, segir hann. Þess vegna er ef til vill sjálfsagt að ég borgi sérstakan skatt til samfélagsins. Varla get ég vælt yfir því?

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland



YFIRBURÐIR
Fréttablaðsins staðfestir



